

**SKOÐUN** Sif Sigmarsdóttir biður Jón Gnarr um að senda biskupi jólakort. 25



**MENNING** Saga íslensku þjóðarinnar frá landnámi eftir Jónas Kristjánsson, fyrrum forstöðumann Árnastofnunar. 44



**SPORT** Gunnar Nelson heyr erfiðan bardaga í Wembley Arena um miðjan febrúar. 70




Á náttfötunum um jólin...
JOE BOXER®
Kringlunni, Smáralind og Glerártorgi, Akureyri



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
19. desember 2012
298. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Humarskortur á Íslandi

Fisksalar á Íslandi kvarta undan humarskorti fyrir jól. Kílóverðið komið í átta þúsund krónur. 4

**Óvissa með jólaveðrið** Veðurfræðingar treysta sér ekki til að spá fyrir um jólaveðrið. 2

**Enn óvissa með orku fyrir álver** Rannsóknir þurfa að fara fram vegna orkuöflunar fyrir Helguvík. Fjármögnun ýmissa þátta er eftir. 16

**Drepfyndin og skemmtileg** Bókarýnir er yfir sig hrifinn af nýjustu skáldsögu Auðar Jónsdóttur, Ósjálfrátt, og gefur henni fimm stjörnur. 44




24

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | A | 11 |
| Akureyri | -3° | A | 5 |
| Egilsstaðir | -1° | A | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | A | 13 |
| Reykjavík | 3° | A | 14 |

**STORMUR SYÐST** Í dag verða víða austan 8-15 m/s en 15-23 m/s S-lands. Skýjað með köflum en þykknar upp S- og SA-lands í kvöld. Hiti 0-7 stig en vægt frost NA-til. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk




# Bandaríkin kröfðust hertra varna gegn laumufarþegum

Bandaríkjamenn hóta að færa íslensk skip niður um öryggisflokk ef öryggi í íslenskum höfnum verður ekki aukið. Bréf þeirra til íslenskra yfirvalda fæst ekki afhent. Innanríkisráðherra segir afar vel staðið að málum.

**SAMGÖNGUR** Bandarísk yfirvöld telja öryggi á hafnarsvæðum hérlendis ábótavant og hafa krafist þess að úr því verði bætt. Þau telja óviðunandi að sami, smái hópur komist ítrekað upp með að reyna að lauma sér um borð í skip hér.

Í samskiptum fulltrúa bandaríska heimavarnarráðuneytisins við íslensk yfirvöld hefur komið fram að annars kunni íslensk skip að verða færð niður um öryggisflokk, sem mundi til dæmis kalla á mun ítarlegri skoðun við komuna til Bandaríkjanna en áður.

„Menn vilja hafa það alveg geirneglt að laumufarþegar komist ekki um borð í skip og flugför sem fara hér um," segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, sem tók fyrir nokkrum vikum á móti sendinefnd frá heimavarnarráðuneyti Bandaríkjanna sem hingað kom til að kynna sér aðstæður.

Samkvæmt heimildum blaðsins fundaði hópurinn jafnframt með fulltrúum Siglingastofnunar og hérlendra skipafélaga. Hjá Siglingastofnun var vísað á ráðuneytið vegna málsins og Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, vildi heldur ekkert segja.

Fyrir nokkrum dögum barst Siglingastofnun svo bréf frá Bandaríkjamönnunum í kjölfar heimsóknarinnar. Afrit af því var sent til ráðuneytisins. Heimildir Fréttablaðsins herma að í bréfinu sé látin í ljós talsverð óánægja með viðbrögð íslenskra stjórnvalda í heimsókninni fyrir nokkrum vikum.

Fréttablaðið óskaði eftir því við ráðuneytið að fá bréfið afhent en þeirri beiðni var synjað með vísan til þess að það innihéldi viðkvæmar upplýsingar um siglingaöryggi.

„Satt að segja hef ég sannfærst um það fyrir mitt leyti að það er afar vel staðið að þessum málum hér á landi. Í samræmi við það hef ég átt svolítið erfitt með að skilja strangar aðfinnslur Bandaríkjamanna," segir Ögmundur.

Hann kveðst ekki hafa skoðað bréfið en telji málið þó í góðum farvegi. Það sé mikið hagsmunamál að siglingar um Ísland gangi snurðulaust fyrir sig.

„Ég held að sameiginleg skoðun á málinu muni annars vegar leiða í ljós að þessi mál eru í betra horfi en einhverjir kynnu að hafa haldið og hins vegar að ef eitthvað þurfi að laga þá sé vilji til þess. Að sjálfsögðu yrði það hins vegar gert á okkar forsendum," segir hann. - sh

### Ítrekað reynt að laumast

Síðan í vor hafa menn ítrekað verið gripnir við að reyna að laumast um borð í skip í íslenskum höfnum sem eru á leið til Bandaríkjanna. Það hefur einu sinni tekist, en þá var laumufarþeginn tekinn höndum um borð á leið vestur. Þá tókst tveimur hælisleitendum að laumast um borð í flugvél Icelandair á Keflavíkurflugvelli, sem var á leið til Bandaríkjanna. Þeir fundust áður en vélin fór á loft.



**TÖRN Í SÍLDINNI** Páll Guðmundsson, skipstjóri frá Stykkishólmi, lagði leið sína í Kolgrafafjörð í gær til að sækja sér búbót, en með honum í för var eiginkona hans, Ólöf Þórey Ellertsdóttir. Síldin verður þó ekki á þeirra borðum um jólin heldur fá skepnurnar að njóta þessa óvænta fengs. Sjá síðu 20. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Glitnir sækir um undanþágu:

## Seðlabanki fær neitunarvald

**VIÐSKIPTI** **Þrotabú Glitnis hefur formlega óskað eftir samþykki Seðlabanka Íslands fyrir undanþágu frá gjaldeyrishöftum til að geta staðfest fyrirhugaðan nauðasamning sinn.**

**Tillaga Glitnis felur meðal annars í sér útgáfu á svokölluðu gullnu hlutabréfi (e. golden share) sem gefið yrði út til Seðlabankans og myndi tryggja honum neitunarvald gagnvart breytingum á samþykktum þess eignaumsýslufélags sem verður til við nauðasamningaferlinu loknu.**

**Seðlabankinn myndi til dæmis geta hafnað breytingum á fjárfestingastefnu félagsins eða brottflutningi þess úr landi.**

- þsj / sjá síðu 18

Þrjár breiðskífur urðu nánast hnífjafnar í kosningu Fréttablaðsins:

## Önnur Mósebók er plata ársins

**TÓNLIST** Önnur Mósebók, breiðskífa hljómsveitarinnar Moses Hightower, er besta íslenska plata ársins 2012 að mati sérfræðinga Fréttablaðsins.

Atkvæðin í kosningunni skiptust jafnar en oft áður og urðu þrjár efstu plöturnar nánast hnífjafnar. Önnur plata Moses Hightower og plata Retro Stefson fengu báðar 31 stig, en plata Moses Hightower tekur toppsætið þar sem hún er með fleiri tilnefningar.

Fast á hæla þeirra kemur svo nýstirni ársins, Ásgeir Trausti, en platan hans Dýrð í dauðaþögn fær 30 stig. Hún er jafnframt langmest selda plata ársins.

Plötuútgáfunni Record Records hefur gengið vel í ár ef marka má listann. Hún á fjórar plötur á meðal þeirra tíu efstu.



- tj / sjá síðu 56


ROYAL
Tryggir öruggan bakstur






GEFÐU ÁVÍSUN Á GÓÐA HEILSU Í JÓLAGJÖF
LAUGAR SPA
laugarspa.is
World Class ICELAND
worldclass.is

5 DAGAR TIL JÓLA
OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD
AF ÖLLU HJARTA
Kringlan

## SPURNING DAGSINS



Hallfríður, spilið þið „unplugged“?

**„Já, því við og Mozart erum svo mögnuð.“**

Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og félagar hennar í kammerhópnum Camerarcticu spila við kertaljós í fjórum kirkjum á höfuðborgarsvæðinu í vikunni og um helgina.

Veðurfræðingar treysta sér ekki til að spá fyrir um snjóþekju á jólunum en búast við umhleypingum:

# Hvít jól algengari en rauð á síðustu árum

**VEÐUR** Veðurfræðingar á Veðurstofu Íslands treysta sér ekki enn til að spá fyrir um hvort jólin verði rauð eða hvít þetta árið, og segja óvissu í veðurspám of mikla. Á síðustu átján árum hafa hvít jól verið örlítið algengari en rauð á höfuðborgarsvæðinu.

Eftir frost og stillu síðustu daga eru umhleypingar í kortunum. Hitastig fer hækkandi og von er á úrkomu víða um land samkvæmt spám Veðurstofunnar. Mikil óvissa er um veður á aðfangadag, en nýjustu spár gera ráð fyrir stífri austan- og norðaustanátt með rigningu víða, en slyddu eða snjókomu norðan til.

Ómögulegt er því að spá með nokkurri vissu um hvort jólin verði rauð eða hvít, þó líkurnar á rauðum jólum séu mögulega minni en stundum vegna umhleypinganna fram undan.

Samkvæmt mælingum Veðurstofunnar hafa verið hvít jól í Reykjavík í tíu af síðustu 18 árum, eða í nærri 56 prósentum tilvika, segir Guðrún Nína Petersen, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. Miðað er við snjóþekju klukkan 9 að morgni jóladags.

Oftar er hvítt á Akureyri um jólin, eða í um 61 prósenti tilvika á síðustu 18 árum. Á Bolungarvík er hlutfallið það sama og í Reykjavík, 56 prósent, og á Kirkjubæjarklaustri hafa jólin verið hvít í nákvæmlega helmingi tilvika frá árinu 1994. **- bj**






**FJÖLBREYTTAR GJAFIR** Árleg jólahlutun Mæðrastyrksnefndar hefst í dag á Fosshálsi 7. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jólaúthlutun Mæðrastyrksnefndar hefst í dag:

# Segir ástandið verra

**GÓÐGERÐARMÁL „Þörfin er mjög mikil í ár og við sjáum ekki að fólk hafi það betra en áður heldur þveröfugt,“ segir Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar. Fjölgað hefur í hópi eldri borgara, yngra fólks og stærri fjölskyldna hjá samtökunum sé miðað við síðasta ár. „Þessir hópar eru mjög illa settir.“**

**Árleg jólaúthlutun Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur fer fram að Fosshálsi 7 í dag og var undirbúningur í fullum gangi í gær.**

**„Við höfum verið að taka á móti gjöfum síðan í nóvember og okkur reiknast að þetta sé á fjórða þúsund úthlutanir,“ segir Ragnhildur. „En það eru nokkrir einstaklingar á bak við hverja úthlutun, svo þeir sem nýta sér þjónustu okkar eru mun fleiri.“**

**Mæðrastyrksnefnd hefur fundið fyrir miklum velvilja frá félagasamtökum, einstaklingum og fyrirtækjum þetta árið og segist Ragnheiður vera afar þakklát fyrir það traust sem samtökunum er sýnt með því að trúa þeim fyrir verðmætunum.** **- sv**

Instagram gerir breytingar:

# Selja myndir án leyfis notenda

**SAMFÉLAGSMIÐLAR** Instagram-vefurinn áskilur sér nú rétt til að selja ljósmyndir notenda sinna án þess að láta þá vita. Höfundar ljósmyndanna munu ekki geta farið fram á greiðslu vegna þessa. Eru þetta fyrstu breytingar á skilmálum Instagram frá því að Facebook keypti samskiptavefinn fyrr á þessu ári.

Hinir breyttu notendaskilmálar taka gildi þann 16. janúar. Notendur sem samþykkja ekki breytingarnar verða því að segja skilið við samskiptavefinn fyrir fullt og allt.

Íslendingum gæti fjölgar:

# 38 fái ríkisborgararétt

**ALÞINGI Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur lagt fram frumvarp um veitingu ríkisborgararéttar. Alls bárust 73 umsóknir og er lagt til að 38 einstaklingar fái ríkisborgararétt.**

**Flestir koma frá Kólumbíu eða þrettán, þrír koma frá Íran og þrír frá Mexíkó. Þá er fólk á listanum frá Jamaíku, Úganda og Gana svo fáein lönd séu nefnd.**

**Sá elsti sem hlýtur ríkisborgararétt er fæddur 1950 og kemur frá Víetnam. Sá yngsti er fæddur 2005 og kemur frá Bandaríkjunum.**

# Fjórbrotinn í andliti eftir árás við Bar 11

Ungur maður sem varð fyrir fólskulegri líkamsárás á Hverfisgötu aðfaranótt laugardags vill eftirlitsmyndavélar um allan miðbæ. Hann er fjórbrotinn í andliti og þurfti í aðgerð eftir að hafa verið sleginn í höfuðið af óþekktum árásarmanni.

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta hefði getað farið miklu verr,“ segir Arnar Þór Ingólfsson háskólanemi sem varð fyrir fólskulegri árás á Hverfisgötu aðfaranótt laugardags. Hann var sleginn í höfuðið af óþekktum árásarmanni.

Arnar er fjórbrotinn í andliti eftir árásina og ekki er víst hvort hann fái aftur tilfinningu í hluta andlitsins. Hann var að skemmta sér með vinum sínum á Ellefunni við Hverfisgötu. „Ég man mjög vel eftir mér með vinum mínum inni á staðnum en eftir að ég fór út man ég lítið,“ segir Arnar. „Ég man óljóst eftir því að hafa legið á jörðinni og staðið á fætur. Svo fór ég bara í leigubíl og heim.“

Það var ekki fyrr en daginn eftir að Arnar áttaði sig á því að eitthvað alvarlegra væri að. Hann fór og hitti vini sína morguninn eftir árásina, „svo áttaði ég mig á því að það var eitthvað aðeins meira að þegar ég gat ekki opnað munninn til að borða.“

Arnar hafði ætlað að keyra til Þorlákshafnar þar sem hann ætlaði að mæta í vinnu á laugardagskvöld, en fjölskyldan hans býr þar. Frænka hans stöðvaði hann þó. „Henni leist ekki á að ég færi að keyra yfir heiðina enda sá ég ekkert með hægra auganu. Hún fór með mig á Slysó.“

Í ljós kom að Arnar er fjórbrotinn í andliti. Hann þurfti að fara í aðgerð og var tveimur plötum komið fyrir. Ekki er víst að hann fái tilfinninguna aftur í þennan hluta andlitsins.

Arnar er nú kominn heim af spítalanum og segist hafa það ágætt, en geri ekkert annað en að liggja fyrir. „Ég sé nokkuð rétt með auganu, það er heppni að ég geri það.“



**MARGBROTINN** Arnar á spítalanum. Hann fór heim eftir árásina og daginn eftir gat hann ekki opnað munninn og sá ekki með hægra auganu.

## Lögreglan leitar vitna að árásinni

Árásin á Arnar varð milli klukkan tvö og þrjú aðfaranótt laugardags fyrir utan eða í nágrenni við Bar 11. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar árásarmannsins og biður vitni um að hafa samband í síma 444-1000 eða á tölvupóstfangið abending@lrh.is.

Lögregla ræddi við Arnar í gær vegna málsins en í ljós hefur komið að engar eftirlitsmyndavélar eru á svæðinu þar sem árásin átti sér stað. „Það er mjög leiðinlegt að það séu ekki myndavélar þarna og í bænum almennt. Það er alltaf að koma eitthvað svona upp á og það er betra að hafa myndavélar úti um allt, eins og tíðkast víða í nágrannalöndunum.“

**thorunn@frettabladid.is**




Undirbúningur staðið yfir lengi en háskerpuútsending hefst í dag:

# Stöð 2 send út í háskerpu

**SJÓNVARP** Stöð 2 hefur í dag formlega útsendingu í háskerpu, HD, og verður þar með fyrst íslenskra sjónvarpsstöðva til að bjóða upp á reglubundnar útsendingar í háskerpu.

„Fyrsta háskerpurásin okkar fór í loftið fyrir allnokkru síðan, það var fyrri sportrásin, og seinni sportrásin fór í loftið í háskerpu í ágúst. Síðasti leggurinn er svo Stöð 2 sem fer í háskerpu nú. Þetta er þó búið að vera í undirbúningi í langan tíma,“ segir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2.

„Háskerpuútsending er margföld myndupplausn þannig að gæði sjónvarpsútsendingarinnar aukast til mikilla muna. Jóladagskráin okkar verður í leiftrandi háskerpu.“

Til þess að geta tekið við háskerpuútsendingum þarf bæði háskerpusjónvarp og myndlykil sem tekur við háskerpu. Áskrifendur með nettengda myndlykla geta séð Stöð 2 í háskerpu, viðskiptavinir Vodafone á rás 502 og viðskiptavinir Símans á rás 203. Stöð 2 HD er líka aðgengileg í gegnum örbylgjuútsendingar.

Ekki verður rukkað HD-gjald fyrir aðgang að háskerpustöðvunum næstu þrjá mánuðina.



**HÁSKERPA** Nýjasta viðbóti við framtíðarþjónustu Stöðvar 2.




**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Geysir Skólavörðustíg og Akureyri opið frá 10 til 22 fram að jólum. Opið til 23.30 á Þorláksmessu. og Geysir Haukadal. Sími 519 6000.

**GENGIÐ**
18.12.2012

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,81 | 126,41 |
| Sterlingspund | 204,05 | 205,05 |
| Evra | 165,84 | 166,76 |
| Dönsk króna | 22,227 | 22,357 |
| Norsk króna | 22,46 | 22,592 |
| Sænsk króna | 19,014 | 19,126 |
| Japanskt jen | 1,4989 | 1,5077 |
| SDR | 193,89 | 195,05 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
227,7614

Jalal Talabani Íraksforseti liggur á sjúkrahúsi eftir að hann fékk heilablóðfall:

# Veikindi vekja óvissu um framtíð Íraks

**ÍRAK, AP** Jalal Talabani, forseti Íraks, liggur á sjúkrahúsi í Bagdad eftir að hafa fengið heilablóðfall. Þar með er komin upp töluverð óvissa um framtíð landsins, nú þegar ár er liðið frá því bandaríski herinn fór heim.

Forsetaembættið sjálft er að vísu valdalítið, en Talabani hefur tekist þokkalega upp við að miðla málum milli andstæðra fylkinga, þótt átök séu enn nokkuð tíð, einkum milli súnnímúslima og sjía-múslima.

Sjálfur er Talabani Kúrdi, og hefur tekið virkan þátt í samningaviðræðum milli stjórnarinnar og minnihluta Kúrda í norðanverðu landinu. Nokkrir háttsettir embættismenn, þar á meðal Nouri al-Maliki forsætisráðherra, hafa heimsótt Talabani á sjúkrahúsið, sem er umkringt vopnuðum vörðum.

Þótt Bandaríkjaher hafi farið frá Írak fyrir ári eru Bandaríkjamenn enn býsna áberandi þar.

Bandaríska sendiráðið er í mikilli byggingu í miðborg Bagdad og bandarískir embættismenn fara reglulega í heimsókn til landsins.

Þá eru bandarísk fyrirtæki stöðugt á höttunum eftir íraskri olíu. Svo er enn hópur bandarískra hermanna í Írak, en hlutverk þeirra er einkum að sjá um þjálfun íraskra hermanna. - gb



**JALAL TALABANI OG DAVID PETRAEUS** Forseti Íraks ásamt þáverandi yfirmanni bandaríska herliðsins á fundi í Bagdad árið 2010. NORDICPHOTOS/AFP



**FRÁ ÞJÓÐHÁTÍÐ** Eyjamenn eru ósáttir við hækkunina.

Óánægja meðal Eyjamanna:

## Mótmæli gegn hækkun í ferju

**VESTMANNAEYJAR** „Slíkar álögur á fjölskyldur í Vestmannaeyjum eru ekki á neinn máta eðlilegar,“ segir bæjarráð Vestmannaeyja, sem mótmælir harðlega fyrirhugaðri hækkun á gjaldskrá Herjólfs.

Bæjarráðið segir að kostnaður fyrir fjögurra manna fjölskyldu sem ferðast milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar með bíl sinn og nýti kojur sé í dag „hvorki meiri né minni en 34.740 krónur“. Með fyrirhugaðri hækkun verði kostnaður þessarar fjölskyldu við að komast í vegasamband með því að nýta Herjólf 38.214 krónur.

„Þingmenn Suðurlands eru hvattir til að láta að sér kveða í þessu máli,“ segir bæjarráðið. - gar

Rafbílasambandið stofnað:

## Efla og þróa rafbílagreinina

**SAMGÖNGUR** Rafbílasamband Íslands, sem er samband eigenda og söluaðila rafbíla, var stofnað í gær. Um tuttugu rafbílar eru nú þegar á Íslandi og mættu átta rafbílaeigendur í Kringluna til að taka þátt í stofnun félagsins.

Íslandsmet var slegið í leiðinni, því aldrei hafa jafn margir rafbílar verið samankomnir á einum stað á Íslandi áður.

Tilgangur sambandsins er meðal annars að efla og þróa rafbílagreinina á Íslandi.

# Kvarta undan humarskorti

Minna er til skiptanna innanlands af stórum humri. Meira er flutt út af heilum humri og hölum en áður. Fiskverslanir sem eiga stóran humar í sölu hafa þurft að safna á lager frá því í sumar. Kílóverðið um 7.900 krónur.

**VERSLUN** Dæmi eru um að fiskbúðir á höfuðborgarsvæðinu séu alveg uppiskroppa með stóra humarhala. Humarhalar í stærðarflokknum 40 til 70 grömm eru vinsæl hátíðarmatur. Útflutningur á heilum humri og humarhölum hefur aukist og því minna til skiptanna á innanlandsmarkaði.

„Ég hef ekki fengið neinn humar núna fyrir jólin og lifi bara á gömlum birgðum,“ segir Ásmundur Karlsson, fisksali og veitingamaður í Gallerí Fiski. Nóg sé þó til af smáum og millistærðarhumri. „En mig vantar stærsta og flottasta humarinn og hann virðist ekki vera til á landinu.“

Stöku verslanir með fisk sem sýnt hafa sérstaka fyrirhyggju í birgðahaldi eiga þó enn stóra humarhala. Páll H. Pálsson, í Hafinu fiskverslun í Kópavogi, segir allt hafa selst upp hjá þeim fyrir jól í fyrra og þeir því sankað meiru að sér núna. „Við eigum að vera góðir fram að áramótum,“ segir hann.

Svipaða sögu segir Kristján Berg, fisksali í Fiskikónginum. „Ég er byrjaður að kaupa inn fyrir jólin á sumrin og ligg inni á lager með um 20 milljónir króna bara í humri.“ Hann segir hins vegar mega gefa sér að allt seljist sem sé til, því fólk horfi alla jafna ekki í verðið þegar það ætli að gera vel við sig einu sinni á ári.

Kílóverðið á stórum humarhölum stendur núna í 7.900 krónum. Álagninguna segir Kristján þó vera mun minni en á öðru sjávarfangi sem hann er með í sölu. „Þetta kostar 6.900 í innkaupum plús skattur,“ segir hann. Verð sem fáist fyrir humar erlendis hafi hins vegar hækkað um 30 prósent milli ára. „Þeir sem selja humar eru náttúrulega bara í bisness og innanlandsmarkaðurinn hefur sín þolmörk.“



**HÁTÍÐARMATUR** Stórir humarhalar eru vinsælir á hátíðarborðið, en smærri humar er gjarnan notaður í súpur og aðra rétti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Ég er byrjaður að kaupa inn fyrir jólin á sumrin og ligg inni á lager með um 20 milljónir króna bara í humri.**
>
> *Kristján Berg fisksali*

Guðmundur H. Gunnarsson, framleiðslustjóri hjá Skinney-Þinganesi, segir gott verð hafa fengist fyrir heilan humar á markaði í Suður-Evrópu. „Og þar af leiðandi minnkar framleiðslan á hölum. En svo hefur líka verið góður markaður fyrir þá, sérstaklega í Norður-Ameríku,“ segir hann. Þá hafi framleiðendur lagt áherslu á að auka gæði. Við það brotni síður skeljar og hlutur heils humars aukist í sölunni.

Guðmundur segir humarvertíðina standa frá mars og fram í nóvember og að veiði hafi síst verið minni en í fyrra. „En innanlandsmarkaður mætir bara harðri samkeppni, líka út af gengismálum og slíku. Það er erfitt að keppa við það verð sem hægt er að hafa í útflutningnum.“

**olikr@frettabladid.is**

### Stærsti humar sem sögur fara af



Stærsti leturhumar sem sögur fara af á Íslandsmiðum veiddist í nóvember síðastliðnum. Fram kemur á vef Hafrannsóknastofnunarinnar að heildarlengd hans hafi numið hálfum metra og hann vegið 490 grömm, en skjaldarlengd hafi numið 88 millimetrum „Humarinn var veiddur í humartroll á Jóni á Hofi ÁR út af Selvogi. Eldra stærðarmet átti humar sem var 85 millimetrar að skjaldarlengd og veiddist árið 2008 norður af Eldey.“ Haft er eftir Hrafnkeli Eiríkssyni fiskifræðingi að mikið hafi orðið vart við stóran humar síðan árið 2007, sérstaklega við suðvestanvert landið. Hann tengir þróunina minni sókn og hugsanlega hækkandi hitastigi sjávar. „Humarinn er langlíf tegund og er stóri humarinn talinn vera að minnsta kosti 20 ára.“


Klassískar kiljur í hundraðatali
Tilvalin jólagjöf!



Collins Classics ritröðin: 549 kr.

Mikið úrval bóka á góðu verði.
Jólatilboð á tugum nýrra íslenskra bóka.
Kynntu þér úrvalið á boksala.is

bóksala stúdenta
Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 boksala@boksala.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HVASST Í DAG** einkum um sunnanvert landið og má búast við hvössum vindstrengjum við fjöll. Dregur úr vindi á morgun en verðum áfram í austlægum áttum. Úrkoma suðaustan til en annars úrkomulítið. Hlýnandi veður.




**Á morgun**
8-13 m/s.




**Föstudagur**
8-18 m/s, hvassast syðst.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Billund | 2° | Gautaborg | 0° | London | 8° | Orlando | 24° | San Francisco | 12° |
| Basel | 5° | Frankfurt | 7° | Kaupmannahöfn | 0° | Mallorca | 18° | Ósló | -6° | Stokkhólmur | -1° |
| Berlín | 3° | Friedrichshafen | 2° | Las Palmas | 24° | New York | 9° | París | 7° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*









## GARÐHEIMAR UM HELGINA

Það er kósí stemning í gróðurhúsinu okkar þar sem jólatrén ilma. Við bjóðum þér upp á heitt kakó meðan þú velur þér draumatréð. Með kaupum á jólatré hjá okkur styrkir þú Mæðrastyrksnefnd í leiðinni.

FLEIRI TILBOÐ Á GARÐHEIMAR.IS •

## AFGREIÐSLUTÍMI UM JÓLIN

Opið til 22:00 öll kvöld
Þorláksmessa opið til 23:00
Aðfangadagur opið til 14:00
Jóladagur og Annar í jólum lokað

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað eru Bandaríkjamenn margir?
**2.** Hvað er hátt hlutfall kennara í framhaldsskóla með kennsluréttindi?
**3.** Hvaða leikmaður Manchester City er farinn í mál við félagið?

**SVÖR**

**1.** Þeir eru um 312 milljónir alls. **2.** 86%. **3.** Mario Balotelli.

Innanríkisráðherra tekur undir með fangavörðum sem gagnrýna öryggismál:

# Hættulegur og gengur enn laus

**LÖGREGLUMÁL** „Ég skil mjög vel gagnrýni og aðfinnslur Fangavarðafélagsins og fangelsisyfirvalda,“ segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra vegna þeirrar umræðu sem skapast hefur eftir að ofbeldismaðurinn Matthías Máni Erlingsson strauk af Litla-Hrauni í fyrradag.

„Ég mun vilja fara yfir þetta með fangelsisyfirvöldum og fulltrúa Fangavarðafélagsins og hlusta á þeirra sjónarmið,“ segir Ögmundur sem kveður mikinn niðurskurð hafa verið til fangelsismála á undanförnum árum. Augljóst sé að sjái þegar framlögin séu skert um 20 til 25 prósent.

„Hins vegar erum við núna að ráðast í umtalsverðar úrbætur. Í fyrsta lagi hefur verið sett viðbótarfjármagn til að bæta aðstöðuna í fangelsum landsins – þótt enn sé það af skornum skammti – og síðan erum við að ráðast í smíði nýs fangelsis á Hólmsheiði, sem mun gjörbreyta stöðunni,“ segir Ögmundur. Hann boðar einnig að ýmsar breytingar á lögum fækki þeim sem afpláni refsingu í fangelsi. Það muni draga úr álaginu á fangelsiskerfið.

Matthías Máni afplánar dóm fyrir tilraun til manndráps. Hann er 171 sentimetri á hæð. Ábendingar hafa borist um að til hans hafi sést víða á suðvesturhorninu eftir strokið. **- sh, gar**



**MATTHÍAS MÁNI ERLINGSSON** Hóf í september afplánun fimm ára dóms fyrir gróft ofbeldi gegn stjúpu sinni.



**BJÖRGUN** Gabb sem þetta getur kostað stórfé. MYND/ÚR SAFNI

Björgunarsveitir blekktar:

## Útkall reyndist ljótur hrekkur

**ÖRYGGISMÁL** Björgunarsveitir frá Reykhólum og Hólmavík voru kallaðar út á laugardag eftir að neyðarkall barst til stjórnstöðvar Landhelgisgæslu Íslands, vaktstöðvar siglinga, í gegnum neyðarkallsrás. Var tilkynnt um að bifreið væri í kröggum á Þorskafjarðarheiði.

Neyðarkallinu var strax svarað og leituðu sveitirnar á heiðinni án árangurs.

Talið er líklegt að um gabb hafi verið að ræða, og segir á vef LHG að um mjög alvarlegt mál sé að ræða þegar björgunarfólk er sent erindisleysu. Þarf vart að taka fram að gabb sem þetta getur tafið önnur mikilvæg björgunarverkefni, og kostar þar að auki bæði tíma og peninga. **- shá**

Samsung dregur í land:

## Hætt við mál gegn Apple

**TÆKNI** Suðurkóreski tæknirisinn Samsung hefur dregið lögbannskröfu sína á vörur Apple til baka. Málið tekur til sölu á vörum Apple í Evrópu. Samsung hélt því upphaflega fram að Apple hefði nýtt sér höfundarréttarvarinn hugbúnað sinn í snjallsímum sínum og spjaldtölvum.

Síðustu misseri hafa Samsung og Apple tekist á í dómsölum víða um heim. Oftar en ekki er þrætueplið hið sama, annað fyrirtækið sakar hitt um að brjóta á lögum um hugverkavernd.

# Lagabreyting ógnar starfsendurhæfingu

Breytingar á lögum um atvinnutengda starfsendurhæfingu ógna framtíð starfsendurhæfingarstöðva í landinu. Óvíst um fjárveitingar starfsendurhæfingarstöðva. Forsvarsmenn krefja ráðherra um svör. Allt fjárveitingarvald færist yfir til VIRK.

**VELFERÐARMÁL** „Lögin geta valdið því að þeir sem eru veikastir og þurfa lengst úrræði gætu orðið af þessari þjónustu sem allir eiga þó rétt á,“ segir Kristín Siggeirsdóttir, framkvæmdastjóri Janusar endurhæfingar. „Vegna mikils skorts á samfelldri og langvinnri endurhæfingu erum við að horfa upp á það að einstaklingar með þung geðræn vandamál virðast lenda á milli skips og bryggju.“

Mikil óvissa ríkir nú um framtíð starfsendurhæfingarstöðva í landinu. Breyting á lögum um málaflokkinn síðan í sumar hefur í för með sér að velferðarráðuneyti hættir að gera þjónustusamninga við starfsendurhæfingarstöðvar á landinu og öll ábyrgð á málaflokknum færist yfir til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs.

Uggur er meðal starfsfólks starfsendurhæfingarstöðva víðs vegar um landið vegna þessa.

Lögin gilda um starfsendurhæfingarsjóði, framlög til þeirra og rétt einstaklinga til atvinnutengdrar starfsendurhæfingar á vegum slíkra sjóða. Við gildistöku laganna hætti ríkið að taka þátt í og bera ábyrgð á starfsendurhæfingu á Íslandi og flutti ábyrgðina alfarið yfir til aðila vinnumarkaðarins.

Að mati Kristínar gæti þetta komið í veg fyrir að allir þeir einstaklingar sem eiga rétt á og eru með flókin vandamál sem þarfnast langtímastarfsendurhæfingar fái notið þjónustu Janusar endurhæfingar. Með breytingum á fjárveitingaferli til Janusar sé alls óvíst hvort starfsemin geti verið með óbreyttu sniði þar á næsta ári.



**ENDURHÆFING** Framkvæmdastjóri Janusar telur hin nýju lög geta orðið til þess að þeir sem þurfa mest á endurhæfingu að halda missi þjónustuna. NORDICPHOTOS/GETTY

Kristín hefur fundað með Guðbjarti Hannessyni velferðarráðherra um málið og er vongóð um að farsæl lending náist á næstunni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa starfsmenn annarra starfsendurhæfingarstöðva á landinu einnig gagnrýnt lagabreytingarnar og farið fram á útskýringar frá ráðuneytinu. **sunna@frettabladid.is**

> **Einstaklingar með þung geðræn vandamál virðast lenda á milli skips og bryggju**
>
> *Kristín Siggeirsdóttir framkvæmdastjóri Janusar*



**SKÁLAFELL** Opið verður um helgar.

Líf á skíðasvæðunum:

## Skálafell mun opna 1. febrúar

**ÚTIVIST** Undirbúningur vegna opnunar skíðasvæðisins í Skálafelli hefst í janúar og verður opið þar um helgar frá 1. febrúar.

Þetta kom fram á fundi stjórnar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins á mánudag. Í Bláfjöllum hefur verið bætt við miðasölubás fyrir dagskortasölu í Bláfjöllum og einnig hjá N1 Lækjargötu í Hafnarfirði.

Tilboð er í desember á vetrarkortum. Svokallað töfrateppi er tilbúið til notkunar og lýsing þar klár. Og nú eru einnig rail, box og pallar í Bláfjöllum tilbúin. **- gar**

Neytendasamtökin ósátt:

## Leggjast gegn sykurskattinum

**NEYTENDAMÁL** Neytendasamtökin leggjast gegn auknum álögum á neysluvörur „og er „sykurskatturinn“ engin undantekning“, segir á vef Neytendasamtakanna.

„Ekki er gert lítið úr mikilvægi þess að þjóðin dragi úr sykurneyslu og bæti mataræðið. Ef markmiðið er að berjast gegn vaxandi offitu og öðrum sjúkdómum sem rekja má til rangs mataræðis telja Neytendasamtökin þó miklu nær að yfirvöld tryggi að merkingar á matvælum séu skiljanlegar. Það ætti að vera fyrsta skrefið.“




Hlutabréf Vodafone tekin til viðskipta í Kauphöll:

# Vodafone hækkaði á fyrsta degi

**VIÐSKIPTI** Hlutabréf í Vodafone voru tekin til viðskipta í Kauphöll Íslands í gærmorgun. Skráningargengi bréfanna var 31,5 krónur á hlut en í lok dags hafði gengið hækkað í 32,2 krónur á hlut í 162 milljóna króna viðskiptum. Alls hækkaði gengi bréfanna því um 2,2 prósent á fyrsta degi viðskipta. Miðað við gengið í lok dags í gær er markaðsvirði Vodafone um 10,8 milljarðar króna.

Vodafone hefur undanfarin misseri verið að mestu í eigu Framtakssjóðs Íslands (FSÍ). Sjóðurinn seldi sextíu prósenta hlut í félaginu í útboði í byrjun desembermánaðar. FSÍ er enn stærsti einstaki eigandi Vodafone með 19,7 prósenta hlut. Lífeyrissjóður verslunarmanna kemur þar á eftir með 12,3 prósent og Ursus ehf., félag í eigu Heiðars Más Guðjónssonar, er þriðji stærsti eigandinn með 4,7 prósenta hlut.

Í tilkynningu til Kauphallar er haft eftir Ómari Svavarssyni, forstjóra Vodafone, að með skráningu félagsins hafi ný atvinnugrein bæst við á hlutabréfamarkaðinn. „Skráningarferlið hefur á undanförnum mánuðum verið bæði krefjandi og gagnlegt. Við höfum velt við hverjum steini í rekstrinum og hlökkum til verunnar á hlutabréfamarkaðnum.“ **- þsj**




**SKRÁNING** Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, og Ómar Svavarsson, forstjóri Vodafone, við upphaf viðskipta í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Framtíðarreikningur Íslandsbanka er verðmæt gjöf sem vex með barninu. Hann er bundinn þar til barnið verður 18 ára og ber hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans hverju sinni.

Með því að stofna Framtíðarreikning í nafni barns safna ástvinir fyrir það í sjóð sem getur seinna meir orðið ómetanlegt veganesti út í lífið.

**Þú finnur sérfræðinga í sparnaði í þínu útibúi.**



**Jólakaupauki!**

Öllum nýjum Framtíðarreikningum og innlögnum yfir 2.000 kr. fylgir bolur eða geisladiskur.*

* Meðan birgðir endast.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

# HEIMURINN




### Sýknaður af stríðsglæpum

**1 KONGÓ** Alþjóðlegi sakadómstóllinn í Haag hefur sýknað Mathieu Ngudjolo, leiðtoga vopnasveita í Austur-Kongó, af öllum ákærum um stríðsglæpi í tengslum við árásir manna hans á þorp í austurhluta landsins árið 2003.

Hersveitir Ngudjolos lögðu þorpið í rúst, nauðguðu og myrtu um 200 manns, þar á meðal börn.

Dómstóllinn taldi saksóknara ekki hafa getað fært trúverðugar sönnur á að Ngudjolo hefði sjálfur vitað af glæpunum. Dómararnir tóku þó fram að enginn vafi léki á að þessi voðaverk hefðu verið framin.

### Heimsendafólk handtekið

**2 KÍNA** Kínverska lögreglan hefur handtekið meira en hundrað manns fyrir að breiða út orðróm um að heimsendir sé yfirvofandi. Nærri helmingur hinna handteknu er liðsmenn í kristnum söfnuði, sem trúir því meðal annars að Jesús Kristur hafi snúið aftur sem kvenmaður í Kína. Lögreglan lagði jafnframt hald á bækur, bæklinga, myndbandsdiska og fleira úr fórum safnaðarins, sem notað hefur verið til að breiða út heimsendatrú. Söfnuðurinn hefur reyndar einnig hvatt fólk til að stofna nýtt ríki í Kína, reist á guðstrú.

### Myrtu hjúkrunarfólk

**3 PAKISTAN** Hópar vopnaðra manna myrtu fimm manns á tveimur stöðum í Pakistan, þar sem hjúkrunarfólk á vegum Sameinuðu þjóðanna vann að því að bólusetja heimamenn gegn mænusótt. Árásirnar þykja mikið áfall fyrir herferð gegn mænusótt í landinu. Hreyfing talibana í Pakistan telur að bólusetningarstöðvarnar séu aðeins yfirvarp fyrir njósnastarfsemi. Á síðasta ári kom í ljós að pakistanskur læknir hafði þóst stunda bólusetningar til þess að hjálpa bandarísku leyniþjónustunni að hafa uppi á Osama bin Laden.

## Drottningin á ríkisstjórnarfundi



**Í FYRSTA SINN Á RÍKISSTJÓRNARFUNDI** Elísabet Bretadrottning stillti sér upp ásamt David Cameron forsætisráðherra og ríkisstjórn hans í gær, eftir að hún mætti á ríkisstjórnarfund í fyrsta sinn. Það gerði hún í tilefni þess að hún hefur verið drottning í sextíu ár, en síðast lét þjóðhöfðingi í Bretlandi sjá sig á ríkisstjórnarfundi árið 1781. NORDICPHOTOS/AFP

# Fjölmiðlar úr takti ali ekki á misklíðinni

Eftirlitsnefnd segir fjármálafyrirtæki þurfa að sitja þegjandi undir umfjöllun fjölmiðla. Viðskiptamenn þeirra hafi ekki samþykkt að aflétta bankaleynd.

**FJÁRMÁL** Mikilvægt er að fjölmiðlar ali ekki á misklíð, segir eftirlitsnefnd Alþingis um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins.

Eftirlitsnefndin segir í fjórðu áfangaskýrslu sinni fjármálafyrirtæki í meginatriðum hafa fylgt lögum og jafnræðis verið gætt við fjárhagslega endurskipulagningu 650 minni og meðalstórra fyrirtækja með skuldir undir einum milljarði króna.

Sérstaklega er vikið að umfjöllun fjölmiðla um skuldamál einstaklinga og fyrirtækja. Nefndin hafi skoðað öll slík mál sem snerta eftirlitssvið hennar

„Hefur niðurstaðan alla jafna verið á þann veg að vinnsla þeirra sé innan þeirra viðmiða sem unnið skyldi eftir. Umfjöllun um þau hefur því hvorki verið í takt við efni máls né byggð á öllum staðreyndum sem máli skipta,“ segir eftirlitsnefndin.

„Um er að ræða málefni sem sæta bankaleynd og því geta fjármálafyrirtækin ekki fjallað um þau opinberlega og verða að sitja þegjandi undir fréttaflutningi, hvort sem hann er réttur eða rangur. Upp hafa komið tilvik þar sem fjármálafyrirtæki hafa óskað eftir því við viðskiptamann að leynd yrði aflétt í máli hans þannig að skýra megi mál en án þess að það hafi verið samþykkt.“

Þá segir nefndin mikilvægt að fjölmiðlar sem fjalla um mál sem tengjast fjárhagslegri endurskipulagningu kynni sér málin „af kostgæfni og með upplýsingu almennings og almannahagsmuni að leiðarljósi“. Það megi meðal annars gera með því að viðmælendur verði beðnir um rökstuðning og gögn staðhæfingum sínum til stuðnings.

„Mikil ábyrgð hvílir á fréttamiðlum sem flytja fréttir um að þær verði ekki til þess að villa um fyrir viðtakendum eða ali á óánægju og misklíð,“ undirstrikar nefndin.

Engin dæmi eru tiltekin í skýrslu eftirlitsnefndarinnar um ranga umfjöllun fjölmiðla. María Thejll, formaður nefndarinnar, skýrir það með því að nefndin sé háð bankaleynd.

„Við getum sagt að þetta sé meira og minna í umfjöllun fjölmiðla því þeir eru ekki með allar upplýsingar í málunum. Fjölmiðlar þurfa að setja sig inn í út á hvað lög og reglur ganga og fá síðan bæði einstaklinga og fyrirtæki, sem halda því fram að það sé verið að gera eitthvað annað heldur en samræmist lögum og reglum, til að leggja sitt á borðið áður en það byrjar hér æsifréttamennska út og suður,“ segir María Thejll.

gar@frettabladid.is

> **„Við getum sagt að þetta sé meira og minna í umfjöllun fjölmiðla því þeir eru ekki með allar upplýsingar í málunum.**
>
> *María Thejll, formaður eftirlitsnefndarinnar.*

## Eftirlitsnefnd vegna aðgerða eftir hrunið



María Thejll, forstöðumaður lagastofnunar Háskóla Íslands, Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við HÍ, og Þórir Ólafsson endurskoðandi sitja í eftirlitsnefndinni.






... úr fyrir harðgerða Íslendinga

**Michelsen Arctic Explorer**

MICHELSEN

ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegi 15 - 101 Reykjavík - sími 511 1900 - www.michelsen.is

Hafði verið á þingpöllum:

## Skaðaði sig á salerni þingsins

**LÖGREGLUMÁL** Maður á miðjum aldri vann sjálfum sér mein á salerni í Alþingishúsinu um klukkan tíu í fyrrakvöld. Í kjölfarið var þingfundi slitið.

Hann var fluttur á slysadeild þar sem gert var að sárum hans. Hann er ekki í lífshættu. Maðurinn hafði verið einsamall að fylgjast með störfum þings af þingpöllum. Þaðan fór hann á salernið. Lögreglumaður tók eftir því að hann skilaði sér ekki, gáði að honum og fann hann sáran og blóðugan. - sh

Fundi strandríkja um norsk-íslenska síld og kolmunna fram haldið í janúar:

## Enn ósamið um síld og kolmunna

**SJÁVARÚTVEGUR** Fundi um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, sem haldinn var 14. desember, lauk án árangurs. Um var að ræða framhaldsfund strandríkja vegna stjórnunar veiða úr stofninum á árinu 2013. Boðað verður til annars fundar um miðjan janúar. Þessi niðurstaða þýðir enn fremur að samkomulag um stjórn veiða úr kolmunnastofninum á árinu 2013 er ekki í höfn.

Á vettvangi Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) eru í undirbúningi reglur sem koma í veg fyrir veiðar annarra þjóða úr þessum stofnum á alþjóðlegu hafsvæði á meðan ósamið er.

Fyrir tímabilið 1. janúar 2012 til 31. desember 2012 var leyfilegur heildarafli íslenskra skipa um 120 þúsund lestir. Í október í fyrra náðist samkomulag um að heildaraflinn yrði 833.000 tonn árið 2012. Niðurstaða strandríkjanna þá var í fullu samræmi við vísindaráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) og þá langtímastjórnunaráætlun sem sett hefur verið, en það var 16% lækkun milli ára.

Árgangar undanfarinna ára hafa verið minni en á tímabilinu 1998 til 2004, þegar sterkir árgangar komu inn í stofninn. - shá



**DEMANTSSÍLD** Árgangar síðustu ára gefa ekki tilefni til bjartsýni á að veiðar aukist í bráð. MYND/HERMANN

73 ára í fangelsi:

## Eiginmaðurinn sætti ofbeldi í yfir 40 ár

**NOREGUR** Sjötíu og þriggja ára kona í Noregi hefur verið dæmd í þriggja ára fangelsi fyrir að hafa í yfir 40 ár beitt eiginmann sinn ofbeldi. Hún skar hann og barði með járnröri og þvingaði hann um skeið til að hafast við í kjallara hússins. Hún takmarkaði aðgang eiginmannsins að mat, snyrtingu og síma og fleygði lyfjunum hans.

Málið kom upp 2010 þegar konan kærði mann sinn fyrir áreitni. Hann lést áður en konan var dæmd. Börn hjónanna vitnuðu gegn móður sinni. Þau höfðu hvatt foreldrana til að skilja en án árangurs. Hæstiréttur hafnaði áfrýjun konunnar sem neitar sök. - ibs

Dönsk hjálparsamtök:

## Fleiri sækja um aðstoð fyrir jól

**DANMÖRK Umsóknir fátækra um aðstoð fyrir jólin eru svo margar að hjálparsamtök í Danmörku óttast að hafna þurfi beiðni hundruða fjölskyldna. Hjálparsamtök hvetja nú bæði einkaaðila og fyrirtæki til að styðja söfnun þeirra.**

**Á fréttavef Jyllands-Posten er greint frá því að nú séu 1.100 fjölskyldur á lista hjá Mæðrahjálpinni en aðeins séu til peningar til að hjálpa tæplega 700.**

**Hjálparsamtökin fá aðstoð frá hinu opinbera til þess að geta veitt fátækum aðstoð fyrir jólin en umsóknir þeirra eru fleiri en í fyrra.** - ibs

# Reglur víða verið hertar

Í Bretlandi, Ástralíu og víðar hafa skotárásir á almenning orðið til þess að reglur um byssueign hafa verið hertar. Talsmaður Obama Bandaríkjaforseta segir hann ætla að setja slíkt í forgang á seinna kjörtímabili sínu.

**BANDARÍKIN, AP** Í marsmánuði árið 1996 gekk 43 ára gamall maður, Thomas Hamilton að nafni, inn í barnaskóla í Dunblane á Skotlandi og myrti þar 16 börn á leikskólaaldri og kennara þeirra.

Hann var vopnaður fjórum skammbyssum sem hann hafði keypt sér með löglegum hætti. Næstu vikurnar hófu íbúar í Dunblane, átta þúsund manna bæ, baráttu fyrir því að löggjöf um byssueign yrði hert. Á skömmum tíma söfnuðust 750 þúsund undirskriftir, og árið eftir tóku gildi lög sem banna einstaklingum að eiga skammbyssur.

Svipuð herferð skilaði einnig sambærilegum árangri í Ástralíu eftir að morðingi á eyjunni Tasmaníu myrti 35 manns með hálfsjálfvirkum hríðskotariffli, en þetta gerðist einnig árið 1996.

Í Bandaríkjunum hafa kröfur um strangari löggjöf um byssueign farið af stað í hvert sinn sem fjöldamorð eru framin þar með skotvopnum, en slíkt hefur orðið æ algengara síðustu ár og áratugi.

Margir telja sig sjá merki þess að nú sé betri jarðvegur meðal bandarískra ráðamanna en oft áður fyrir löggjöf af þessu tagi, en aðrir eru svartsýnni og benda á að samtök byssueigenda hafi jafnan náð að dempa niður allar hræringar í þá átt í Bandaríkjunum, ekki síst með öflugum ítökum sínum á þjóðþingi Bandaríkjanna.

Þeir bjartsýnu segja að kröfur um hertar reglur hafi í þetta skiptið hlotið óvenjugóðar undirtektir meðal repúblikana.

Þingmenn repúblikana í fulltrúadeild þingsins héldu í gær lokaðan fund um málið. Að loknum fundinum tóku sumir þeirra vel í að hert löggjöf komi til greina.

Þá vekur það einnig bjartsýni að demókratinn Harry Reid, sem er leiðtogi þingmeirihlutans í öldungadeild, segir nú tíma kominn til að setja þetta mál á dagskrá þingsins. Hann hefur til þessa verið afar tortrygginn á allar hömlur á byssueign, og neitaði til dæmis að taka málið á dagskrá deildarinnar í kjölfar fjöldamorðanna í kvikmyndahúsi í bænum Aurora.

Barack Obama forseti hefur talað varlega, hugsanlega til þess að espa ekki byssufólk á móti sér, en talsmaður hans segir að hann ætli að setja þessi mál í forgang á seinna kjörtímabili sínu.

Repúblikaninn Michael Bloomberg, borgarstjóri í New York, hefur hins vegar stigið fram og lagt mikla áherslu á að herða verði reglur um byssueign.

„Ég ætla að berjast, og þið eigið að berjast líka," sagði hann á mánudag, þegar hann hitti hóp af fólki sem ýmist hefur lifað af skotárásir á ýmsum stöðum í Bandaríkjunum eða misst ættingja sína í slíkum árásum: „Þetta er hneyksli. Við erum að drepa hvert annað."

gudsteinn@frettabladid.is




**LÁTINNA MINNST** Skólanemandi í Newtown leggur blómvönd niður fyrir utan Sandy Hook-barnaskólann, þar sem hinn tvítugi Adam Lanza myrti 20 börn á leikskólaaldri, sex konur, þar á meðal móður sína, og svipti svo sjálfan sig lífi. NORDICPHOTOS/AFP

**130.000**
Fjöldi byssusöluleyfa í Bandaríkjunum

**17.000**
Fjöldi sjálfsvíga með skotvopnum

**9.000**
Fjöldi morða með skotvopnum

**500 milljarðar**
Tekjur af byssusölu í Bandaríkjunum í krónum

**13.000**
Fjöldi morða í Bandaríkjunum

*á ári

www.volkswagen.is




Volkswagen Caddy

**Góður vinnufélagi**

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

**Caddy* kostar aðeins frá**

**2.990.000 kr.**

**(kr. 2.382.470 án vsk)**

**Atvinnubílar**

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

# Allt fyrir jólin í BAUHAUS®

## Jólavörur, jólaseríur og jólatré á betra verði!





**NORMANNSÞINUR**
**175-200 CM**
Verð áður 8.595.-
**VERÐ NÚ:**
**5.995.-**

**NORMANNSÞINUR**
**150-170 CM**
Verð áður 6.430.-
**VERÐ NÚ:**
**4.495.-**

**30%**
**AFSLÁTTUR**

**GÆÐA JÓLATRÉ**
Í BAUHAUS færðu draumajólatréð þitt á betra verði. T.d. Normannsþinur stærð 125-150 cm. Verð áður: 4.295.-
**VERÐ NÚ:**
**2.995.-!**



## 50% AFSLÁTTUR AF JÓLAVÖRUM OG JÓLALJÓSUM

**50%**
**AFSLÁTTUR**

Auglýst verð gildir frá miðvikudeginum 19. desember til og með mánudagsins 24. desember 2012. Gildir á meðan birgðir endast.

# BAUHAUS®

**BAUHAUS REYKJAVIK** - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavik - www.bauhaus.is

Borgar- og bæjarstjóri vígðu hjólastíg sem liggur á milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur:

# Hægt að hjóla á stíg frá Hamrahlíð upp í Bauhaus

**SAMGÖNGUR** Nýr hjóla- og göngustígur milli Mosfellsbæjar og Reykjavíkur var formlega tekinn í notkun í síðustu viku. Jón Gnarr borgarstjóri, Haraldur Sverrisson bæjarstjóri og Hreinn Haraldsson vegamálastjóri klipptu á borðann en stigu eftir það upp á fáka sína og vígðu stíginn með fríðu föruneyti.

Með lagningu þessa stofnstígs frá skógræktarsvæðinu við Hamrahlíð að gönguleið við verslun Bauhaus eru stígakerfi sveitarfélaganna tengd saman.

Nýi stígurinn er samvinnuverkefni Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar og Vegagerðarinnar og er nú hluti af stofnstígakerfi höfuðborgarsvæðisins. Kostnaðurinn við verkið var um 60 milljónir sem deilist á aðstandendur þess.

Verktakafélagið Glaumur sá um framkvæmdina en verkið fól meðal annars í sér gerð göngubrúar og um fimm þúsund fermetra malbikslögn. Þá var gengið frá ræsum og 38 ljósastólpar sett- ir upp.

Stígurinn liggur í gegnum skógræktina og var rutt fyrir honum í fullu samráði við Skógræktarfélagið.

Meðal annars voru þau tré sem felld voru skilin eftir til að brotna niður á náttúrulegan hátt og gróðurþekja úr stígstæðinu var endurnýtt á fláa við stíginn.

Í vor verður gengið frá yfirborðsmerkingum þar sem skilið verður á milli gangandi og hjólandi vegfarenda. **- þj**



**JÓLAHJÓLATÚR** Nýi hjólastígurinn var vígður með pompi og prakt. MYND/DAÐI GUNNLAUGSSON








**ERFIÐU KAFLARNIR TAKA VIÐ** Aðildarviðræður Íslands og ESB fara nú inn á ný svið með þeirri ákvörðun samningsaðila að taka sex nýja kafla til umræðu. Þeir snerta mörg erfið málefni, líkt og umhverfismál og peningamál. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORGILS

# Viðræðurnar færast yfir á annað stig

Viðræður eru hafnar milli Íslands og ESB um sex nýja samningskafla í aðildarviðræðunum. Kaflarnir standa margir utan sviðs EES-samningsins og munu því almennt reynast erfiðari við að eiga en þeir sem hingað til hafa verið til umræðu.

**FRÉTTABLAÐIÐ, BRUSSEL** Þrátt fyrir óvissu á stjórnmálasviðinu eru aðildarviðræður Íslands og ESB komnar á nýtt stig þar sem viðræður eru hafnar um kafla sem standa utan EES-samningsins og meira ber á milli aðila. Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra og Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, sögðu að lokinni fimmtu ríkjaráðstefnu Íslands og ESB í Brussel í gær að um væri að ræða ákveðinn áfanga á þessari vegferð.

Eftir ríkjaráðstefnuna var staðfest að viðræður hæfust nú um sex samningskafla og að bráðabirgðasamkomulag hefði náðst um einn kafla. Þannig hafa viðræður hafist um 27 kafla af 33 og samkomulag náðst um ellefu þeirra. Á meðal þeirra sem bættust við að þessu sinni eru kaflarnir um umhverfismál, byggðastefnu og efnahags- og peningamál.

Füle sagði á blaðamannafundi að gangurinn í viðræðunum væri góður, en nokkrar áskoranir fælust í mörgum þeirra kafla sem nú kæmu til umræðu. „Ég er hins vegar viss um að við getum fundið lausnir sem báðir aðilar geta fallist á.“

Spurður um þá stöðu að ný stjórn gæti tekið við eftir alþingiskosningar og Ísland myndi jafnvel draga umsóknina til baka eða setja í bið sagðist Füle ekki vera í aðstöðu til að velta þeim hlutum fyrir sér, en sagði ekkert einsdæmi að stjórnarskipti yrðu í miðju aðildarferli og það þyrfti ekki í sjálfu sér að hafa áhrif á gang viðræðnanna.“

„En mitt mat er að það sé Íslandi í hag að ljúka viðræðunum með samningi og ég er þeirrar skoðunar að við ættum að fá tækifæri til að sýna í verki að okkur er alvara með að við getum tekið tillit til sérstöðu Íslands án þess að ganga gegn löggjöf ESB.“

Össur sagði að mikilvægt skref hefði verið stigið og erfiðir kaflar hefðu verið teknir fyrir. „Við erum farin að semja um þunga kafla sem gætu sumir hverjir jafnvel orðið enn erfiðari en þeir sem hingað til hafa verið taldir erfiðastir, til dæmis sjávarútvegur og landbúnaður.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins innan ESB vonast menn þar til þess að viðræður verði hafnar um alla kafla fyrir utan sjávarútveg og landbúnað um mitt næsta ár.

Spurður um það og hvort stefnt væri að því að taka sem flesta kafla fyrir áður en kosið yrði til Alþingis sagði Össur að hann setti sér engin tímamörk í þessum efnum.

„Við vinnum þetta á sama skriði og verið hefur. Nú er komið að því að taka utan um þá kafla sem búið er að opna fyrir, sverfa niður vandkvæði og vinna að því að ná samkomulagi um fleiri kafla. Mitt markmið er að búa til sem bestan samning, sama hversu langan tíma það tekur.“ **thorgils@frettabladid.is**

## 33 samningskaflar ESB












Meirihluti utanríkismálanefndar vill gera hlé á aðildarviðræðum við ESB:

# Segist vanur flugeldum frá Jóni

**ALÞINGI** Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna, styður tillögu fulltrúa Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks í utanríkismálanefnd um að gera hlé á viðræðum við Evrópusambandið. Það yrði síðan sett í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort halda ætti viðræðunum áfram.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segist taka þessum tíðindum rólega og munu skoða málið. „Ég er ekkert óvanur flugeldum af þessu tagi frá Jóni Bjarnasyni, en ég er aldrei hræddur við niðurstöðu mála á þinginu.“

Ragnheiður Elín Árnadóttir, einn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, vonast til að tillagan verði samþykkt á þingi. „Það er svo margt búið að gerast og margt hefur verið sagt. Ráðherrar og þingmenn Vinstri græna hafa tjáð sig með þeim hætti að mér finnst ekki ólíklegt að menn hugsi sig vel um málið.“

Össur á hins vegar ekki von á samþykkt tillögunnar. „Ég held að þetta séu ákveðin fjörbrot þeirra sem skynja að þetta mál er á skriði og það verður ekki hægt að koma í veg fyrir að íslenska þjóðin fái að segja álit sitt á endanlegum samningi.“

Flutningsmenn hafa óskað eftir að tillagan verði rædd á fundi utanríkismálanefndar á morgun. Árni Þór Sigurðsson, formaður nefndarinnar, segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort við því verði orðið. **- kóp**

Iceland's Finest

DJÚPFRYST

# Humar súpa

## *Prófaðu himneska humarsúpu um hátíðarnar*

Í humarsúpuna frá Icelands's Finest eru eingöngu bestu fáanleg hráefni.
Til að ná fram rétta bragðinu er lagað ekta humarsoð úr íslenskum humarklóm- og skeljum. Súpan er bragðbætt með rjóma, smjöri, hvítvíni og koníaki sem gefur henni bragðfyllingu og mýkt.
Hafðu það einfalt og gott um hátíðarnar og kauptu humarsúpu í næstu verslun í dag.




**AUÐVELT - BARA HITA**

4-5 mín. | 10-12 mín.

FÆST Í NÆSTU VERSLUN









## VÖNDUÐ ERLEND FRÆÐIBÓK ER GÓÐ GJÖF!
















*Point of View* spjaldtölvur 7" kr. **17.900,-**

RAFBÓK Í JÓLAGJÖF!

NÚ ER HÆGT AÐ KAUPA GJAFAKORT SEM VIRKAR Á EYMUNDSSON.IS




| | | |
|---|---|---|
| Austurstræti 18 | Smáralind | Ísafirði - Hafnarstræti 2 |
| Skólavörðustíg 11 | Hafnarfirði, Strandgötu 31 | Akureyri - Hafnarstræti 91-93 |
| Suður-Kringla | Reykjanesbær - Sólvallagötu 2 | Vestmannaeyjum - Faxastíg 36 |
| Norður-Kringla | Flugstöð Leifs Eiríkssonar | PENNINN - Hallarmúla 4 |
| Álfabakka 14b, Mjódd | Akranesi - Dalbraut 1 | Eymundsson.is |

# EITTHVAÐ FYRIR ALLA

*Þú finnur gjöfina í Eymundsson*




YNDISLEG OG MJÚK FLÍSTEPPI FYRIR ÞAU MINNSTU.




STUBBABANGSARNIR SÍVINSÆLU.




STÓRSNIÐURGAR BÆKUR FYRIR ÞAU YNGSTU ÁSAMT TRÉLEIKFÖNGUM OG PÚSLI SEM TENGJAST EFNI BÓKANNA.




CHICCO – MEÐ LJÓSI OG HLJÓÐI




YOOHOO
OG VINIR
LYKLAKIPPUR




TOPMODEL TEIKNIVÖRURNAR




PÚSLUSPIL OG SPIL Í MIKLU ÚRVALI


Eymundsson
Bóksali frá 1872
140 ára

HVAÐ ÞARF TIL AÐ HEFJA ÁLFRAMLEIÐSLU Í HELGUVÍK?

# Óvissa um orku og fjármögnun

Enn á eftir að ganga frá orkusölusamningum varðandi fyrirhugað álver í Helguvík. Raflínur og álverið sjálft geta verið tilbúin árið 2015, gangi allir samningar eftir. HS Orka getur ekki afhent alla orkuna fyrr en 2017. Orkuveitan á eftir að fjármagna Hverahlíðarvirkjun.

Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



## 2013

Guðmundur Ingi Ásmundsson, aðstoðarforstjóri Landsnets, segir að ef takist að uppfæra samninga um orkuflutninga til Helguvíkur taki framkvæmdir við Suðvesturlínu um tvö ár.

„Í meginatriðum þurfum við að tengja álverið í Helguvík við flutningskerfið, að leggja þessa strengi til Helguvíkur. Síðan þurfum við væntanlega að tengja virkjanir sem tilheyra fyrsta áfanganum.“

Náist samningar við Norðurál er hægt að huga að framkvæmdum við Suðvesturlínu. Öll mannvirki eru á aðalskipulagi þeirra sveitarfélaga sem hún liggur um en sækja þarf um framkvæmdaleyfi frá þeim og Orkustofnun fyrir hverri framkvæmd.

HS Orka og Orkuveita Reykjavíkur (OR) gerðu orkusölusamning við Norðurál árið 2008. Deilt hefur verið um hann og þurfti gerðardómur í Svíþjóð að úrskurða um deiluna. Enn á þó eftir að ganga frá samningum.

„Það þarf að höggva á einhverja hnúta. Það getur gerst með engum fyrirvara, en svo getur það tekið lengri tíma,“ segir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Orku.

Þegar þeir samningar liggja fyrir getur Norðurál hafið framkvæmdir við álverið að fullu. Ragnar Guðmundsson forstjóri segir að öll leyfi liggi fyrir og fyrirtækið sé klárt í slaginn um leið og samningagerð ljúki.

„Það er verið að bíða eftir 300 MW til að reyna að klára orkumyndina. Það er verið að vinna í því núna á fullu.“

OR mun stofna verkefnisfélag utan um Hverahlíðarvirkjun, sem nýta á í álverið. Það verður utan efnahags OR. Félagið hefur ekki verið stofnað og virkjunin ekki fjármögnuð. Þá þarf að skoða ýmis mál tengd virkjuninni; leyfismál, útblástur brennisteins og förgun affallsvatns, svo eitthvað sé nefnt. Miðað við fyrri virkjanir munu framkvæmdir taka um tvö ár.

Gangi allir samningar upp getur HS Orka hafið tilraunaboranir í Eldvörpum eftir mitt næsta ár, en orku þaðan á að nýta í álverið í Helguvík.

## 2014

Júlíus segir að rannsóknarboranirnar verði að takast vel, annars þurfi að bora meira. „Ef allt gengur vel gætu menn hugsanlega verið með einhver svör að sama tíma að ári (eftir mitt ár 2014).

## 2015

Álverið í Helguvík verður reist í fjórum 150 MW áföngum og þarf því 300 megawött í fyrstu tvo áfangana. Fari framkvæmdir á fullt í vor má reikna með því að árið 2015 ljúki þeim varðandi Suðvesturlínu.

„Við þurfum að tryggja ákveðna línu að sumri til, þannig að tímasetningarnar skipta máli. Ýmis verkefni er bara hægt að vinna á sumrin og oft þurfum við tvö sumur. Mögulega er hægt að vinna eitthvað samhliða,“ segir Guðmundur Ingi.

Náist það stefnir Norðurál á að vera tilbúið með fyrsta áfangann á sama tíma. „Við gerum allt sem í okkar valdi stendur á meðan,“ segir Ragnar. Þá sé hægt að fara af stað árið 2015. Hins vegar verði ekki farið af stað fyrr en orkufyrirtækin staðfesti hvernig orkuöflun verði.

Það að viðtakandinn sé tilbúinn og flutningskerfið fyrir orkuna skiptir hins vegar litlu ef sjálf orkan verður ekki tilbúin.

Reikna má með að OR verði á fullu í sinni vinnu og verkefni HS Orku velta á niðurstöðum rannsókna í Eldvörpum.

„Við getum ekki fullyrt enn þá að þau séu virkjanastaður. Það þarf hins vegar að fara í nauðsynlegar rannsóknir,“ segir Júlíus. Mikilvægt sé hins vegar að Eldvörp fari í nýtingarflokk í rammaáætlun, sem samþykkt verður 14. janúar. „Ef hún fer í biðflokk, eins og sumir hafa viljað, getum við ekki einu sinni kannað hvort þar sé hægt að virkja. Þá erum við bara stopp.“

## 2016

Fjármögnun HS Orku fer hins vegar ekki af stað af alvöru fyrr en búið er að ganga frá orkusölusamningi við Norðurál. Júlíus segir fyrirtækið vel statt hvað varðar eigið fé en lánsfé þurfi til.

„Það er erfitt. Við erum búin að tala við banka og segja að þetta geti komið, en þangað til við höfum orkusölusamninginn verður það aldrei í alvöru. Menn vilja sjá að þetta sé dæmi sem gangi upp.“

Að því gefnu að allt þetta gangi upp má reikna með því að hægt verði að afhenda orku til álversins árið 2016. Gefi rannsóknir góða svörun árið 2014 þarf að fara í umhverfismat og sækja um leyfi.

„Við getum verið með tæplega 100 MW tiltæk frá Reykjanesi innan við þremur árum eftir að ákvörðun er tekin,“ segir Júlíus. Það yrði þá árið 2016 ef farið er af stað á næsta ári.

Ragnar, forstjóri Norðuráls, segir að áður en farið er af stað með verkefnið verði virkjanamálin að vera ljós.

„Þetta snýst um að menn sjái fram úr því hvernig þeir ætla að virkja, hversu mikið og hvenær. Það er stóra málið. Það þarf líka að passa að hægt sé að uppfylla allar kröfur varðandi umhverfismál. Það er mjög mikilvægt, bæði gagnvart okkar starfsemi og virkjananna líka.“

## 2017

Nái Norðurál og Landsnet saman um Suðvesturlínu og nái Norðurál og orkufyrirtækin saman um orkusölusamninga fer verkefnið af stað. Gangi fjármögnun á Hverahlíðarvirkjun vel má reikna með því að framkvæmdirnar taki tvö ár. Gefi rannsóknir í Eldvörpum tilefni til virkjana og nái HS Orka að fjármagna þær má reikna með því að þeim ljúki árið 2017.

Eins og áður segir getur fyrirtækið afhent 100 MW frá Reykjanesi þremur árum eftir að ákvörðun er tekin.

„Afgangurinn kæmi þá einhvern tíma á fjórða árinu ef allt gengur upp. Það er nú sjaldnast sem allt gengur upp, hvort sem það er af náttúru- eða mannavöldum. Það væri skemmtileg tilbreyting,“ segir Júlíus, forstjóri HS.

Gangi öll ef-in eftir verður orka fyrir fyrstu tvo áfanga álversins tilbúin árið 2017.

| 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 |
|---|---|---|---|---|
| **Framkvæmdir gætu hafist við álver og Suðvesturlínu. Rannsóknir í Eldvörpum.** | **Framkvæmdir gætu hafist við virkjun í Eldborgum.** | **Suðvesturlína gæti verið tilbúin og fyrstu tveir áfangar álversins í Helguvík.** | **HS Orka gæti afhent orku frá Reykjanesi. Óvíst hvenær OR verður tilbúið.** | **Öll orka tengd fyrstu tveimur áföngum álvers gæti verið tilbúin.** |




### HVAÐ ÞARF AÐ GANGA UPP?

- Norðurál og Landsnet þurfa að uppfæra samning um orkuflutninga.
- Norðurál og HS Orka/OR þurfa að klára orkusölusamninga.
- Fjármagna þarf Suðvesturlínu.
- Fjármagna þarf virkjanir í Eldborgum.
- Fjármagna þarf Hverahlíðarvirkjun.
- Leyfi þurfa að fást fyrir Hverahlíðarvirkjun.
- Eldvörp verða að gefa nægilega orku.
- Næg gufa verður að vera til staðar fyrir Hverahlíðarvirkjun.

Þetta snýr að fyrstu tveimur áföngum álversins. Eftir standa þá tveir hinir síðari.






**HELGUVÍK** Framkvæmdir við álverið í Helguvík eru hafnar fyrir nokkru, eins og þessi mynd frá 2009 ber með sér. Ýmislegt þarf þó að ganga upp áður en ál verður framleitt í þessum húsum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# JÓLATILBOÐIN Í FULLUM GANGI!

## Opið alla daga til jóla!



### Settu þig í stellingu sem lætur þreytuna líða úr þér!

Charlotte Julien

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og enda-stopparar svo dýnur færist ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð

SHAPE BY NATURE'S BEDDING



Aðeins kr. 34.754,- í 12 mánuði*

STÆRÐ 2X90X200

STILLAN-LEGT

**Dorma-verð**

C&J + Shape dýna

| Stærð cm. | Með still. botni |
|---|---|
| 2x 80x200 | 375.800,- |
| 2x 90x200 | 399.800,- |
| 2x90x210 | 407.800,- |
| 2x100x200 | 429.800,- |
| 120x200 | 230.900,- |
| 140x200 | 257.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.



NÝ DORMA VARA

### C&J heilsurúm



Val um latex- eða Visco-þrýstijöfnunardýnu. Tvöfalt poka-gormakerfi í dýnu. Pokagormakerfi í boxi. Krómlappir.

Gafl á mynd
160 x 200 cm
kr. 49.900,-

C&J 160 x 200 cm
kr. 215.900,-

C&J 180 x 200 cm
kr. 236.900,-

Charlotte Julien
Dream your world™

### FLORIDA hornsófi XL Aðeins kr. 219.900,-



Stærð: 322 x 205 cm H. 71 cm. Grátt áklæði
Einnig fáanlegur 2 horn 3 og 3 horn 2.

NÝJAR DORMA VÖRUR

### FLORIDA hornsófi með tungu



Stærð: 252 x 205 cm
H. 71 cm. Litur grátt

Aðeins kr. 194.900,-



### RUBEN

svefnsófi með tungu

Aðeins kr. 139.900,-

Stærð: 241 x 158 cm H. 71 cm.

ÁTTU VON Á GESTUM?



### MONTORIO

svefnsófi

Aðeins kr. 99.900,-

Stærð: Br. 159 cm.
D. 208 cm H. 63,5 cm.

## Jóla-tilboð!



TVENNU Sæng+koddi TILBOÐ

Dúnsæng + dúnkoddi
kr. 15.900,-

Trölla-dúnsæng
kr. 13.900,-

Stakur dúnkoddi
kr. 4.900,-

Sæng: 30% dúnn/70% smáfiður.
Koddi:15% dúnn/85% smáfiður.

## Shape heilsukoddar frábær jólagjöf

Shape Comfort kr. 5.900,-



Mjúkur

Shape Classic kr. 5.900,-



Þéttur

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Shape Original
kr. 8.900,-
Stuðningslag



Opnunartími til jóla
Holtagörðum
20. - 23. desember 10.00-22.00
Aðfangadag 10.00-13.00

DORMA
– býður góða nótt

Pöntunarsími ☎ 512 6800
www.dorma.is




# Gullið hlutabréf til Seðlabankans

Slitastjórn Glitnis er búin að óska eftir undanþágu frá gjaldeyrishöftum vegna nauðasamnings. Kröfuhafar sem verða eftir munu fá útgefin skuldabréf til 15-30 ára. Seðlabankanum boðið að fá gullið hlutabréf sem veitir honum neitunarvald yfir breytingum á samþykktum Glitnis.

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is



Þrotabú Glitnis hefur formlega óskað eftir samþykki Seðlabanka Íslands fyrir undanþágu frá gjaldeyrishöftum til að geta staðfest fyrirhugaðan nauðasamning sinn. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins felur tillaga Glitnis meðal annars í sér útgáfu á svokölluðu gullnu hlutabréfi (e. golden share) sem gefið yrði út til Seðlabankans og myndi tryggja honum neitunarvald gagnvart breytinum á samþykktum þess eignaumsýslufélags sem verður til að nauðasamningaferlinu loknu. Seðlabankinn myndi til dæmis geta hafnað breytingum á fjárfestingarstefnu félagsins eða brottflutningi þess úr landi.

Kaupþing sótti um undanþágu til að ganga frá sínum nauðasamningi í síðasta mánuði. Enn sem komið er hefur Seðlabankinn hvorki svarað erindum Kaupþings né Glitnis. Már Guðmundsson seðlabankastjóri hefur tjáð sig opinberlega um nauðasamninga þrotabúanna á undanförnum vikum. Í máli hans hefur komið skýrt fram að allar undanþágur sem mögulega verði veittar verði á forsendum Seðlabankans og með fjármálastöðugleika Íslands að leiðarljósi.

### Búið að sækja um undanþágu

Undirbúningur nauðasamnings Glitnis hefur staðið yfir frá því síðsumars 2011 og er skjalagerð vegna hans nú að mestu lokið. Sótt var um formlegt samþykki Seðlabankans fyrir því að fá undanþágu frá gjaldeyrishöftum til að ljúka við gerð hans fyrr í þessum mánuði. Þegar er búið að velja þá aðila sem tilnefndir verða í stjórn þess eignaumsýslufélags sem verður til utan um eignir þrotabúsins ef nauðasamningar þess verða samþykktir. Svíinn Jan Kvarnström verður stjórnarformaður Glitnis samkvæmt þeim tillögum og meðal annarra stjórnarmanna verður Steinunn Guðbjartsdóttir, sem er í dag formaður slitastjórnar Glitnis. Hún verður eini Íslendingurinn í stjórninni, verði tillögurnar að veruleika.

### Allir fá lágmarksupphæð

Samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið hefur undir höndum mun nauðasamningurinn ganga þannig fyrir sig að Glitnir mun greiða ákveðna lágmarksupphæð upp í hverja kröfu. Sú upphæð hefur verið ákveðin en ekki er hægt að fá upplýsingar um hver hún er, þar sem hún telst verðmyndandi.

Kröfuhafar munu jafnframt fá tiltekna viðbótargreiðslu, verði nauðasamningurinn staðfestur. Þær greiðslur sem myndu fara fram í erlendum gjaldeyri yrðu framkvæmdar með reiðufé í erlendum gjaldeyri sem Glitnir eignaðist áður en gjaldeyrishöftin voru hert 13. mars síðastliðinn. Það fé lýtur því ekki takmörkunum gildandi gjaldeyrishafta. Með þessu yrði gert upp við hluta smærri kröfuhafa og samhliða myndi hlutfallsleg stærð annarra í kröfuhafahópnum aukast.

### Gefið út bréf til 15-30 ára

Fyrir afganginum af kröfunum verður gefið út skuldabréf til þeirra kröfuhafa sem eftir standa. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður lengd þess 15 til 30 ár, það verður útgefið í evrum og viðskipti með það verða almennt frjáls á helstu skuldabréfamörkuðum. Eigendur þessara skuldabréfa verða eigendur Glitnis, þar sem hluthafaskrá Glitnis eftir nauðasamninga mun endurspegla raunverulegt eignarhald á þessum skuldabréfum. Hlutafé í félaginu verður til jafns við skuldabréfin. Ákveði einhver kröfuhafi að selja skuldabréfið þarf að tilkynna það svo að hluthafalistinn breytist með. Annars flyst atkvæðavægi ekki með kröfunni til nýrra eigenda.

Skuldabréfin verða svokölluð „pay as you can“ bréf. Það þýðir að greitt verður af þeim ársfjórðungslega og mun umfang greiðslna ráðast af því lausa fé sem til er hverju sinni, að frádregnum varasjóði til að standa undir rekstrarkostnaði, styðja við eignir og og mæta skuldbindingum félagsins. Afborganirnar verða einnig háðar því að Seðlabankinn heimili þær, enda verða þær greiddar út í evrum og falla þar af leiðandi undir gjaldeyrishöftin.

Glitni verður síðan heimilt, að hluta eða öllu leyti, að breyta skuldabréfunum í hlutafé. Sú heimild tekur þó ekki gildi fyrr en í fyrsta lagi fimm árum eftir útgáfu þeirra.



**SLITASTJÓRN** Steinunn Guðbjartsdóttir og Páll Eiríksson mynda slitastjórn Glitnis. Steinunn mun sitja áfram í stjórn félagsins eftir nauðasamninga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Gullið hlutabréf

Í þeirri beiðni sem lögð hefur verið fram til Seðlabankans um undanþágu frá gjaldeyrishöftum til að klára nauðasamninginn er tillaga um að svokallað gullið hlutabréf (e. golden share) verði gefið út til Seðlabanka Íslands til að tryggja að tilteknum atriðum í samþykktum Glitnis verði ekki breytt.

Eigandi slíks hlutabréfs mun hafa ákveðið neitunarvald gagnvart breytingum á samþykktum þess félags sem gefur út hlutabréfið, í þessu tilfelli Glitnis. Það gefur Seðlabankanum til dæmis neitunarvald gagnvart því ef breyta á fjárfestingarstefnu félagsins eða að gera tilraun til þess að flytja það úr landi. Hlutabréfið verður verðtryggt en nýtur ekki arðgreiðsluréttinda eins og önnur hlutabréf.

## Virði krafna hefur hríðlækkað

Á undanförnum árum hafa verið mikil viðskipti með kröfur á Glitni á eftirmarkaði, eins og oft gerist með fallin fjármálafyrirtæki. Þar hafa erlendir vogunar- og fjárfestingarsjóðir verið stórtækastir í slíkum uppkaupum. Samkvæmt skrá yfir 50 stærstu kröfuhafa Glitnis, sem birt var á kröfuhafafundi í lok nóvember, kemur fram að slíkir sjóðir eigi tæpan helming allra krafna. Ef nauðasamningar Glitnis verða samþykktir og minni kröfuhafar borgaðir út munu þessir sjóðir eiga meirihluta í því félagi sem stofnað verður utan um eignir þrotabúsins. Þar á meðal er 95 prósenta hlutur í Íslandsbanka.

Fréttablaðið greindi nýverið frá því að kröfur á Glitni hefðu nífaldast í verði á fjórum árum. Af því má ætla að þeir kröfuhafar sem áttu upprunalegu kröfurnar á bankann, að mestu erlendir bankar og fagfjárfestasjóðir ýmiss konar, hafi misst af þeim hagnaði. Málið er þó ekki alveg svo einfalt.

### Tryggingafélög töpuðu

Þegar skuldatryggingar á íslensku bankana voru gerðar upp í nóvember 2008 voru endurheimtur ótryggðra kröfuhafa ákaflega lágt metnar. Væntar endurheimtur í bú Landsbankans voru taldar 1,25 prósent af heildarvirði krafna, endurheimtur í bú Glitnis um þrjú prósent og í bú Kaupþings 6,625 prósent.

Þetta uppgjör á skuldatryggingum fór þannig fram að erlend tryggingafélög, sem selt höfðu skuldatryggingar á íslensku bankana, urðu á þessum tímapunkti að borga þeim sem höfðu keypt þær út að fullu. Eftir það sátu tryggingafélögin uppi með alls kyns pappíra, að mestu skuldabréf, útgefin af föllnu íslensku bönkunum. Þau seldu bréfin síðan á hrakvirði á eftirmarkaði, enda vilja fá tryggingafélög eiga skuldabréf á gjaldþrota banka í eignasafni sínu. Þó eru sum þeirra tryggingafélaga sem eignuðust kröfur á Glitni með þessum hætti enn á meðal kröfuhafa búsins.

### Væntar endurheimtur um 26 prósent

Virði krafna á hendur Glitni hefur hríðlækkað á undanförnum vikum. Í ágúst síðastliðnum, þegar mikil bjartsýni ríkti um að takast myndi að ganga frá nauðasamningi fyrir áramót án mikilla vandamála, voru ætlaðar endurheimtur krafna í bú Glitnis komnar upp í 31 prósent. Þær höfðu þá hækkað um 20 prósent á rúmu hálfu ári. Í dag eru væntar endurheimtur í kringum 26 prósent og fara lækkandi. Endurheimtur hafa samt sem áður vaxið um tíu prósent það sem af er þessu ári. Til að setja það í samhengi nema samþykktar almennar kröfur í bú Glitnis nú 2.263 milljörðum króna. Miðað við gangvirði krafna í dag má ætla að kröfuhafar Glitnis muni fá um 588 milljarða króna greidda út úr búinu. Sú tala hefur lækkað um rúmlega 20 milljarða króna frá því í nóvember.

Viðmælendur Fréttablaðsins eru sammála um það að ástæður lækkunarinnar séu fyrst og fremst aukin umfjöllun fjölmiðla um nauðasamningana og áhrif þeirra, aukin umræða á vettvangi stjórnmálanna og síðast en ekki síst opinberar yfirlýsingar Seðlabanka Íslands um hvað þurfi til svo hann muni heimila undanþágur frá gjaldeyrishöftunum svo hægt verði að klára nauðasamningana.




## Icesave og Landsbanki gætu tafið fyrir

Viðmælendur Fréttablaðsins telja ýmislegt standa í vegi fyrir því að Seðlabankinn geti tekið afstöðu til beiðni Glitnis og Kaupþings um undanþágu frá gjaldeyrishöftum til að klára nauðasamninga sína. Þar ber hæst niðurstöðu í Icesave-málinu fyrir EFTA-dómstólnum, sem mun liggja fyrir á næsta ári. Sú niðurstaða, á hvorn veginn sem hún verður, mun hafa mikil áhrif á stöðu Íslands. Annað atriði sem skiptir miklu máli er þær viðræður sem standa yfir um að endursemja um skuldabréf sem nýi Landsbankinn skuldar þrotabúi þess gamla, en fyrir liggur að hann þurfi að greiða þrotabúinu um 300 milljarða króna í erlendum gjaldeyri fram á árið 2018. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru þær viðræður sem standa yfir að frumkvæði fjármálaráðuneytisins og nýja Landsbankans. Þær eru óformlegar og engar formlegar breytingatillögur hafa verið lagðar fram.




## Davidson Kempner ræður stærsta kröfuhafanum

Burlington Loan Management, írskt skúffufyrirtæki sem er fjármagnað og stýrt af bandaríska sjóðstýringarfyrirtækinu Davidson Kempner, er langstærsti einstaki kröfuhafi Glitnis. Alls á Burlington 8,46 prósent allra samþykktra krafna. Heildarumfang krafna sjóðsins er 191 milljarður króna. Sjóðurinn hefur bætt duglega við sig á síðustu tveimur árum. Um mitt ár 2010 átti hann 5,6 prósent allra krafna á Glitni, samtals upp á 142 milljarða króna. Burlington er einnig á meðal stærstu kröfuhafa Kaupþings, sem á 2,03 prósenta kröfu á Glitni. Nafnvirði hennar er um 45 milljarðar króna. Þá er Burlington á meðal stærstu eigenda Klakka, áður Existu. Dótturfélag Klakka, Síminn hf., á 10,6 milljarða króna kröfu á Glitni, eða 0,47 prósent allra krafna.



# KÓRÓNUM ÚRVALIÐ

66° NORÐUR

VIÐ BJÓÐUM VÖRUR 66°NORÐUR
VELKOMNAR Í VERSLANIR ÚTILÍFS.
FÁÐU ALLT FYRIR ÚTIVISTINA Á EINUM STAÐ.

## ÞÓRSMÖRK PARKA

- Ein allra vinsælasta úlpan frá 66°NORÐUR.
- Þvottabjarnaskinn á hettu sem hægt er að hneppa af.
- Einangrunin samanstendur af 70% gæsadún og 30% fjöðrum.
- Þolir frost niður í -25°C.
- Einstök úlpa fyrir íslenskar aðstæður.

ÚTILÍF

HOLTAGÖRÐUM GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is



**FUGLAGER** Víða í Kolgrafafirði sást vart til himins fyrir fuglagerinu sem sækir í dauða síldina. Ýmsar mávategundir eru atkvæðamestar en skarfur dekkaði haffllötinn í froststillunum sem ríkt hafa á Snæfellsnesi undanfarna daga.

# Síldardauðinn nýtist fólki og fugli

Dauð síld liggur yfir öllum fjörum í Kolgrafafirði eftir að mörg hundruð, kannski þúsundir tonna drápust þar vegna sérstakra aðstæðna. Undir yfirborði sjávar er sömu sögu segja en botn fjarðarins er þakinn dauðum fiski. *Valgarður Gíslason* ljósmyndari komst þó að því að bæði menn og dýr sjá tækifæri í þessum dyntum náttúrunnar á meðan vísindamenn brjóta heilann um orsakir og afleiðingar.



**KOBBI Í VEISLU** Það er mat vísindamanna Hafrannsóknastofnunar að 200 til 300 þúsund tonn hafi verið í Kolgrafafirði þegar mest var. Selurinn lætur ekki bjóða sér það tvisvar að komast í svo auðsótt æti og var hann víða að sjá. Verandi með forvitnari skepnum sýndu selirnir ljósmyndara Fréttablaðsins sérstaka athygli.



**AF NÓGU AÐ TAKA** Peir sem sóttu sér síld í Kolgrafafjörð í gær voru nokkuð stórtækir. Höfðu með sér um tvo tonn af síld. Það hins vegar sá ekki högg á vatni í fjörunni þar sem tínt var.



**TEPPALAGT** Þar sem síldarteppið er þéttast sjást fjörusteinarnir ekki. Í gærkvöldi voru vísindamenn Hafrannsóknastofnunar að ljúka vettvangskönnun sinni en eftir er að vinna úr gögnum til að meta hversu mikið hefur drepist af fiski. Á síðari stigum þurfa yfirvöld að meta hvort og hvernig verður ráðist í hreinsunarstarf í firðinum.


„ÆSISPENNANDI“
JÓN YNGVI JÓHANNSSON FRÉTTABLAÐINU
1. SÆTI
METSÖLULISTI EYMUNDSSON
INNBUNDIN SKÁLDVERK
05.-11.12.12
KULDI
spennusaga
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
„Fléttan er býsna þétt ... mun án efa kæta marga spennufíkla.“
EINAR FALUR INGÓLFSSON, MORGUNBLAÐINU
„... magnaður draugagangur ...Það er vandasamt að smíða góða draugasögu en hér tekst Yrsu betur upp en í Ég man þig ... Á köflum er sagan æsispennandi og henni tekst að halda lesandanum í kitlandi óvissu. ... Spennandi og áhrifamikil draugasaga.“
JÓN YNGVI JÓHANNSSON, FRÉTTABLAÐINU
„Enn sterkari og áhrifameiri bók en Ég man þig.“
SIGURJÓN SIGHVATSSON KVIKMYNDAFRAMLEIÐANDI SEM TRYGGT HEFUR SÉR RÉTTINN Á ÉG MAN ÞIG OG KULDA
VERÖLD

# Velkomin í Fjarðarkaup




FK Bayonne skinka
**1.498,kr./kg**




Ali hamborgarhryggur úrb.
**1.998,kr./kg**




Ali hamborgarhryggur m/beini
**1.698,kr./kg**



Kjarnafæði, íslenskt heiðarlamb
**1.598,kr./kg**




Tilda Long grain 1kg
**398,kr.**




KF léttreyktur lambahryggur
**1.998,kr./kg**



Fjallalambs hangilæri úrb.
**2.998,kr./kg**



Fjallalambs hangiframpartur úrb.
**2.198,kr./kg**



Klementínur 2,3kg
**795,kr./kassinn**




Myllu jólatertur 3 teg.
**498,kr./stk.**




Mackintosh 2kg
**3.990,kr.**



Freyju bestu molarnir 350g
**648,kr.**




Ananas sneiðar 3 dósir í pk.
**329,kr.**

VISA

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

www.FJARDARKAUP.is




4 x 2L kók, jólagott fylgir
**948,kr.**




Toro hrísgrjónagrautur
**353,kr.**




Kjörís konfekt ísterta
12 manna
**1.898,kr.**



Jólaepli frá USA
**398,kr./kg**




Ora sperglar 411g
**229,kr.**




Ora maískorn 430g
**215,kr.**




Ora grænar baunir
**145,kr.**




Ora rauðkál 540g
**228,kr.**




Nóa konfekt í lausu 1kg
**1.698,kr.**

## Breyttur afgreiðslutími í desember

| | | | |
|---|---|---|---|
| Miðvikudagur 19. des. | 9:00 - 18:30 | Fimmtudagur 27. des. | 10:00 - 18:30 |
| Fimmtudagur 20. des. | 9:00 - 18:30 | Föstudagur 28. des. | 9:00 - 19:00 |
| Föstudagur 21. des. | 9:00 - 20:00 | Laugardagur 29. des. | 10:00 - 19:00 |
| Laugardagur 22. des. | 10:00 - 22:00 | Sunnudagur 30 des. | 10:00 - 19:00 |
| Sunnudag 23. des. | 10:00 - 22:00 | Mánudagur 31. des. | 9:00 - 13:00 |
| Mánudagur 24. des. | 9:00 - 12:30 | Þriðjudagur 1. jan. | LOKAÐ |
| Þriðjudagur 25. des. | LOKAÐ | Miðvikudagur 2. jan. | 14:00 - 18:00 |
| Miðvikudagur 26. des. | LOKAÐ | | |




Emmess ískaka 6 manna
**1.183,kr.**



Jólapappír 5m á rúllu
ýmsar gerði
**198,kr./stk.**

*Allt fyrir Jólin*

## Í FJARÐARKAUPUM

Taktu þátt í **skemmtilegum** jólaleik
þar sem einn viðskiptavinur getur
unnið **iPhone5**.

Fylltu út þátttökuseðilinn og skilaðu honum í kassann.
Vinningar eru dregnir út í beinni útsendingu á Rás 2 alla
laugardaga fram að jólum. Fjöldi frábærra vinninga.

epli.is



iPhone 5 - 16GB,
iPad 4
iPad mini
iPod touch

FK FJARÐARKAUP
Matarkörfur




Upphafið og maðurinn
frá Forlaginu



Dolce Gusto kaffivélar
frá Ölgerðinni

ÓB ódýrt bensín
ÓB bensínúttekt

**Tilboð gilda til sunnudagsins 23. desember**

FK FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00, laugardag 10:00 - 17:00 og sunnudag 12:00 - 17:00 - www.fjardarkaup.is

Ekki bjart útlit um þjóðarsátt á vinnumarkaði:

# Tvöfaldur trúnaðarbrestur

Samtök atvinnulífsins (SA) og Alþýðusambandið (ASÍ) ræða nú saman um forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði og hvort til greina komi að segja þeim upp í janúar, eins og heimilt er að gera. Fyrir liggur að ýmsar forsendur kjarasamninganna hafa ekki staðizt. Kaupmáttur hefur aukizt lítillega en forsendur um verðbólgu, gengi krónunnar og fjárfestingar í atvinnulífinu hafa ekki haldið.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Samskipti aðila vinnumarkaðarins virðast í sæmilegu horfi og gagnkvæmur skilningur á því að fyrirtækin í landinu eru almennt ekki komin í þá stöðu að eiga fyrir meiri launahækkunum en um hefur verið samið. Enda hefur aldrei neitt vit verið í launahækkunum sem ekki er innstæða fyrir; þær velta annaðhvort út í verðlagið eða leiða til uppsagna. Verkföll við núverandi aðstæður myndu einungis valda enn meira tjóni, bæði fyrir fyrirtækin og starfsmenn þeirra.

Frammistaða stjórnvalda hefur hins vegar mikið um það að segja hvort aðilar vinnumarkaðarins hafa trú á að almennar efnahagsforsendur samninganna skáni. Það er rík ástæða til að hafa áhyggjur af þeirri frammistöðu og samskiptum ríkisstjórnarinnar við bæði atvinnurekendur og verkalýðshreyfingu.

Trúnaðurinn í samskiptum samtaka fyrirtækjanna í landinu og stjórnvalda er lítill sem enginn. Það helgast ekki sízt af sviknum fyrirheitum um skatta og gjöld sem áttu að vera tímabundin en ríkisstjórnin hefur ekki tekið af, offorsinu við breytingar á fiskveiðistjórnuninni og fjandskap Vinstri grænna við flest sem heitir erlendar fjárfestingar eða orkufrekur iðnaður.

Ríkisstjórnin kennir um erfiðu efnahagsástandi í heiminum þegar hún reynir að réttlæta miklu minni fjárfestingar í efnahagslífinu en að var stefnt, en horfir fram hjá eigin vangetu til að búa hér til eftirsóknarvert fjárfestingarumhverfi. Rammaáætlun um virkjanir er enn ekki samþykkt, meira en ári á eftir áætlun, af því að VG og hluti Samfylkingarinnar getur ekki tekið mark á niðurstöðum faglegs stýrihóps og vill setja Þjórsárvirkjanirnar í bið. Það er eitt af því sem stendur fjárfestingu í landinu fyrir þrifum, annað er markviss áætlun ríkisstjórnarinnar um að eyðileggja starfsgrundvöll sjávarútvegsins.

Undanfarið hefur trúnaðarbrestur milli ríkisstjórnarinnar og ASÍ líka orðið lýðum ljós. ASÍ birti auglýsingu hér í blaðinu, þar sem ríkisstjórnin var sökuð um vanefndir á loforðum og forseti sambandsins sagði sig úr Samfylkingunni. Svör ríkisstjórnarinnar hafa aðallega verið skætingur. Atvinnuvegaráðherrann æpti á forseta ASÍ í sjónvarpsþætti að það dytti ekki nokkrum manni í hug að lofa því að verðbólgu eða gengisþróun yrði haldið í skefjum á Íslandi. Þá vitum við neytendur og launþegar það.

Við þessar aðstæður er ekki bjart útlit um þá þjóðarsátt um frið á vinnumarkaðnum sem margir kalla eftir. Ríkisstjórnin hlýtur að þurfa að teygja sig bæði til atvinnurekenda og launþegahreyfingarinnar til að greiða fyrir slíku. Vandinn er að á kosningavetri er afar ósennilegt að stjórnarþingmenn séu færir um að taka þær skynsamlegu ákvarðanir sem þarf til að skapa atvinnulífinu hagstæðari rekstrarskilyrði og efla fjárfestingu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mögnuð tilviljun

Þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa verið duglegir í umræðum um rammaáætlun og verið sakaðir um málþóf. Þeir hafa hins vegar frábeðið sér slíkan stimpil. Um gríðarlega mikilvægt mál sé að ræða sem ræða þurfi í þaula og það komi málþófi ekkert við. Þessi umræða kemur ætíð upp þegar stjórnin þarf að ljúka einhverjum málum fyrir þinghlé. Það er mögnuð tilviljun að í hvert sinn skuli nást samningar um það nákvæmlega hvenær málin hafi verið rædd í þaula. Ef tjáningarþörfin ein réði væri ekkert um að semja og þinghlé færi því eftir því hvenær úttalað er, ekki samningum á milli flokka.



### Velþóknun fréttamanna

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hélt athyglisverða ræðu eftir að ljóst var að samið hafði verið um þinghlé. Hún sagði slíkt samkomulag framkalla velþóknunarsvip á fréttamönnum og forystumönnum þingsins. Óvíst er hverja hún telur vera ástæðu þessarar meintu velþóknunar fréttamanna og hví þeir ættu að gleðjast svo mjög.



### Pólitísk spilling

Ólína var hins vegar ekkert að skafa utan af hlutunum: „Samningar um þinglok eru pólitísk spilling, grímulaust form pólitískrar spillingar og í fullkominni andstöðu við þau breyttu og bættu vinnubrögð sem við ætluðum að tileinka okkur hér í upphafi þessa kjörtímabils, að minnsta kosti við þessir 27 nýju þingmenn sem komum hér inn en höfum síðan beygt okkur undir þessi vinnubrögð og sumir hverjir tekið þátt í þeim. Við ætluðum að breyta og bæta. Við ætluðum að byggja upp nýtt Ísland og þetta er Alþingi í dag.“

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Loftslagsvandinn kallar á þátttöku kvenna

LOFTSLAG



**Svandís Svavarsdóttir**
umhverfis- og auðlindaráðherra

Áhrif loftslagsbreytinga koma misjafnt niður á samfélögum og þjóðfélagshópum. Loftslagsbreytingar hafa líka ólík áhrif á kynin. Þetta á sérstaklega við í fátækari ríkjum, þar sem konur bera meginábyrgð á því að afla eldiviðar og drykkjarvatns fyrir heimilin og sinna bústörfum í meiri mæli en karlar. Þetta eru verk sem loftslagsbreytingar gera þyngri.

Ísland hefur undanfarin ár haldið þessum sjónarmiðum á loft í alþjóðlegum viðræðum um Loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna og er nú svo komið að kynjasjónarmið hafa verið ofin víða inn í ákvarðanir samningsins. Þetta þýðir ekki að líta eigi á konur fyrst og fremst sem þolendur loftslagsbreytinga. Konur eiga og verða að vera virkir gerendur í stefnumótun og verkefnum í loftslagsmálum. Einfalt og skýrt skref í þá átt er að tryggja jafna aðkomu kynjanna að viðræðum innan Loftslagssamningsins.

Á nýloknum fundi í Doha í Katar var samþykkt sérstök ákvörðun um jafnréttismál, sem gengur fyrst og fremst út á að tryggja jafna þátttöku kynjanna í samningavinnunni. Konur eru um þriðjungur fulltrúa í sendinefndum ríkja á fundum loftslagssamningsins og í forsvari fyrir aðeins fjórðung sendinefndanna. Ísland var meðal flutningsmanna tillögunnar sem var unnin að frumkvæði Mary Robinson, fyrrverandi forseta Írlands, og sýnir vel hverju öflugar konur geta komið til leiðar. Orð eru til alls fyrst en aðgerða er þörf. Í Doha kynntu fulltrúar Íslands verkefni sem unnið hefur verið í samstarfi við Úganda, sem miðar að því að þjálfa starfsmenn héraðsstjórna í að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga, þannig að tillit sé tekið til ólíkra hlutverka og hlutskipta kynjanna. Um 80% íbúa Úganda stunda sjálfsþurftarbúskap, sem loftslagsbreytingar hafa mikil áhrif á. Konur sinna þeim störfum frekar en karlar, sem oft vinna frekar utan heimilisins. Byrðar loftslagsbreytinga lenda því í ríkari mæli á konum en körlum og viðbrögð stjórnvalda þurfa að endurspegla þá staðreynd.

**➜ Konur sinna þeim störfum frekar en karlar, sem oft vinna frekar utan heimilisins.**

Viðbrögð við loftslagsvánni kalla á atbeina allra, af báðum kynjum. Þar þarf að stuðla að jafnrétti og aukinni virkni kvenna. Við megum vera stolt af aðkomu Íslands við að efla hlut kvenna í þessu risavaxna hagsmunamáli alls mannkyns.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Jólabón til Jóns Gnarr



Í DAG
Sif Sigmarsdóttir
rithöfundur

Jón Gnarr borgarstjóri ritaði harðorða færslu á Facebook-síðu sína um helgina þar sem hann lýsir andúð sinni á fordómum í garð samkynhneigðra. „Við ættum að hætta að líta á hommafóbíu sem fóbíu. Er til eitthvað sem heitir svertingja-fóbía? Nei, það kallast rasismi … Hommafóbía er ekki ótti heldur hatur. Sá sem haldinn er homma-fóbíu er ekki fórnarlambið heldur gerandinn.“

Borgarstjóri Reykjavíkur hefur verið ötull baráttumaður hagsmuna samkynhneigðra, hóps sem ekki hefur átt sér marga háværa eða áberandi talsmenn hér á landi. Á tímum er stjórnmálamenn eru tregir til að taka pólitíska áhættu og þynna heldur út skoðanir sínar svo þær þóknist sem flestum er þessi afdráttarlausa afstaða Jóns Gnarr þeim mun virðingarverðari.

Fyrr á árinu sendi Jón borgarstjóra Moskvu bréf þar sem hann hvatti kollega sinn til að leyfa gleðigöngu samkynhneigðra um borgina, en lagt hefur verið bann við að hún verði haldin þar næstu 100 árin. Nú þegar landsmenn eru með pennann á lofti við jólakortaskrif langar mig til að bera fram við Jón Gnarr jólaósk um að hann skrifi eitt jólakort í sama anda og bréfið til borgarstjóra Moskvu. Að þessu sinni er áfangastaður sendibréfsins hins vegar nær heimahögunum.

### Skilyrt umburðarlyndi

Kirkjan breiðir nú út jólaboðskapinn af kappi. Eins og hefðin kveður á um felst hann í hvatningu um að við séum góð hvert við annað og sýnum hvert öðru umburðarlyndi. Þetta er fallegur boðskapur sem flestir, trúaðir jafnt sem trúlausir, geta skrifað upp á. Stundum er þó eins og kirkjunnar menn kjósi að hunsa eigin siðferðisboðskap.

Þær stórfréttir bárust heimsbyggðinni í síðustu viku að Benedikt XVI páfi væri stiginn inn í 21. öldina. Hvað verðskuldaði svo bratta yfirlýsingu: Hugðist hann heimila notkun á getnaðarvörnum? Leggja blessun sína yfir fóstureyðingar? Nei. Hann er kominn á Twitter. Hann var hins vegar ekki lengi að binda enda á vonir um að hann hygðist taka öðrum þáttum samtímans jafnopnum örmum. Tveimur dögum eftir að hann heilsaði á samfélagssíðunni með því að blessa lesendur hennar „frá hjartanu“ sendi páfi frá sér friðarboðskap fyrir árið 2013. Þar fordæmdi hann hjónabönd samkynhneigðra, sem hann sagði ógna „réttlæti og friði“ í heiminum og hvatti hann ríkisstjórnir til að spyrna fótum við þeim.

Eins og í friðarboðskap páfa virðist umburðarlyndið sem forsvarsmenn kristninnar boða í mörgum tilfellum skilyrt. Og þar er Íslenska þjóðkirkjan engin undantekning.

### Bak við skrúðugar hempur

Nýr biskup var kjörinn á árinu. Spurð um viðhorf til hjónabands samkynhneigðra af Fréttablaðinu í aðdraganda kjörsins kvaðst frú Agnes M. Sigurðardóttir ekki hafa gefið saman samkynhneigð pör en hún myndi gera það væri hún beðin. Hún lagði þó áherslu á að samviskufrelsi presta yrði virt og prestar yrðu ekki þvingaðir til að vinna verk sem samviska þeirra leyfði ekki.

Að höfuð stofnunar sem boðar umburðarlyndi og ást af þverhníptum siðferðisstalli skuli verja svo blákalt rétt kirkjunnar til að mismuna fólki eftir kynhneigð er ekkert annað en óskammfeilni og hræsni. Engum öðrum, hvorki einkafyrirtæki né annarri opinberri stofnun, leyfðist að gera svo upp á milli fólks; engum öðrum er gefin slík undanþága frá því að virða mannréttindi. Verslunarmaður ræður ekki hvern hann afgreiðir í búð sinni. Hann gæti ekki neitað að afgreiða samkynhneigða. Ekki frekar en svertingja eða gyðinga. Það er aðeins prestastéttin sem fær að skýla sér og fordómum sínum bak við skrúðugar hempur.

### Gjöf í anda jólanna

Í Reykjavík eru rúmlega tuttugu sóknir á vegum þjóðkirkjunnar. Prestum þeirra er það í sjálfsvald sett hvort þeir gefi saman samkynhneigða. Ég biðla til Jóns

> **Að höfuð stofnunar sem boðar umburðarlyndi og ást af þverhníptum siðferðisstalli skuli verja svo blákalt rétt kirkjunnar til að mismuna fólki eftir kynhneigð er ekkert annað en óskammfeilni og hræsni.**

Gnarr, sem áður hefur mundað pennann svo lipurlega til varnar samkynhneigðum, um að senda biskupi Íslands jólakort og hvetja hana til að láta tafarlaust af mismunun kirkjunnar á forsendum kynhneigðar. Prestar eiga ekki að hafa rétt til að neita samkynhneigðum um þjónustu sína frekar en aðrir. Nær væri ef kirkjan gengi fram með góðu fordæmi: Í stað þess að boða umburðarlyndi í orði öðrum til handa, að sýna hana sjálf á borði. Þeir prestar sem ekki gætu hugsað sér að virða mannréttindi samkynhneigðra ættu einfaldlega að finna sér annan starfa.

Talsmenn þjóðkirkjunnar virðast ár hvert hafa miklar áhyggjur af því að andi jólanna glatist í neysluhyggju og of mörgum ferðum í Kringluna. Þjóðkirkjan gæti ekki fært landsmönnum jólagjöf sem fangaði anda jólanna betur en loforð um að láta jafnt yfir alla ganga – og slík gjöf krefðist ekki einnar einustu heimsóknar í Kringluna.

## AF NETINU

### Sólheimar

Eitt ljós er öðruvísi en önnur og sem logar á litlum stað austur í sveit allt árið um kring, nánar tiltekið á Sólheimum í Grímsnesi. Þar sem sól skín fyrst og fremst úr hjörtum þeirra sem þar búa. Nálgunin ein við staðinn staðfestir þessa birtu sem við fjölskylda mín urðum aðnjótandi eina helgi í upphafi aðventu fyrir fimm árum. Í froststillu þegar jörðin var hrímuð og við nutum samveru hvert með öðru, föndruðum með íbúunum og borðuðum góðan mat. Þar sem jólasólin var líka fegurst.

http://blog.pressan.is

*Vilhjálmur Ari Arason*

### Nennið þið byltingu?

„Handhafar aflaheimilda eiga stjórnarskrárvarinn rétt til heimilda sinna,“ segir Friðrik J. Arngrímsson hjá kvótagreifum. Þeir eiga þannig kvótann, ekki þjóðin. Lagatæknar Lex segja breytt ákvæði stjórnarskrár um sameign þjóðarauðlinda skapa réttaróvissu handhafa heimildanna. Kvótagreifar eiga þar á ofan hauk í horni atvinnuráðuneytis. Arnór Snæbjörnsson segir að breytingin í þjóðareign sé hæpin og villandi. Þið bjánar og fífl, sem hafið kosið fjórflokkinn yfir ykkur, getið þarna séð að þið eigið ekki neitt og getið aldrei átt neitt. Því að fólk er fífl. Nema þið nennið byltingu.

http://www.jonas.is

*Jónas Kristjánsson*

# Kirkjan kostar lítið



TRÚMÁL
Örn Bárður Jónsson
sóknarprestur í Neskirkju

Samanburðurinn milli Nesklúbbsins og Nessóknar sem rakinn var í systurgrein þessarar sýnir í raun hvað kirkjan er ódýr í rekstri og skilar miklu til þjóðfélagsins.

Ég held að fólk átti sig t.d. ekki á því alla jafna að útför sem nú þegar kostar fólk stórar upphæðir mundi kosta mun meira ef borga þyrfti raunkostnað fyrir kirkju, prest, organista, kirkjuvörð, þrif o.s.frv. Stofnun sem tæki að sér slíka þjónustu þyrfti líklega að setja upp 2-300 þúsund krónur fyrir þjónustuna sem nú er innifalin í sóknargjaldinu. Auðvelt er t.d. að bera saman að ferming kostar 9.300 krónur í þjóðkirkjunni skv. gjaldskrá ráðuneytis en við það bætast kennslugögn o.fl. Þannig að í minni sókn verður heildarkostnaður fyrir allan veturinn 15 þúsund krónur. Fermingin sjálf kostar hins vegar ekkert. En hjá Siðmennt er mér tjáð að það sem þau kalla „fermingu“ kosti í undirbúningi 25 þúsund og athöfnin sjálf 15 þúsund, samtals 40 þúsund krónur. Líklega er það raunkostnaður sem gæti þó verið hærri en það fer eftir stærð hópsins hverju sinni og hagkvæmni.

Laun presta eru að vísu ekki í þessu dæmi sem hér hefur verið rakið að framan. Laun presta koma úr ríkissjóði en þau eru afgjald af jörðum sem kirkjan átti en ríkið fékk til eignar skv. samningi milli ríkis og kirkju sem gerður var árið 1997. Laun eru því ekki kostuð af ríkinu, svo því sé nú haldið til haga. Greiðslur til presta fyrir prestsverk eru hluti launa þeirra og aukaverkagreiðslurnar m.a. hugsaðar þannig að með þeim sé prestum sem vinna fleiri prestsverk en aðrir, s.s. skírnir, hjónavígslur og útfarir, umbunað fyrir meira vinnuframlag. Að öðru leyti eru prestar með sömu grunnlaun en þó hafa allmargir prestar, einkum á landsbyggðinni, tekjur af rekstri prestssetursjarða og hlunnindum af þeim.

> **➜ Minnsti golfklúbburinn á höfuðborgarsvæðinu veltir hærri upphæð en annar fjölmennasti söfnuður í Reykjavík. Klúbburinn rekur starf í fimm mánuði en kirkjan í tólf mánuði.**

### Fjögurhundruðkallinn?

Eins og fram kom í systurgrein þessarar hefur 600 manna golfklúbbur meiri tekjur en kirkjusókn með ríflega tífalt fleiri meðlimi. Minnsti golfklúbburinn á höfuðborgarsvæðinu veltir hærri upphæð en annar fjölmennasti söfnuður í Reykjavík. Klúbburinn rekur starf í fimm mánuði á ári en kirkjan í tólf mánuði. Núna borga ég sem meðlimur í þjóðkirkjunni um 1.100 krónur á mánuði en sá hængur er á að ríkið skilar ekki nema rúmlega 700 krónum til sóknar minnar. Hér munar um 400 krónum eða rúmlega 36 af hundraði sem hverfa í ríkiskassann.

Hugsaðu um þessi rök sem ég hef nú fært fram í tveimur greinum þegar þú greiðir þínar 1.100 krónur til trúfélags þíns á mánuði og biddu „rangláta ráðsmenn“ ríkisins að skjá til þess að upphæðinni allri verði skilað til þíns safnaðar. Trúfélögin í landinu mega ekki við þessum brigslum. Þau gegna gríðarlega mikilvægu hlutverki í mótun einstaklinga og samfélags. Þjóðkirkjan kostar lítið og starf trúfélaga einnig en þau þurfa nú sem fyrr að fá lögmætar tekjur sínar að fullu. Þau eiga ekki að þurfa að sæta því að vera hlunnfarin og að lög séu brotin á þeim. Við viljum væntanlega öll búa í réttarríki.

Með ósk um gleðileg jól til handa öllum og farsælt golf hjá kylfingum næsta sumar!



# Dýravelferð, við hvað er átt?

DÝRAVERND



**Óskar H. Valtýsson**
félagi í Dýraverndunarsambandi Íslands

Á Alþingi eru til umfjöllunar ný lög um dýravelferð. Upphafsgrein þeirra hljóðar svona:

„Markmið laga þessara er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Enn fremur er það markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.“

Þetta eru sjálfsögð og réttlát markmið í siðuðu nútímasamfélagi, engin ofrausn. Það eru því mikil vonbrigði þegar frumvarpið er lesið áfram og í ljós kemur að höfundar þess hafa ákveðið að réttlát og siðleg meðferð eigi ekki við í eldisiðnaði, þar sem þjáning og neyð dýra er mest. Hvergi í lífríkinu veldur maðurinn jafn miklu kvalræði og skaða eins og í því mikilvirka og ómannúðlega framleiðslukerfi sem eldisiðnaður og verksmiðjubúskapur er. Þar eru bjargarlaus dýr meðhöndluð sem skynlaus væru og gert ókleift að sinna eðlislægum þörfum sínum. Gylta sem allt sitt líf er járnuð þannig af að hún getur aðeins staðið eða legið, ekki snúið sér né sinnt afkvæmum sínum, er ekki laus við vanlíðan, ótta, þjáningu, sársauka og meiðsl. Enn síður getur hún sýnt sitt eðlilega atferli, sem þó er sagt markmið laganna.

### Kvalræði allan tímann

Varphænur, sem troðið er þremur saman í vírbúr sem þrengir svo að þeim að þær geta sig vart hrært, t.d. aldrei breitt úr vængjum, njóta þar með ekki lagaverndar gegn illri meðferð, sem þó er yfirlýst markmið laganna. Flest þessara ólánsömu dýra búa við þetta kvalræði allan þann tíma sem þau lifa og fá aldrei að anda að sér fersku lofti eða líta dagsljós nema þann dag sem þau eru flutt á milli húsa til slátrunar. Í hefðbundnum landbúnaði væri þessi meðferð umsvifalaust skilgreind sem gróft dýraníð.

Ekki láta höfundarnir þar við sitja, heldur setja þeir í nýju lögin sérstök ákvæði sem beinlínis heimila kvalafulla og siðlausa meðferð dýra, t.d. að gelda unggelti án deyfingar. Er mönnum ekki sjálfrátt? Hvers vegna að setja svona ákvæði í lög sem hafa það yfirlýsta markmið að tryggja velferð dýra og koma í veg fyrir að þau þurfi að þola vanlíðan, ótta, þjáningu og sársauka? Hvers vegna að fara svona skelfilega með bjargarlaus dýrin ef hægt er að komast hjá því á einfaldan hátt? Hafa höfundar frumvarpsins yfirleitt kynnt sér aðstæður dýra í eldisiðnaði, t.d. hvernig deyfingarlausar aðgerðir fara fram og hvaða aflífunaraðferðum er þar beitt? Hafa þeir heyrt kvalastunur og þjáningarvein varnarlausra eldisdýra við þær skelfilegu aðstæður sem þeim eru búnar allan þann tíma sem þau lifa? Eru þeir ef til vill ónæmir fyrir öllu slíku?

**➜ Hafa höfundar frumvarpsins yfirleitt kynnt sér aðstæður dýra í eldisiðnaði, t.d. hvernig deyfingarlausar aðgerðir fara fram og hvaða aflífunaraðferðum er þar beitt?**

### Arðsemissjónarmið

Óskiljanleg tillitssemi við arðsemissjónarmið framleiðenda, ásamt skeytingarleysi neytenda, er meginorsök illrar meðferðar dýra. Getur verið að þær þverstæður í frumvarpinu að tiltekin dýr sé boðlegt að pína og kvelja en önnur ekki megi rekja til siðlausrar þjónkunar við fjárhagslega hagsmuni fárra? Rík ástæða er til að spyrja, því fátt annað getur skýrt þetta ráðslag frumvarpshöfunda. Ekki er þeim í nöp við eldisdýrin?

Þetta er ójafn og ljótur leikur og hallar á dýrin blessuð. Þau eiga sér fáa málsvara, öfugt við framleiðendur og neytendur. Í samfélaginu ríkir þegjandi samkomulag um að svona skuli þetta vera.

Það er óbærileg tilhugsun að ný dýravelferðarlög, eins og þau liggja fyrir í drögunum, muni styrkja og viðhalda til frambúðar því skelfingarástandi sem ríkir í eldisiðnaði. Hvetja verður þingmenn og aðra sem með málið fara að grípa í taumana og tryggja öllum dýrum vernd. Ný dýravelferðarlög verða að vera þannig úr garði gerð að þau banni fortakslaust alla illa meðferð dýra, líka eldisdýra. Annað er siðlaust og grimmt og ósamboðið íslensku samfélagi.

# Fræðsla á milli menningarheima

SKIPTINEMAR



**Ragnar Þorvarðarson**
formaður AFS á Íslandi

Aðgengi að þekkingu er í dag orðið auðveldara en nokkru sinni áður og allt virðist í nokkurra smella fjarlægð. Innihaldsríkasta leiðin til að kynnast öðrum menningarheimum og læra ný tungumál er þó að mínu mati enn í gegnum eigin upplifun. Þá einstæðu upplifun hefur AFS á Íslandi boðið upp á í 55 ár.

Það er hreint út sagt ótrúlegt að vakna með nýtt og framandi tungumál í eyrunum, sækja skóla í landi sem þú hafðir áður einungis séð á landakorti og fá tækifæri til að öðlast skilning á ólíkri menningu frá fyrstu hendi. Finna þig í aðstæðum sem þú hélst að væru eingöngu til í kvikmyndum.

Að sama skapi er það einstök tilfinning að fá að vera hluti af reynslu nýs fjölskyldumeðlims sem sækir Ísland heim. Hluti af reynslu erlends skiptinema sem fer í sund til að spjalla við pottverja á íslensku eftir einungis nokkra mánuði á landinu. Skiptinema sem tekur sig til og syngur afmælissönginn af innlifun í afmælum fjölskyldumeðlima á tungumáli sem þú hafðir aldrei heyrt áður.

Tilgangur AFS er og hefur ávallt verið að stuðla að fræðslu á milli menningarheima og aðstoða þannig einstaklinga við að þróa þá þekkingu, hæfni og skilning sem þarf til að skapa réttlátari og friðsælli heim. Þetta er starf sem byggir að mestu leyti á framlagi sjálfboðaliða.

### Eykur víðsýni og skilning

Fyrir nokkrum árum var gerð umfangsmikil könnun við Háskólann í Reykjavík um áhrif skiptináms AFS á ungmenni. Í samantekt lokaritgerðar um niðurstöðurnar kemur fram að skiptinám hafi „mikið gildi til frambúðar fyrir þá sem utan fara; tungumálakunnátta þeirra er mun meiri en samanburðarhópsins og gildir það ekki aðeins um þekkingu á tungumáli dvalarlandsins; viðhorf þeirra til útlendinga er jákvæðara og skilningur á framandi menningarheimum, siðum, venjum og gildum þroskaðri en hinna sem ekki fóru.“

**➜ Skiptinemadvöl á vegum AFS er því ekki einungis spennandi og öðruvísi lífsreynsla heldur einnig öflug óformleg menntun um aðra menningarheima sem nýtist sem ómetanlegt veganesti inn í framtíðina.**

Skiptinemadvöl á vegum AFS er því ekki einungis spennandi og öðruvísi lífsreynsla heldur einnig öflug óformleg menntun um aðra menningarheima sem nýtist sem ómetanlegt veganesti inn í framtíðina. Það er ekki eftir neinu að bíða – ég hvet þig til að kynna þér starf AFS nánar á vef okkar, afs.is.

# Lokasenna að Landsbankamáli

VIÐSKIPTI



**Sverrir Hermannsson**
fv. alþingismaður

Þegar þar var komið sögu, að klíkumenn Framsóknar bjuggust um rammlega í Landsbankanum vegna fyrirhugaðrar einkavæðingar hans, þótti þeim fýsilegt að Halldór Guðbjarnason yrði einn bankastjóri við einkavæðinguna. Þessu var honum lofað, en seinna svikið. Honum var bætt tjónið með því að gera hann að framkvæmdastjóra Visa-Ísland. Þar tókst honum svo vel upp að fyrirtækið var sektað um kr. 385 milljónir. Fyrir þá upphæð hefði mátt kaupa veiðileyfi í Hrútafjarðará í 400 – fjögur hundruð – ár, á verðlagi sem gilti þegar þau kaup fóru fram af hálfu bankans.

Síðan var aðförin í bankanum skipulögð. Halldór Guðbjarnason hætti að veiða í Hrútafjarðará, en hóf að safna upplýsingum frá Innra eftirliti um risnu, utanferðir, veiðiskap, hætti að skrifa sjálfur upp á reikninga o.fl. Sá sem útvegaði honum upplýsingarnar heitir Haukur Þór Haraldsson og hefir orðið kunnur af peningamálum og hirðusemi í bankanum, þótt síðar yrði.

### Gróinn siður

En Davíð Oddsson gaf ríkisendurskoðanda, Sigurði Þórðarsyni (Renda), fyrirmælin. Renda var fullkunnugt um, til fjölda ára, að rekstri Landsbankans hafði ekki verið breytt neitt, a.m.k. ekki síðustu tuttugu árin, enda hafði hann skrifað upp á reikninga bankans athugasemdalaust árum saman. En hann gerði sér hins vegar grein fyrir hvað biði hans ef hann gegndi ekki æðsta stjórnanda til sjós og lands, enda maðurinn pólitískt að stöðu sinni kominn. En þegar herförin var komin á fullt skrið og Haukur hinn hirðusami búinn að nesta Halldór bankastjóra setti bankastjórinn sig niður hjá Renda og hóf að lesa upp fyrir honum fræðin sem Innra eftirlit Hauks hafði tekið saman. Þau fræði voru ekki öll vandlega unnin, en flutt samt. Hefði þó bankastjórinn átt að gæta sín betur. Svo dæmi sé tekið: Það var gróinn siður í Landsbanka, að bankaráðið hélt hóf mikið við hvern hundraðasta fund ráðsins, sem haldinn var. Þar kom á þessum tíma að sá sextánhundraðasti var haldinn. Var þá boðið til mikils hófs á Hótel Sögu undir stjórn formanns bankaráðs, Eyjólfs K. Sigurjónssonar. Í lok hófs kvittaði Sverrir Hermannsson fyrir af hálfu bankans. Þeim reikningi, sem nam 330 þús. kr., mötuðu þeir kumpánar, Halldór og Haukur hirðusami, Renda á sem einkarisnu Sverris!

**➜ Það eina sem Framsóknarklíkan hafði upp úr krafsinu var VÍS-bréfin, sem seld voru þeim á 6,8 milljarða króna, en þeir komu svo í verð tæpum þremur árum síðar fyrir 31,5 milljarða króna.**

Þannig voru vinnubrögðin. Má m.a. geta þess að laxveiðikaupum í Hrútafjarðará var slitið í febrúarlok 1997, þegar Árni Tómasson vakti athygli á að þau kaup gætu valdið tortryggni. Til þeirra kaupa var upphaflega stofnað af yfirvöldum í bankanum og alltaf afgreidd af Renda athugasemdalaust.

### Á fullum dagpeningum

Þegar Jón Steinar Gunnlaugsson hafði yfirfarið málsgögn að beiðni bankaráðs gagnrýndi hann nokkur atriði, en engin af þeim voru ný af nálinni heldur tíðkuð í bankanum áratugum saman. T.d. upplýsti þáverandi formaður bankaráðs, Pétur Sigurðsson, að fyrirrennari Sverris í bankastjórastól hefði síðasta ár sitt varið meiru en hálfu þess í utanlandsdvöl – á fullum dagpeningum.

Björgvin Vilmundarson var gagnkunnugur öllum starfsháttum bankastjórnar áratugi aftur í tímann og var eftir þeim farið í hvívetna af nýjum mönnum í embættunum. Enda lagði Jón Steinar ekki til neinar refsingar, þótt gagnrýninn væri á einstaka atriði. Bankastjórarnir héldu öllum sínum hlunnindum, fullum uppsagnarákvæðum og eftirlaunum.

Það eina sem Framsóknarklíkan hafði upp úr krafsinu var VÍS-bréfin, sem seld voru þeim á 6,8 milljarða króna, en þeir komu svo í verð tæpum þremur árum síðar fyrir 31,5 milljarða króna. En Landsbankann fengu þeir ekki, enda sviku þeir Halldór Guðbjarnason um bankastjórastöðuna, og settu handbendi Finns Ingólfssonar í embættið. Bæði voru skæðin góð á Framsóknarvísu.

Vonandi verða stjórnarhættir Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar uppi meðan land byggist. Ella biði þjóðarinnar líklega annað stórslys.

Eftir dúk og disk kom svo formaður Sjálfstæðisflokksins, Davíð Oddsson, á fund ritstjóra Morgunblaðsins, Matthíasar Johannessen og Styrmis Gunnarssonar og lýsti yfir: „Landsbankamálið var allt tómt fát og fum. Sverrir hafði ekkert gert af sér.“

Taki þeir til sín sem eiga.






# *Ítalir byrja daginn á LavAzza*

Nú hafa **AEG** og **LAVAZZA** sameinast um að gera þér kleift ***að njóta þess besta*** sem ítölsk kaffimenning hefur upp á að bjóða – ***alla daga***.




***GLÆSILEGT JÓLATILBOÐ:***
***Kr. 29.900,-***

***Kaupauki:***
24 kaffihylki fylgja hverri vél

***2 fyrir 1 tilboð:***
Á *A Modo Mio* kaffihylkjum til jóla

**FAVOLA PLUS** kaffivélin frá AEG er hönnuð í samstarfi við LavAzza á Ítalíu, einum virtasta kaffiframleiðanda heims.

Vélin notar hylki með sérvöldu kaffi frá LavAzza sem töfrar fram ljúffenga kaffidrykki. Lagaðu þinn eigin **Cafe Latte**, **Cappuchino**, **Espresso** og **Americano** á einfaldan og fljótlegan hátt. Fjöldi kaffitegunda í boði frá LavAzza.

LAVAZZA ITALY'S FAVOURITE COFFEE

ORMSSON

AEG

// LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS · VERSLANIR UM LAND ALLT

EKKI ER ALLT SEM SÝNIST




„... rekur mann áfram við lesturinn ... hressilega skrifuð ...“

EIRÍKUR GUÐMUNDSSON / KILJAN

„Árni skrifar skemmtilegan stíl og það er gaman að lesa ... fyndinn ... prýðileg glæpasaga ...“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„...vel smíðaður reyfari, rækilega tengdur íslenskum samtíma.“

ÞORGEIR TRYGGVASON / RÁS 2

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


# Vei kirkja, svei kirkja

TRÚMÁL



**Pétur Björgvin Þorsteinsson**
djákni í Glerárkirkju

Heimsóknir leikskóla- og grunnskólabarna í kirkjur hafa verið nokkuð til umræðu í fjölmiðlum á þessari aðventu. Því ber að fagna. Sátt um sambúð ólíkra hefða í samfélaginu hefst með hreinskiptinni umræðu. Það á sérstaklega við ef við sem tökum til máls erum vel upplýst og sýnum hvert öðru þá virðingu að fara með rétt mál. Vissulega getur það verið vandasamt, því eins og við vitum vill veruleikinn gjarnan vera flókinn. Þá hættir okkur til að opinbera eigin fordóma þegar við tjáum okkur um eigin menningu og annarra, sérílagi þá þætti menningar sem þykja á hverjum tíma viðkvæmir.

**Hvað vill djákninn upp á dekk?**

Ég er djákni í Glerárkirkju á Akureyri og formaður Æskulýðsnefndar Þjóðkirkjunnar. Ég reyni að vera meðvitaður um eigin fordóma þegar ég vel orðin í þennan pistil og bið þig sömuleiðis að íhuga hvort eða hvernig þínir fordómar geti litað orð mín. Sem samfélag höfum við valið hin síðustu ár að skilgreina umræðuna um trúmál sem menningarlega viðkvæman þátt. Sú ákvörðun hefur bæði verið tekin á meðvitaðan og ómeðvitaðan hátt inni á heimilum, á kaffistofum vinnustaða, í fjölmiðlum, innan Þjóðkirkjunnar, innan lífsskoðanafélaga, í nefndum, sveitarstjórnum og á Alþingi. Afleiðingin er sú að umræðan um trúmál snýr fyrst og fremst að hugsanlegum vandamálum sem geta fylgt trú og einstaklingurinn upplifir oft að ekki sé tekið tillit til trúarafstöðu hans.

**Jaðarsetning trúmála**

Jaðarsetning leiðir til flokkadrátta þar sem andstæðuparið „við“ og „þið“ er alið á hlaðborði einstaklingshyggjunnar. Þannig hrópa sum okkar í umræðunni um Þjóðkirkjuna: „VEI KIRKJA“. Önnur okkar hrópa: „SVEI KIRKJA“. Hvorugt er til þess fallið að sátt skapist í samfélaginu um sambúð ólíkra menningarhefða. Allt of sjaldan gefst tækifæri til að spyrja hvers vegna svona er komið fyrir okkur, íslenskri þjóð sem hefur margt vitur mannsbarnið alið.

Ég tel jaðarsetningu trúmála meðal annars stafa af skorti á mannréttindafræðslu á Íslandi frá lokum seinni heimsstyrjaldar til dagsins í dag. Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna var samþykkt 10. desember 1948. Fjórum árum seinna skrifuðu Íslendingar undir þessa yfirlýsingu, en þá gerðumst við aðilar að Sameinuðu þjóðunum. Þar kemur meðal annars fram að viðurkenna ber að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin, og það sé undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum. En það er ekki nóg að einhver skrifi falleg orð á blað. Við, mannfólkið, þurfum að tileinka okkur það sem þar stendur ef við viljum ná árangri. Þess vegna er mannréttinda- og lýðræðisfræðsla svo mikilvæg. Ef innleiðing nýrrar námskrár tekst eins og lagt er upp með mun verða mikil bragarbót hvað þátt lýðræðis og mannréttindafræðslu varðar í skólastarfi.

**Í takti við nútímann**

Fyrir tíu árum setti Evrópuráðið á fót nýtt verkefni varðandi trúarlegu víddina í fjölmenningarsamfélaginu því þá þótti einsýnt að mikilvægt væri að skoða áskoranir samtímans varðandi kennslu í fjölmenningarlegu samhengi, sérílagi þann þátt sem snéri að trúarlegum fjölbreytileika og þvertrúarlegu samtali. Ein afurð framangreinds átaks var bókin „Religious diversity“. Dr. César Bîrzea, forstöðumaður rannsóknarstofnunnar í menntunarfræðum í Búkarest, ritar fyrsta kafla bókarinnar. Þar leggur hann meðal annars áherslu á að til þess að árangur náist af fjölmenningarlegu námi þurfi margt að koma til. Í fyrsta lagi þurfi markvissa stefnumörkun af hendi stjórnvalda, í öðru lagi þurfi breytt vinnubrögð hvers konar stofnana og aðila í samfélaginu og í þriðja lagi þurfi að endurskoða þær aðferðir sem beitt er við formlega og óformlega kennslu.

> **Í mínum huga er Þjóðkirkjan kirkja sem er vel burðug til þess að vinna markvisst að uppbyggingu á lýðræðis- og mannréttindafræðslu á eigin vettvangi og smita þannig út frá sér inn í þjóðfélagið.**

**Að stuðla að samtali**

Ég hefði viljað sjá okkur í Þjóðkirkjunni axla þá ábyrgð að vera leiðandi í stefnumótun um hlutverk kirkjunnar í breyttu samfélagi. En við höfum látið reka á reiðanum. Andvaraleysi okkar hefur skapað vissa úlfúð því skiljanlega eru þau sem eiga í samskiptum við Þjóðkirkjuna þreytt á því að hún skuli ekki vera í standi til að bregðast við á faglegan hátt. Að sama skapi hættir okkur sem störfum í kirkjunni til að bregðast við umræðunni á tilfinningalegum nótum í stað þess að greina stöðu mála, setja okkur gæðavísa og fylgja þeim.

Í mínum huga er Þjóðkirkjan kirkja sem er vel burðug til þess að vinna markvisst að uppbyggingu á lýðræðis- og mannréttindafræðslu á eigin vettvangi og smita þannig út frá sér inn í þjóðfélagið. Við þurfum að stuðla að samtali um hefðir, trú og gildi. Ég vil ekki vera hluti af kirkju sem sést varla því hún hefur einangrað sig sökum eigin geðþótta. Ég vil vera hluti af kirkju sem þjónar samfélaginu og getur sinnt mörgum hlutverkum. Fræðsla til skóla er eitt hlutverkið. Bænahald er allt annað hlutverk. Þeim blanda ég ekki saman því í mínum huga eru mannréttindi æðsta boðorðið. Okkar sem störfum í kirkjunni bíður það verkefni á nýju ári að ákveða hvernig við viljum haga þessum málum frá okkar hálfu í framtíðinni.

# Ferðasjóður íþróttafélaganna

ÍÞRÓTTIR



**Helga Steinunn Guðmundsdóttir**
ritari framkvæmdastjórnar Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands

Á fundi ríkisstjórnar Íslands í mars 2006 var samþykkt að koma á fót Ferðasjóði íþróttafélaga, sem ætlað var að jafna aðstöðumun og efla íþrótta- og forvarnarstarf. Íþróttahreyfingin hafði þá í áratug barist fyrir því að slíkur sjóður yrði stofnaður, ekki síst með tilliti til bætts öryggis iðkenda á ferðalögum á vegum íþróttafélaga. Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands var falin umsjón og umsýsla sjóðsins.

Framlag ríkisins var ákveðið 180 m.kr. til þriggja ára og skiptist á eftirfarandi hátt:

Árið 2007 30 m.kr., árið 2008 60 m.kr. og árið 2009 90 m.kr.

ÍSÍ úthlutaði 30 m.kr. til íþrótta- og ungmennafélaga vegna ársins 2007 en strax árið 2008 var framlag til sjóðsins skert um milljón og því úthlutað 59 m.kr. vegna keppnisferða 2008. Í kjölfar efnahagshrunsins á landinu árið 2008 fékk ÍSÍ einungis 60 m.kr. úthlutað í stað þeirra 90 m.kr. sem áður höfðu verið samþykktar sem framlag ríkisins til sjóðsins vegna ársins 2009. Þrjátíu m.kr. af framlaginu var frestað og ekki til þeirra spurst síðan.

Árið 2010 var framlag ríkisins til sjóðsins 57 m.kr. og árið 2011 54,1 m.kr. Á síðasta ári var samþykkt 12 m.kr. aukaframlag til Ferðasjóðs íþróttafélaga á síðustu metrum fjárlagagerðar sem hífði framlagið upp í 64,7 m.kr. Í drögum að Fjárlögum Alþingis fyrir árið 2013 er framlagið svo fallið niður í 52,7 m.kr. og munar um minna á erfiðu árferði. Í viðkvæmum rekstri íþróttafélaga er óstöðugleiki í úthlutunum ekki til að einfalda hlutina.

**Lykilhlutverk**

Á þeim fimm árum sem sjóðurinn hefur verið til hefur allur kostnaður við keppnisferðir aukist gríðarlega, ekki síst með hækkunum á eldsneyti og flugfargjöldum. Ferðakostnaður er að sliga mörg íþróttafélög í landinu. Ferðasjóður íþróttafélaga hefur spilað lykilhlutverk í því að gera íþrótta- og ungmennafélögum landsins kleift að taka þátt í öflugu mótastarfi hreyfingarinnar. Ljóst er þó að framlag úr sjóðnum dreifist á marga aðila og verður því ekki nema dropi í hafið þegar heildarferðakostnaður íþróttahreyfingarinnar er skoðaður.

Á síðasta ári nam heildarupphæð umsókna í sjóðinn ríflega 430 m.kr. Þá er ótalinn gistikostnaður, uppihald og annar kostnaður sem til fellur við slík ferðalög því einungis má telja til beinan ferðakostnað í umsóknum, þ.e. bensín- og aksturskostnað, bílaleigu, flugfargjöld og kostnað við ferjuflutning. Ekki eru öll mót styrkhæf og ekki er veittur styrkur vegna ferða sem eru innan við 150 km aðra leið.

Í gagnagrunni Ferðasjóðs íþróttafélaga er að finna áhugaverðar upplýsingar um þann dugnað og elju sem íþróttahreyfingin og sjálfboðaliðar hennar sýna við það að skapa börnum og unglingum tækifæri til að etja kappi við jafnaldra sína í öðrum landshlutum. Hætt er við að íþróttalífið í landinu yrði litlaust ef félög úr öllum landshlutum gætu ekki lengur sent lið til keppni sökum ferðakostnaðar.

> **Á síðasta ári nam heildarupphæð umsókna í sjóðinn ríflega 430 m.kr. Þá er ótalinn gistikostnaður, uppihald og annar kostnaður sem til fellur við slík ferðalög því einungis má telja til beinan ferðakostnað í umsóknum, þ.e. bensín- og aksturskostnað, bílaleigu, flugfargjöld og kostnað við ferjuflutning.**

Í fjölmiðlum hefur nýlega komið fram að íþróttafélög á landsbyggðinni ætli sér frekar að aka með lið sín en að taka flugið í vetur sökum mikilla hækkana á flugfargjöldum á milli ára. Þá má spyrja sig hvort upphaflegt markmið sjóðsins um öryggi iðkenda séu að verða undir í viðleitni íþróttafélaga við að halda rekstrinum réttu megin við núllið.

Það er von okkar í íþróttahreyfingunni að fjárveitingavaldið kynni sér málefni Ferðasjóðs íþróttafélaga vel og vinni að því að tryggja meira og stöðugra fjármagn í sjóðinn svo að áfram megi verða öflugt og fjölbreytt íþróttalíf um allt Ísland.

# @ HARÐIR PAKKAR

## ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI

## LEIKJAMÚS

**CM Storm Inferno**
Frábær leikjamús, 4000DPI, hlaðin möguleikum m.a. 9 forritanlegir hnappar.

CM STORM

**8.950**

## LEIKJALYKLABORÐ

Logitech

**Logitech G105**
Glæsilegt leikjalyklaborð með baklýstum tökkum, 6 forritanlegir G hnappar.

**12.450**

## SOLID STATE DISKUR

**OCZ Agility 3 MLC NAND**
120GB SSD drif 525MB/s read, 500MB/s write, snildar uppfærsla fyrir hvort sem er fartölvur eða borðtölvur.

OCZ Technology

**20.750**

## LEIKJATÖLVA

COOLER MASTER · UNLOCKED FX PROCESSOR AMD

QuadCore

120GB SSD DRIF

**AMD TÖLVA 3**
- CoolerMaster Elite K350 leikjaturn með glugga
- AMD Bulldozer FX-4100 QuadCore örgjörvi
- 8GB Dual DDR3 1600MHz vinnsluminni
- DVD og CD skrifari
- 120GB OCZ Agility 3 SSD Drif
- Geforce N650GTX 1GB GDDR5 skjákort
- Windows 8 64bita

Windows 8

**119.950**

## HEYRNARTÓL

PHILIPS

**Philips SHP1900**
Sértaklega þægileg heymartól, létt og hylja eyrun alveg, skila mjög góðum hljóm.

**2.950**

## HEIMILISTÖLVA

COOLER MASTER · A6 AMD

120GB SSD DRIF

**AMD TÖLVA 2**
- CoolerMaster Elite 342 mini turn
- AMD Trinity A6 5400K DualCore örgjörvi
- 8GB Dual DDR3 vinnsluminni
- DVD og CD skrifari
- 120GB OCZ Agility 3 SSD drif
- Radeon HD7540D 2GB skjákjarni
- Windows 8 64bita

Windows 8

**89.950**

## 7" SPJALDTÖLVA

nextbook

Android 4.0

**Nextbook Premium 7**
Létt og nett spjaldtölva með ARM Cortex-A8 örgjörva, 512MB minni, 4GB geymsluplássi, 7" WideScreen skjá og Android 4.0 stýrikerfi.

**13.950**

## 15,6" FARTÖLVA

15,6"

**Acer Aspire AE1531**
- Intel B830 Dual Core örgjörvi
- 4GB DDR3 minni
- 500GB SATA harðdiskur
- DVD ±RW og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Intel HD skjákort
- HD vefmyndavél í skjá
- Windows 8 64-BIT

acer

Windows 8

**89.950**

## 21,5" LED SKJÁR

21,5"

**Acer 21,5" V223HQVqbd**
LED LCD TN skjár með 1920x1080 upplausn, 5ms svartíma, VGA og DVI tengi.

acer

**22.950**

## 1TB TV FLAKKARI

1080P HDMI

UNITED

**United 9560**
3.5" Full HD margmiðlunar-spilari með HDMI, Composite og Optical tengjum, innb. SD/MMC kortalesara USB Uplink ofl.

1TB

**29.950**

## MÚSARMOTTA

RAZER

**Razer Scarab**
Battlefield 3 Collectors útgáfa.
Frábær leikjamotta í glæsilegri tösku.

**3.950**

## TÖLVUVIÐGERÐASETT

MANHATTAN

*Lóðbolti fylgir.*

**Manhattan TOOLKIT**
17 stykkja viðgerðasett fyrir tölvur og tengd tæki.

**4.450**

@tt.is
*Allt tölvutengt á betra verði*

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 950 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
*Allt tölvutengt á betra verði*

# Staðreyndir um löggæslu á Íslandi

LÖGREGLA



**Runólfur Þórhallsson**
lögregluvarðstjóri

Ríkið heldur úti starfsemi lögreglunnar segir í 1. gr. lögreglulaga, til þess að tryggja öryggi borgaranna, segir í 2. gr. Það þarf fjárveitingar og lagaleg úrræði til þess að tryggja þessa lagaskyldu.

Ein meginniðurstaða 22. júlí nefndarinnar um harmleikinn í Ósló og Útey á síðasta ári er sú að norsk stjórnvöld hafi brugðist í því hlutverki sínu að vernda borgarana. Til að skerpa á þeirri fullyrðingu segir síðan: „Skjótari viðbrögð lögreglu voru raunverulegur möguleiki.“ Önnur meginniðurstaða nefndarinnar er sú að viðhorf til löggæslu verði að breytast. Þetta er afar athyglisvert og rímar við tilfinningu lögreglumanna. Stjórnmálamenn og almenningur verða að horfast í augu við þá staðreynd að velferðarkerfið er einskis virði ef öryggi borgaranna er ekki tryggt. Að tryggja öryggi samfélagsins er frumskylda ríkisvaldsins. Þegar það er tryggt er rétt að fara að huga að öðrum þáttum velferðarkerfisins.

Á Norðurlöndum sem og annars staðar hefur tilfellum fjölgað að þar sem einstaklingar undirbúa sig mánuðum saman með það að markmiði að drepa samborgara sína. Dæmi frá Finnlandi, Danmörku og Noregi og Þýskalandi sýna okkur það. Þetta og skipulögð glæpasamtök eru stærstu áskoranir lögreglumanna. Mikið vantar upp á að íslenskir lögreglumenn geti tekist á við þessar áskoranir.

Lögreglumönnum hefur fækkað verulega. Verkefnin eru á sama tíma flóknari og hættulegri. Akstur lögreglubifreiða og þar með sýnileiki hefur dregist saman um þriðjung á öllu landinu. Víða á landsbyggðinni hefur lögreglustöðvum verið lokað og mörg lögreglulið hafa þurft að leggja af sólarhringsvaktir og banna almennt eftirlit á lögreglubifreiðum til að ná endum saman. Einungis er heimilt að aka í útköll.

### Hrollvekjandi staðreynd

Nám við Lögregluskólann hér á landi er mun styttra en í öðrum norrænum ríkjum, auk þess sem hann er metinn til færri framhaldsskólaeininga en öryggisvarðanámskeið hjá Mími. Þetta er ísköld hrollvekjandi staðreynd. Síðan ég fór í Lögregluskólann 1992 hefur bóklega námið ekkert lengst, starfsnámið hefur styst og lítil þróun orðið í námsefninu. Endurmenntun lögreglumanna hér hefur nánast þurrkast út miðað við fyrri tíma. Handtökuþjálfun, taktík og sjálfsvarnarþjálfun er lúxus sem almennir lögreglumenn lesa bara um í erlendum fagtímaritum.

Lagaheimildir til rannsókna hér standa heimildum lögreglu í nágrannalöndum okkar langt að baki. Nýlegt frumvarp innanríkisráðherra er því miður engin lausn á þeim vanda. Um það eru fagaðilar sammála. Það eru engin skynsamleg rök fyrir því að íslenska lögreglan hafi ekki sömu rannsóknarúrræði og starfsbræður þeirra annars staðar á Norðurlöndum og víðar. Innanríkisráðherra greip nýverið til þess ráðs að takmarka rannsóknarúrræði lögreglu með breytingum á sakamálalögum. Enda var prófkjör fram undan.

Afleiðing stöðugs niðurskurðar og skilningsleysis er of fámenn, vanbúin, of lítið menntuð og lítið þjálfuð löggæsla sem getur engan veginn haldið úti markverðu sýnilegu eftirliti né hefur næg rannsóknarúrræði til að takast á við það verkefni að tryggja öryggi borgaranna.

### Ekki hlustað

Innanríkisráðherra er duglegur að minna lögreglumenn á að hér hafi nú orðið hrun og því séu engir peningar til. Hversu lengi á sú afsökun að duga? Það hefur margsýnt sig að Alþingi hefur undanfarin ár ráðstafað verulegum fjármunum í ýmis pólitísk hugðarefni. Grænkun fyrirtækja fær t.d. 500 milljónir skv. fjárlögum sem liggja nú til afgreiðslu. Forgangsröðunin er einfaldlega röng. Ábyrgðin er hjá stjórnmálamönnunum. Það var niðurskurður hjá lögreglunni í Ósló sem varð til þess að flugmenn lögregluþyrlunnar voru sendir í sumarfrí án afleysinga. Lögreglustjórinn í Ósló gerði dómsmálaráðherranum grein fyrir þessu skömmu fyrir 22. júlí 2011. Það er alveg ljóst hvar ábyrgðin liggur á því að lögreglumenn komust ekki nógu snemma til Úteyjar.

Ítrekað undanfarin misseri hafa fagsamtök lögreglumanna krafist þess að mannafla og fjárveitingarþörf lögreglu og öryggisstig fyrir Ísland verði skilgreint. Á þetta hefur ekki verið hlustað. Yfirmenn lögreglu eru tregir til að játa þessa stöðu í fjölmiðlum enda alls ekki gott að segja löggæsluna veikburða. Fjárveitingar til lögreglu hafa að raunvirði dregist saman um milljarða. Frumvörp til lögreglulaga og annarra lagalegra úrræða litast af pólitískum áherslum en ekki raunverulegum þörfum lögreglunnar.

Stjórnmálamenn verða að axla ábyrgð á frumskyldum sínum. Að tryggja öryggi borgaranna. Það kom í ljós að norskir stjórnmálamenn brugðust skyldum sínum. Hvað ætla þeir íslensku að gera?

**→ Nám við Lögregluskólann hér á landi er mun styttra en í öðrum norrænum ríkjum, auk þess sem hann er metinn til færri framhaldsskólaeininga en öryggisvarðanámskeið hjá Mími. Þetta er ísköld hrollvekjandi staðreynd.**

# Já, þú varst að vekja mig

SAMFÉLAGSMÁL



**Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir**
forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Vestfjörðum

Ég lærði nýtt hugtak í dag, póstfemínískt „móðurhlutverksblæti“. Ég er 36 ára og er að ljúka mínu þriðja, og vonandi síðasta, fæðingarorlofi. Eftir að dóttir mín fæddist í maí á þessu ári hafa tilfinningar og hugsanir um samfélagslegar væntingar til móðurhlutverksins orðið sífellt ásæknari. Umræða um móðurhlutverkið og fæðingarorlof markar þennan tíma, fyrst með nýfæddu barni forsetaframbjóðenda og nú með kynbundnum rétti foreldra við yfirvofandi breytingar á fæðingarorlofi. Á sama tíma kemur í ljós að á þeim tuttugu árum sem hafa liðið síðan ég og mínir jafnaldrar svöruðum spurningakönnun um hlutverk kynjanna hefur skilningur unglinga á jafnrétti og stöðu kvenna færst aftur um áratugi.

Rúmum mánuði eftir að dóttir mín fæddist þurfti ég að fara á fund til Reykjavíkur. Dóttir mín kom með enda leið sjaldan lengra en tvær klukkustundir á milli brjóstagjafa á þessum tíma og við búum á landsbyggðinni. Á leiðinni heim var hringt í mig frá Heilbrigðisstofnun byggðarlagsins og hjúkrunarfræðingur bauð upp á valfrjálsa heyrnarmælingu fyrir dótturina, mælingu sem átti að fara fram tveimur dögum seinna. Þann dag rann út frestur til að senda styrkumsóknir í Rannsóknarsjóð Íslands. Ég var að vinna að umsókn sem skipti mig miklu, bæði fjárhagslega og faglega, og þurfti að nýta allan þann tíma sem ég hafði aflögu. Ég afþakkaði því gott boð, taldi mig þegar hafa orðið vitni að ágætri heyrn dóttur minnar auk þess sem tíminn hentaði illa. Næsta morgun var aftur hringt og boðið ítrekað, ég endurtók að það stæði illa á og þar sem skoðunin væri ekki hluti af hefðbundnu ungbarnaeftirliti kysi ég að afþakka. Hjúkrunarfræðingurinn svaraði að bragði „ef þið eruð vanar að sofa fram yfir hádegi get ég alveg gefið þér tíma seinnipartinn“. Ég varð orðlaus yfir fordómunum sem fólust í þessum orðum stamaði „já ókei“ og kvaddi. Bjó ég virkilega í samfélagi þar sem móðir með ungt barn getur ekki haft neinum aðkallandi erindum að sinna öðrum en að sofa fram yfir hádegi?

### Mömmumorgnar

Þegar ég eignast mitt fyrsta barn í janúar 2004 hafði fæðingarorlofsréttur nýlega verið lengdur og feður höfðu fengið sjálfstæðan rétt til orlofstöku. Við foreldrarnir skiptum þessum níu mánuðum jafnt á milli okkar, ég man ekki eftir að annað hafi komið til tals. Á sama tíma og orlofið er lengt, eða kannski vegna þess, eykst á þessum tíma framboð á vörum og afþreyingu sem er sérstaklega beint að nýbökuðum mæðrum. Hægt er að velja um mismunandi mömmuhópa, mömmumorgna, leikfimi fyrir ungabörn og auðvitað fyrir mæðurnar. Hefði maður verið vakandi fyrir því þá var blætisvæðingin þegar komin vel af stað. Mæður og mömmuhópar voru gjarnan flokkaðir, „tengslamömmur“, „taubleiumömmur“ og „slingmömmur“ voru algeng hugtök. Í sex vikna heimsókninni hvatti heimahjúkrunarfræðingurinn mig til að sækja einhverja af þessum hópum þar sem mörgum þætti það leiðigjarnt að vera svona lengi heima með smábarn. Ég taldi mig ekki hafa tíma til þess enda þyrfti ég að skila lokaeintaki af doktorsritgerðinni minni eftir fjóra mánuði. Samtalinu lauk á þeim nótum.

### Slingberandi jógamamma

Ég hef aldrei haft mikla þörf fyrir að skilgreina sjálfa mig sem hluta af stefnum eða menningarkimum. Kannski þess vegna tók ég ekki eftir þeim breytingum sem hafa orðið á samfélagslegum væntingum til mæðra á þessum átta árum sem liðu á milli fyrsta og þriðja fæðingarorlofs. Það hvarflaði t.d. aldrei að mér að þar sem ég baka mjög gjarnan möffins, snúða og gerbollur – jafnvel eftir uppskriftum sem mamma lærði í húsmæðraskóla á sínum tíma – að ég tilheyrði retro-bakstursbylgjunni. Bylgju sem er víst ekki óalgeng meðal kvenna af minni kynslóð. Enn síður gerði ég mér grein fyrir því að sem bakandi, mjólkandi, slingberandi jógamamma væri ég kannski sjálf hluti af upphöfnu móðurhlutverksblæti.

En kannski snýst þetta alls ekki um þessa yfirborðskenndu hluti og hópaskiptingar, þetta snýst um val. Ekki val um að sinna frama og barnauppeldi eða val á milli frama og barnauppeldis heldur val um að vera einstaklingur. Einstaklingur sem hefur vitsmunalegar, andlegar og tilfinningalegar þarfir hvað sem foreldrahlutverkinu líður. Það hlýtur að koma samfélaginu til góða að öllum sé gefið jafnt tækifæri til að vera skapandi og virkur alla ævi, jafnvel í fæðingarorlofi. Móðurhlutverkið verður aldrei skilgreint út frá bollakökum eða taubleium heldur þarf hver og ein móðir að fá tækifæri til að sinna því á sínum forsendum.

Fyrir nokkrum dögum var aftur „umsóknadagur“. Ég sit sveitt við tölvuna rétt fyrir hádegi þegar síminn hringir. Eins og svo oft næ ég ekki að svara en hringi til baka. „Var ég að vekja þig?“ spyr rödd á hinum enda línunnar. Já, kannski varstu að vekja mig. Vekja mig til meðvitundar um að þrátt fyrir að ég hafi notið þess að sinna skapandi og krefjandi námi og starfi ásamt því að eignast þrjú börn þá er það því miður ekki sjálfgefið að dóttir mín muni baráttulaust njóta sömu réttinda.

**→ Bjó ég virkilega í samfélagi þar sem móðir með ungt barn getur ekki haft neinum aðkallandi erindum að sinna öðrum en að sofa fram yfir hádegi?**

VETRARKORT Í BLÁFJÖLL
Tilvalin jólagjöf fyrir alla fjölskylduna



*Sala vetrarkorta er nú í fullum gangi og hægt er að kaupa kortin á tilboðsverði í* ***Hinu húsinu, Pósthússtræti 3–5, kl. 9–13 alla þessa viku.***
*Einnig er hægt að kaupa vetrarkort í gegnum tölvupóst á midar@skidasvaedi.is.*
*Athugið að tilboðsverð á vetrarkortum gildir aðeins út desember.*

***Sjáumst í brekkunum,***
*starfsfólk Skíðasvæðanna.*



SKÍÐASVÆÐIN

Upplýsingasími 530 3000 skidasvaedi.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 123318




Íslenskar Ísfugls

# kalkúnabringur

á hátíðarborðið



*Kalkúnakjöt er vinsæll hátíðarmatur og heilsteiktur fugl gefur réttu fjölskyldustemminguna um jól og áramót.*

*Kalkúnabringur eru einnig góður valkostur í hátíðarmatinn. Þær fást í hæfilega stórum einingum, ferskar, kryddaðar eða fylltar með góðgæti.*

*Kalkúnabringur eru fitusnauðar, ljúffengar og léttar í maga.*
*Taktu því létt og hafðu kalkúnakjöt um hátíðarnar.*

Kalkúnn

**Íslensk framleiðsla**

*Ljúffeng máltíð og létt í maga*

grafika.is / Guðrún Anna 2012

# Kjósendur axli ábyrgð

ALÞINGISKOSNINGAR



**Guðmundur Ragnarsson**
formaður Félags vélstjóra og málmtæknimanna

Næstu alþingiskosningar munu skipta sköpum varðandi áframhaldandi uppbyggingu íslensks samfélags. Ábyrgð á því hvernig til tekst er alfarið í höndum kjósenda, því það eru þeir sem velja með atkvæði sínu þá sem sitja á Alþingi.

Breytingin sem allir hafa beðið eftir í íslensku samfélagi getur hafist nú með nýjum vinnubrögðum í upphafi kosningabaráttunnar fyrir komandi alþingiskosningar. Kjósendur geta framkallað þessa breytingu með því að gera kröfu um að stjórnmálaflokkarnir geri grein fyrir kosningaloforðunum og stefnumálum sínum, með ítarlegri útfærslu á framkvæmd þeirra.

Eitt af mörgum þekktum kosningaloforðum er lækkun skatta; hver hefur ekki heyrt það áður og hver vill ekki lægri skatta? En er það endilega rétta lausnin fyrir viðkomandi kjósanda eða samfélagið, þegar skattalækkanirnar eru framkallaðar með niðurskurði og skertri þjónustu? Þurfi hins vegar sannarlega að skera niður útgjöld, þá verði það sett fram á ábyrgan hátt svo kjósendur geti áttað sig á því og viti hvað þeir eru að styðja með atkvæði sínu. Kjósandinn getur ekki vænst þess að stjórnmálaflokkur standi við kosningaloforðin ef hann gerir ekki kröfu um útfærslu á loforðunum.

### Gamlir frasar

Frambjóðendur eiga ekki að komast upp með það lengur að fara út í gömlu umræðuna um hagræðingu í rekstri og aðra gamla frasa sem við þekkjum, nema koma fram með útfærslu á framkvæmdinni. Kjósandinn verður að axla þá ábyrgð og gera kröfu á þá sem eru að bjóða sig fram til að stjórna og telja sig hafa lausnir á vandamálunum, að þeir viti um hvað þeir eru að tala.

Framtíðarstefna í efnahags- og gjaldmiðlamálum er eitt af stóru málunum sem öll framboð og flokkar verða að setja skýrt fram, framtíð okkar byggist á því. Fjölmiðlafólk verður að vera starfi sínu vaxið og fá svör við þeim spurningum sem verið er að leggja fyrir frambjóðendur. Að hlusta á stjórnmálamenn komast upp með að bulla um allt og ekkert til að komast framhjá því að svara spurningum sem fyrir þá eru lagðar er óþolandi. Fjölmiðlafólk á að hunsa svona frambjóðendur sem ekkert hafa að segja eða hafa ekki getu til að ræða málin af viti.

Að kjósa er mikill ábyrgðarhlutur og einstaklingar verða að taka hlutverk sitt alvarlega, öðruvísi verður engin breyting til batnaðar. Við höfum lent í því með skelfilegum afleiðingum þegar stjórnmálaflokkur, sem var að þurrkast út, lagði fram kosningaloforð til að fá fylgi, sem síðan urðu ein mestu hagstjórnarmistökin í Íslandssögunni. Kjósendur verða líka að átta sig á því hvaða hagsmuni viðkomandi stjórnmálaflokkur er að verja í raun, þó að hann búi til óljósar spariumbúðir um mál til að fá fylgi hjá kjósendum.

### Ný vinnubrögð

Kjósendur verða líka að bera þá ábyrgð að framsettar hugmyndir, t.d. á þeirra skuldavanda sem er mest í umræðunni í dag, bitni ekki á öðrum, t.d. gömlu fólki, sem hefur litla möguleika á að verja hagsmuni sína.

**➜ Að kjósa er mikill ábyrgðarhlutur og einstaklingar verða að taka hlutverk sitt alvarlega, öðruvísi verður engin breyting til batnaðar.**

Það eru mörg erfið mál sem á eftir að leysa og marka stefnu í til framtíðar. Þess vegna hefur það aldrei verið mikilvægara en nú að kjósendur kalli eftir nýjum vinnubrögðum. Eitt mikilvægasta verkefnið til framtíðar er öguð hagstjórn til að koma hér á stöðugleika. Því markmiði verður ekki náð nema að kjósendur taki upp öguð vinnubrögð í komandi kosningabaráttu og geri kröfur á frambjóðendur um að skýra kosningaloforðin og áherslurnar til enda.

Ábyrgð okkar sem kjósenda er að kalla eftir raunhæfum lausnum og gefa ekkert eftir í því að fá þær útfærðar af frambjóðendum. Ef við öxlum ekki þessa ábyrgð sem kjósendur nú munum við halda áfram í íslenskri kyrrstöðupólitík, sem ekkert mun gera annað en endurtaka allt sem við erum búin að fá að ganga í gegnum í áratugi. Það er áframhaldandi óstjórn í efnahagsmálum og hagsmunagæsla fyrir hagsmunasamtök og hinn almenni launamaður fær að borga reikninginn.

Hættum að benda á einhvern annan og öxlum sjálf ábyrgðina á því að velja okkur framtíð sem byggð er á raunsæjum lausnum.

# ESB ákveður leyfilegan heildarafla

EVRÓPUVEFURINN
Er aðildarríkjum takmörk sett við úthlutun kvóta?



**Þorvarður Kjerulf Sigurjónsson**
verkefnastjóri á Evrópuvefnum

Ef til inngöngu Íslands í Evrópusambandið kæmi yrði sú meginbreyting á umhverfi íslenska kvótakerfisins að ákvarðanir um leyfilegan heildarafla íslenskra útgerða yrðu teknar af ráði landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra ESB-ríkjanna í Brussel. Í þessu fælist framsal á valdi sem íslenska ríkið fer með í dag.

Í Evrópusambandinu er veiðiheimildum skipt milli aðildarríkja ESB samkvæmt meginreglunni um hlutfallslegan stöðugleika. Reglan felur í sér að hlutdeild hvers ríkis í leyfilegum hámarksafla skuli byggjast á veiðireynslu þess á tilteknum fiskistofnum en einnig er tekið tillit til svæða sem eru sérstaklega háð fiskveiðum. Þannig eiga veiðar einstakra ríkja að haldast hlutfallslega stöðugar til langs tíma.

Hvert aðildarríki fyrir sig ákveður síðan, í samræmi við sína eigin löggjöf, hvernig það ráðstafar þeim aflaheimildum sem í hlut þess koma. Íslenska kvótakerfið mundi því ekki taka grundvallarbreytingum sem slíkt þótt Ísland gengi í ESB. Ákvarðanir um breytingar á kvótakerfinu yrðu eftir sem áður í höndum íslenskra stjórnvalda.

Þótt aðildarríkin hafi að meginstefnu sjálfstæði um það hvernig þau úthluta sínum landskvóta eru þeim þó ýmis takmörk sett því ákvarðanir aðildarríkjanna mega ekki brjóta í bága við almennar reglur sambandsins.

**➜ Þótt aðildarríkin hafi að meginstefnu sjálfstæði um það hvernig þau úthluta sínum landskvóta eru þeim þó ýmis takmörk sett því ákvarðanir aðildarríkjanna mega ekki brjóta í bága við almennar reglur sambandsins.**

Evrópusambandið getur þannig í vissum tilfellum sett tæknilegar sóknartakmarkanir á einstök mið, til dæmis með því að banna eða takmarka heimildir til veiða með ákveðnum veiðarfærum. Þá getur sambandið einnig sett reglur er varða uppbyggingu eða endurreisn fiskistofna sem hafa verið ofveiddir og aðildarríkjunum er gert að fara eftir.

# Er Reykjavík ljót, döpur, leiðinleg og vanþroskuð?

SKIPULAG



**Ragnar Halldórsson**
ráðgjafi

Arkitektúrinn í Reykjavík er víða hryllilega ljótur og þunglyndislega fráhrindandi. Og skipulagið morandi í óafturkræfum byggingarslysum sem bera vitni um aumkunarverðan skort á fagurfræðilegu skynbragði. Og nú stendur til að bæta enn fleiri forljótum slysum á listann.

Því harmrænu trúðarnir í Ráðhúsinu eru búnir að samþykkja aðför að miðborg Reykjavíkur. Þeir vilja troða þangað ca 290.000 fermetra fangelsislegum verksmiðjukumböldum í formi stærsta sjúkrahúss Íslandssögunnar – á eina fallegustu, dýrustu og eftirsóttustu lóð miðborgarinnar. Sem mun ekki aðeins eyðileggja tækifærin fyrir skemmtilega starfsemi og lífsglatt fólk til að búa þarna – heldur líka sjúkrahúsið sjálft. Og skemma auk þess möguleika miðborgar Reykjavíkur til að þroskast eðlilega.

### Aðþrengd miðborg

Sá agnarsmái blettur sem rúmar miðborg Reykjavíkur er löngu orðinn svo aðþrengdur að miðborgin hefur í mörg ár alls ekki getað þroskast eðlilega. Og á meðan er tíu sinnum stærra flæmi sóað undir steindautt flugvallarmalbik hinum megin við Gömlu Hringbraut. Einmitt þar sem vaxtarmöguleikar miðborgar Reykjavíkur liggja. Auk hinnar rándýru og gullfallegu lóðar sem nú stendur til að eyðileggja undir fárveikt fólk í sjúkrarúmum og illa lyktandi spítalaganga.

Hve mörg forljót og ómanneskjuleg hverfi eru í Reykjavík? Sem þóttu e.t.v. voðalega fín í augum yfirlætisfullra, þröngsýnna og smekklausra verkfræðinga og skipulagsfræðinga á sínum tíma? Vilja Íslendingar að endanlega verði gengið að miðborg Reykjavíkur dauðri? Viljum við fleiri forljótar byggingar og fleiri ómanneskjuleg hverfi sem líta út eins og fangelsishverfi? Meiri ljótleika? Fleiri skipulagsslys?

### Hve margar fjölskyldur?

Hve margar frískar fjölskyldur skyldu geta lifað á u.þ.b. 290.000 fermetrum? Hve margar smáverslanir, kaffihús, gallerí og hótel fyrir ferðamenn? Þetta byggingarmagn er ígildi u.þ.b. 75% af öllu íbúðarrými í 101 Reykjavík! Það er ígildi 5 Flugstöðva Leifs Eiríkssonar, 5 Smáralinda, 12 herstöðva eins og þeirrar sem var á Keflavíkurflugvelli, 25 Orkuveituhúsa, 67 ráðhúsa, 73 Þjóðminjasafna, 149 Þjóðarbókhlaða eða 248 innanríkisráðuneyta!

**➜ Hvers vegna er spítalanum ekki fundin viðeigandi lóð með ofgnótt af plássi þar sem hann getur notið sín fulls?**

Hvers virði skyldi þessi lóð ríkisins við Gömlu Hringbraut, Eiríksgötu og Barónsstíg í miðborg Reykjavíkur vera í peningum – ef hún yrði seld undir blandaða byggð fyrir lífsglatt og fullfrískt fólk sem þráir að búa þarna? Og gömlu byggingarnar e.t.v. undir hótel? Erum við að tala um milljarðatugi? Skyldi e.t.v. vera hægt að greiða fjórðung af byggingarkostnaði við stærsta sjúkrahús Íslandssögunnar á réttri lóð fyrir andvirðið?

### Daprasta svæði Íslands

Miðborg Reykjavíkur er sorglega fábrotin, niðurnídd og líflaus. Hún er orðin að einu daprasta svæði landsins og líkist meira afskekktu grotnandi þorpi en miðborg í höfuðborg vestræns ríkis. Enda nenna fáir þangað til að versla nema ferðamenn og ölótt fólk sem brýtur flöskur þar um helgar. Hús grotna niður, verslanir loka og fólk fer upp í Kringlu eða Smáralind.

Hvers vegna er spítalanum ekki fundin viðeigandi lóð með ofgnótt af plássi þar sem hann getur notið sín til fulls? Í stað þess að eyða í hann dýrasta lóðarfermetraverði landsins þar sem fólk þráir að búa? Og hvað á að gera þegar byggja þarf við risasjúkrahúsið? Hvar á þá að fá lóðarpláss? Á þá að færa það? Því ævaforn áform um nýjan Landspítala við Hringbraut byggðu aldrei á 290 þúsund fermetra risamannvirki.

Þessi áform eru sérstaklega galin og ósmekkleg í ljósi þess að staðsetningin er beinlínis skaðleg hagsmunum sjúkrahússins – sem þarf að laga sig að þrengslum í stað þess að njóta sín fullkomlega á eigin forsendum á plássríkri lóð. Og það er nóg af slíkum lóðum í Reykjavík. Og þá má spyrja: Hvers vegna er Reykjavík jafnljót, jafndöpur, jafnleiðinleg og jafnvanþroskuð og raun ber vitni um? Er það vegna þess að sumir íbúar hennar eru einmitt allt þetta?






# HÁRVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI



**PHILIPS**
**Philips HP4696**
8 hausa gjafasett. Krullu-, sléttu-vöfflu- og slöngulokkajárn ofl.

**VERÐ 7.995**



**PHILIPS**
**Philips HP4669**
SalonStraight Pro sléttujárn með Keramic Thourmaline plötum. Pro styling hiti að 215°. Ion tækni. Stafræn hitastilling.

**VERÐ 7.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**PHILIPS**
**Philips HP8309**
SalonStraight Essential sléttujárn með keramík plötum. Professional styling hitastig að 210°C fyrir allar hárgerðir. 30sek að hitna.

**VERÐ 4.995**
FRÁBÆRT VERÐ



*Nýtt!*
**TONI&GUY**
**Toni&Guy TGIR1919**
Keilujárn með 32mm - 19mm Tourmaline keramík plötum. Mjótt í miðjunni. Hámarkshiti 200°. 360°snúningur á kapli. 3m snúra.

**VERÐ 5.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**TONI&GUY**
**Toni&Guy TGIR1922**
Bylgjujárn með extra djúpum Tourmaline keramík plötum. Hámarkshiti 200°. 360°snúningur á kapli. 3m snúra.
*Nýtt!*

**VERÐ 6.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**PHILIPS**
**Philips HP6373**
Bikini Perfect Trimmer fyrir bikini línuna. 4 stillingar: 2 - 9.5mm. 30 mín. hleðsla.

**VERÐ 9.995**
FRÁBÆRT VERÐ



*Nýtt!*
**TONI&GUY**
**Toni&Guy TGIR1920**
Keilujárn með 13mm-23mm Tourmaline keramík plötum. Hámarkshiti 200°. 360°snúningur á kapli. 3m snúra.

**VERÐ 5.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**TONI&GUY**
**Toni&Guy TGST2991**
Professional sléttujárn með 25mm Tourmaline keramík plötum. Digital hitastillingar 80-230°C. 360° snúningur á kapli. 3m snúra.

**VERÐ 9.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**PHILIPS**
**Philips HP8103**
1400w EasyCare hárblásari með 2 hraðastillingum.

**VERÐ 2.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**VIDAL SASSOON**
**VidalSassoon VSDR5818**
2000w Silky Performance hárblásari með 2 hita- og hraðastillingum. Mjór haus fyrir nákvæmari blástur. Ion conditioning.

**VERÐ 4.495**
FRÁBÆRT VERÐ



**TONI&GUY**
**Toni&Guy TGDR5367**
1700w Professional hárblásari. 2 hita- og 3 hraðastillingar. Cool shot tækni. 3 m kapall.

**VERÐ 8.495**
FRÁBÆRT VERÐ



**PHILIPS**
**Philips HP6341**
Ladyshave dömurakvél með hleðslu. Rakaðu allan líkamann fljótlega, auðveldlega og örugglega. Verndar húðina. Má nota í bleytu. Þægilegt grip.

**VERÐ 3.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**PHILIPS**
**Philips PT710**
PowerTouch rafmagnsrakvél með Super Lift&Cut tækni. Easy Grip fyrir þægilegt grip. Notar HQ8 hausa. Virkar fyrir 100 - 240v kerfi. Má þvo með vatni.

**VERÐ 7.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**VIDAL SASSOON**
**VidalSassoon VSTR8284**
Skeggsnyrtir með sjálfbrýnandi hnífum. 4 stillingar (3-7mm). 8 klst. hleðsla gefur 60 mín. notkun. Gott grip.

**VERÐ 4.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Panasonic**
**Panasonic ESRT33**
3ja blaða hleðslurakvél með öflugum mótor (10.000 sn). Hægt að nota með kremi eða raksápu. Alveg vatnsheld. Bartskeri. Hraðhleðsla.

**VERÐ 12.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Panasonic**
**Panasonic ESSL41**
3ja blaða hleðslurakvél með öflugum mótor (7.600 sn). Hægt að nota með kremi eða raksápu. Alveg vatnsheld. Bartskeri.

**VERÐ 11.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**PHILIPS**
**Philips AT750**
Vatnsheld AquaTouch hleðslurakvél með Super Lift&Cut. Fyrir krem eða raksápu. Fyrir þurran eða blautan rakstur. Verndar húðina. Easy Rubber Grip. HQ8 hausar.

**VERÐ 15.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**OPIÐ TIL KL 22 ALLA VIKUNA**

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500


habitat
NÝJAR VÖRUR -JÓLIN 2012
MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM JÓLAGJÖFUM
30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LJÓSASERÍUM
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓFUM
30% AFSLÁTTUR AF ÖLLU JÓLASKRAUTI
ACCRA hnífapör
16 stk. í pakka
9.500 kr.
OKKO
vekjaraklukka
6.825 kr.
REGENCY púði
5.900 kr.
ADILINE glös
Minna 850 kr.
Stærra 950 kr.
SHADY sloppur
14.625 kr.
SATELLITE
kertastjaki
Tilboðsverð
3.430 kr.
MIKIÐ ÚRVAL AF
FALLEGUM LJÓSASERÍUM
REX matarstell
Verð frá 750 kr.
Fjórir litir
OPIÐ Í KAUPTÚNINU
TIL KL. 22, ÖLL KVÖLD
FRAM AÐ JÓLUM
habitat
Kauptúni og Kringlunni | S. 566 7070 | www.habitat.is

# Allir fá þá eitthvað fallegt…

**20%** afsláttur af öllum sófum

**20%** afsláttur af öllum húsgögnum frá **ETHNICRAFT**

Opið til kl. 22
öll kvöld fram að jólum

Heitt á könnunni í Kauptúninu

Bjóðum vaxtalausar afborganir
í allt að 12 mánuði



PISA tungusófi
Verð áður 285.000 kr.
Nú 228.000 kr.
**19.570 á mánuði**
miðað við 12 mán.
vaxtalausar afborganir*



ETHNICRAFT borð, sporöskjulaga
Verð áður 225.000 kr.
Nú 180.000 kr.
**15.600 á mánuði**
miðað við 12 mán.
vaxtalausar afborganir*



HOPPER tungusófi
Verð áður 295.000 kr.
Nú 236.000 kr.
**20.695 á mánuði**
miðað við 12 mán.
vaxtalausar afborganir*

*Afborganir eru vaxtalausar en 3% lántökugjald bætist við verðið



HUDDLE
myndarammi
8.900 kr.



ZOOLA
skartdýr
1.600 kr.



LITTLE BLACK CORSET
skarthirsla
3.900 kr.

do what you love
love what you do

MANTRA
veggskraut
6.700 kr.



MEADOW
skartstandur
ÁÐUR 2.400 kr.
**NÚ 1.680 kr.**

**30%** afsláttur

umbra



**30%** afsláttur

YOU & ME
myndarammi
ÁÐUR 6.700 kr.
**NÚ 4.690 kr.**

**TEKK COMPANY**

Kringlunni og Kauptúni - Sími 564 4400 - www.tekk.is

Við erum á Facebook

FABRIKAN

KRÓNAN




# Sorgarsaga

MENNTUN



**Dóra Björt Guðjónsdóttir**
hugvísindaspíra og nemi við Háskólann í Ósló

Íslenskt skólakerfi má á margan hátt bæta. Það fag sem ég vil hér ræða er mér hugleikið eftir þriggja ára veru mína í Óslóarborg þar sem ég nem hin ýmsu fræði, en læri þó fremur öðru um mannlífið. Þetta fag er sagnfræðin.

Sem barn á skólabekk upplifði ég sagnfræðina sem hræðilegt fag. Það tengdi saman tvo þætti sem ollu mér hugarangri: Utanbókarlærdóm og ártöl. Mér tókst þó að krafsa mig í gegnum þetta, tilneydd, lærði setningar eins og „X gerði Y árið Z“ utan að og fékk góðar einkunnir á prófum sem oft samanstóðu af því að eiga að tengja saman atburði við ártöl, eins konar krossapróf. Eftir að allri sagnfræðikennslu var lokið hélt ég loks að ég væri laus við þann hausverk sem hún stæði fyrir þar sem ég vissi að ég myndi aldrei að eilífu láta mér detta í hug að halda áfram að romsa upp þvílíkum setningum þegar ég kæmi upp í háskólann. En þó slapp ég ekki jafn auðveldlega og ég vonaði.

Ég flutti til Noregs og hóf heimspekinám við Háskólann í Ósló, og eftir nokkurra mánaða nám fór ég í námsferð til Rússlands ásamt samnemum mínum og vinum. Eitt kvöldið fór ég ásamt góðum hópi á búllu þar sem við bæði snæddum og drukkum. Á einhverju augnablikinu þótti okkur góð hugmynd að fara í leik sem snýst um það að allir fá límdan miða á bakið sem á stendur nafn á þekktri persónu, og svo spyrja allir spurninga sem hinir leikmennirnir mega aðeins svara með annaðhvort „já“ eða „nei“, þangað til allir hafa fundið út „hverjir þeir eru“. Einfalt, hugsaði ég sem hafði tekið þátt í þessum leik áður og fundið út að ég var Tolli Morthens, og ákvað að vera með.

### Full af gremju

En nei. Þetta var ekki einfalt. Sama hversu margra spurninga ég spurði, þá tókst mér ekki að leysa ráðgátuna. Að lokum voru allir löngu búnir að finna sig, hvort sem þeir voru heimspekingar fortíðarinnar eða pólítíkusar nútímans. Pass, sagði ég að lokum, full af gremju og fékk að vita að nafnið var Genghis Khan um leið og einn þáttakandinn sagði fullum hrokafullum hálsi að það væri augljóst að við værum með ofsalega ólíkan bakgrunn. Og það var rétt hjá honum, í það minnsta hvað varðar sagnfræðikennslu.

Sagnfræði snýst um allt annað en ártöl og utanbókarlærdóm, hún snýst um skilning, skilning á orsakasamböndum. Í stað þess að hamra á því að læra hvenær eitthvað gerðist ættum við, eins og frændur okkar virðast gera, að læra um af hverju þetta gerðist. Við getum slegið upp staðreyndum á Wikipedia, en til að öðlast skilning þarf umræðu og vinnu og einmitt þess vegna göngum við í skóla. Þetta ætti í það minnsta að vera ástæðan. Norskur vinur minn er sagnfræðikennari og nefnir oft krefjandi ritgerðir sem nemendurnir eiga að skrifa sem snúast um að tengja hugsun við atburði. Hvaða hugsun leiddi til þessa atburðar? Hvaða atburðir og manneskjur tengjast þessum atburði, á hvaða hátt og hvaða áhrif hafði það? Orsakasambönd er lykilatriði. Við þurfum að geta tengt tíðarandann við það sem gerist og þá skiljum við meira af okkur sjálfum, hvaðan við komum og mögulega hvert við erum að fara.

### Misskilningur

Á einu söguprófinu í barnaskóla gekk mér sérstaklega vel. Á því prófi átti ég að skrifa stutta ritgerð um landnám Ingólfs Arnarsonar. Fyrir tilviljun hafði ég notað drjúgan tíma dagana áður í tölvuleik með vinkonu minni, sem hún hafði fengið að gjöf og snerist um að hjálpa Ingólfi að nema land. Þar gat ég séð að nöfnin í sögubókinni voru meira en bara nöfn, þau stóðu fyrir manneskjur og þeirra gjörðir. Þar með skildi ég meira af sögunni og gekk vel á prófinu, enda þurfti ég ekki að reyna að muna þetta utan að sem stóð mér svo nærri.

**➜ Og ég sem hef haldið frá blautu barnsbeini að ártöl væru kjarni sagnfræðinnar! Hvílíkur misskilningur. Þurfum við virkilega að eiga háskólakennara í sögu sem foreldra til þess að þessi misskilningur sé leiðréttur? Ég hef þó loks öðlast skilning á því að sagnfræði er meira en bara fag í skóla, hún skiptir lífið máli.**

Í sumar ræddi ég þennan galla á sagnfræðikennslunni á Íslandi við vinkonu mína sem á móður sem kennir sagnfræði við HÍ. Hún sagði að í gegnum uppvöxt sinn hefðu foreldrar hennar sagt henni að einbeita sér að því skilja af hverju þetta gerðist í stað þess að læra ártöl utanbókar og að móðir hennar hefði heldur aldrei átt gott með að muna ártöl. Móðir hennar, háskólakennarinn, átti ekki gott með að muna ártöl! Og ég sem hef haldið frá blautu barnsbeini að ártöl væru kjarni sagnfræðinnar! Hvílíkur misskilningur.

Þurfum við virkilega að eiga háskólakennara í sögu sem foreldra til þess að þessi misskilningur sé leiðréttur? Ég hef þó loks öðlast skilning á því að sagnfræði er meira en bara fag í skóla, hún skiptir lífið máli. Og svo sit ég eftir, eftir áralangt nám í sögu í gegnum barnaskóla, gagnfræðaskóla og menntaskóla, og man ekki eftir því að hafa nokkurn tíma lært um Genghis Khan. Sennilega af því að ég lærði hann eins og ljóð, en ljóðin gleymast. Ekki bara Khan, heldur það sem verra er, svo ótalmargt annað sem útskýrir fyrir mér af hverju heimurinn er eins og hann er.

# Félag ábyrgra hundaeigenda

HUNDAHALD



**Freyja Kristinsdóttir**
formaður Félags ábyrgra hundaeigenda

Ég fluttist til Íslands í byrjun árs 2009 eftir að hafa búið erlendis í næstum tíu ár, annars vegar í Kaupmannahöfn og hins vegar í Brighton, Englandi. Ég elska Reykjavík og hef svo sannarlega ekki séð eftir því að flytja heim þrátt fyrir kreppu. En það er eitt við þessa yndislegu borg sem ég hef átt erfitt með að sætta mig við. Það er hversu óhundavæn höfuðborgin okkar er. Það virðist enn ríkja sá hugsunarháttur að hundar eigi bara heima í sveit en í rauninni eru fjölmargar hundategundir heimilishundar, þeim líður best í návígi við fjölskylduna óháð því hvort heimilið er staðsett í borg eða sveit. Staðreyndin er sú að fjöldi skráðra hunda hjá sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins hefur meira en tvöfaldast síðan árið 2002 en hingað til hafa yfirvöld gert of lítið til að koma til móts við þessa aukningu.

### Hundaeftirlitsgjöld

Hundaeigendur á höfuðborgarsvæðinu standa alfarið undir kostnaði við hundaeftirlit. Þrátt fyrir það mæta hundaeigendur fordómum og líður oft eins og annars flokks borgurum. Árið 2010 voru samanlagðar tekjur sveitarfélaganna af hundaeftirlitsgjöldum meira en 50 milljónir. Þessir fjármunir virðast hingað til ekki hafa farið í þjónustu við hundaeigendur, til dæmis með því að koma upp hundasvæðum, fleiri ruslafötum eða skítapokastöndum. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna kvartar yfir því að erfitt sé að fá hundaeigendur til að skrá hundana sína, líklega séu 25-50% hunda á höfuðborgarsvæðinu óskráð. En ef hundaeigendur sjá ekki hag sinn í því að skrá hundana þá er kannski ekki skrítið að skráningin gangi erfiðlega.

### Hundagerði

Á höfuðborgarsvæðinu ríkir algjör taumskylda og því hvergi leyfilegt að sleppa hundum lausum nema á tilteknum hundasvæðum. Þau hafa undanfarin ár aðeins verið tvö, og bæði í Reykjavík: Á Geirsnefi og Geldinganesi. Í ár virðist hagur hundaeigenda aðeins vera að vænkast því fyrsta hundasvæðið í Hafnarfirði var opnað við Hvaleyrarvatn í sumar og þrjú hundagerði risu í Reykjavík nú í nóvember.

Tvö þeirra eru reyndar ekki enn orðin hundheld en borgaryfirvöld hafa lofað að bæta úr því hið snarasta. Þessi þrjú gerði, sem standa við Umferðarmiðstöðina, í Laugardal og í Breiðholti, eru svo sannarlega fagnaðarefni og skref í rétta átt. Vonandi verður reynslan af þessum gerðum góð svo hundagerði rísi í öllum hverfum borgarinnar í nánustu framtíð.

Hundaskítur á götum borgarinnar er hvimleitt vandamál sem fer jafnmikið í taugarnar á samviskusömum hundaeigendum og öðrum íbúum borgarinnar. Aukið hundahald þarf ekki að þýða meiri óþrifnaður. Það er nauðsynlegt að koma af stað herferð gegn hundaskít í einhvers konar samstarfi hundaeigenda og sveitarfélaga.

**➜ Árið 2010 voru samanlagðar tekjur sveitarfélaganna af hundaeftirlitsgjöldum meira en 50 milljónir. Þessir fjármunir virðast hingað til ekki hafa farið í þjónustu við hundaeigendur, til dæmis með því að koma upp hundasvæðum, fleiri ruslafötum eða skítapokastöndum.**

### Félag ábyrgra hundaeigenda

Í starfi mínu sem dýralæknir og hundaþjálfari hefur mér orðið ljóst að það er löngu orðið tímabært að stofna félag sem styður að ábyrgu hundahaldi og hefur hagsmuni hundaeigenda að leiðarljósi. Mér er því ánægja að tilkynna að Félag ábyrgra hundaeigenda hefur litið dagsins ljós og opnað vefsíðuna www.fah.is. Ég vil hvetja sem flesta hundaeigendur til að skrá sig í félagið, því sameinuð og í samvinnu við sveitarfélögin getum við gert Reykjavík að fyrirmyndar hundaborg!




**Nicorette® QuickMist munnholsúði er nikótínlyf** (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fáanlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á nikótínfíkn, til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reykt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lifrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reykt eiga ekki að nota lyfið. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.



# 60 ára afmæli

**Sigurður Þór Sigurðsson**

19. desember 1952,

Skúlagötu 64, 3. hæð til hægri, heitir núna Bríetartún 20, 101 Reykjavík,

**verður 60 ára miðvikudaginn 19. desember.**

Það verður heitt á könnunni.

---

✝



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURBERG HELGI ELENTÍNUSSON**
**verkfræðingur,**
**Álfaskeiði 74, Hafnarfirði,**

andaðist aðfaranótt sunnudags 2. desember á líknardeild Landspítalans. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn 20. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknardeild Landspítalans.

**Sara Jóhannsdóttir**
**Guðbrandur Sigurbergsson** **Þórdís Geirsdóttir**
**Jóhann Sigurbergsson** **Aldís Drífa Þórðardóttir**
**Kristín Sigurbergsdóttir** **Bóas Jónsson**
**Björgvin Sigurbergsson** **Heiðrún Jóhannsdóttir**
**Anna Jódís Sigurbergsdóttir** **Bjarki Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**KARLS MAGNÚSAR JÓNSSONAR**
**frá Klettstíu.**

Með ósk um gleðileg jól og farsæld á nýju ári. Guð blessi ykkur öll.

**Lára Margrét Benediktsdóttir**
**Jón Karlsson** **Ingrid Karlsson**
**Áslaug Lára Jónsdóttir** **Scott Lamb**
**Axl, Lilý**
**Birgitta Sif Jónsdóttir** **Borgþór Ásgeirsson**
**Sóley Sif**
**Louise Karlsson Jónsdóttir**
**Deisa G. Karlsdóttir Holl** **Tommy Holl**
**Hanna Närhi**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**ERLU MARGRÉTAR HALLDÓRSDÓTTUR**
**Auðnum II, Öxnadal.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Kjarnalundi og starfsfólkið á Furuhlíð, Dvalarheimilinu Hlíð fyrir kærleiksríka umönnun og hlýju.

**Sólveig Gestsdóttir** **Hjörleifur Halldórsson**
**Jósavin H. Arason** **Eygló Jóhannesdóttir**
**Hlíf Aradóttir** **Haukur Jóhannsson**
**Guðríður Aradóttir** **Hjörtur Jóhannsson**
**Ari Erlingur Arason** **Aðalheiður Ólafsdóttir**
**Birgir H. Arason** **Lilja Sverrisdóttir**
**Ingunn H. Aradóttir** **Valdimar Gunnarsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og langalangömmubörn.**

---

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Reykjavík • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

---

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, fimmtudag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í fimmtudagsblaðið færist því fram til kl. 13.30.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐBJÖRG JÓHANNESDÓTTIR**
**leigubifreiðastjóri frá Ísafirði,**
**síðast til heimilis að Hrafnistu Reykjavík,**

lést að Hrafnistu Reykjavík föstudaginn 14. desember. Útför verður auglýst síðar.

**Ingibjörg Eiríksdóttir** **Sigurður Hafsteinsson**
**Hafsteinn Eiríksson** **Kristín Björnsdóttir**
**Sigurður Eiríksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi okkar,

**GUÐMUNDUR SIGURÐSSON**
**Hverfisgötu 82, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 14. desember síðastliðinn. Útför fer fram frá Bústaðakirkju þann 20. desember klukkan 15.00.

**Hafdís Hafsteinsdóttir**
**Helga Sigurósk Guðmundsdóttir** **Júlíus Jón Þorsteinsson**
**Halldóra Björk Guðmundsdóttir** **Sigurður Elvar Sigurðsson**
**Sigrún Elva Guðmundsdóttir** **Sigurður Kristján Jensson**
**og barnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir sýnda samúð, vináttu og hlýhug vegna fráfalls föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**BOLLA A. ÓLAFSSONAR.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sunnuhlíðar hjúkrunarheimilis fyrir góða umönnun.

**Hildur Bolladóttir** **Ófeigur Björnsson**
**Gunnar Bollason** **Svala Ágústsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og vinur,

**SÍMON KRISTJÁNSSON**
**frá Neðri-Brunnastöðum,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Víðihlíð mánudaginn 17. desember. Jarðarförin auglýst síðar.

**Sigurður Rúnar Símonarson** **Valgerður Valtýsdóttir**
**Jóhann Sævar Símonarson** **Herdís Herjólfsdóttir**
**Þórdís Símonardóttir** **Hlöðver Kristinsson**
**Lovísa Símonardóttir** **Ormar Jónsson**
**Grétar Ingi Símonarson** **Valgerður Tómasdóttir**
**Magnea Sigrún Símonardóttir** **Einar Guðnason**
**Lilja Guðjónsdóttir**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BRANDUR ÞORSTEINSSON**
**vélvirkjameistari,**

lést laugardaginn 8. desember að Hrafnistu í Hafnarfirði. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarkort Hollvina Grensásdeildar. Þökkum innilega veittan stuðning og sérstakar þakkir til starfsfólks á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir einstaka umönnun og hlýlegt viðmót.

**Hafdís Brandsdóttir**
**Lárus Geir Brandsson** **Ingibjörg Marinósdóttir**
**Jóna Margrét Brandsdóttir** **Guðbergur Ástráðsson**
**Jón Þór Brandsson** **Sif Stefánsdóttir**
**Fríður Brandsdóttir** **Guðlaugur Sæmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GARÐAR TRYGGVASON**
**Hamrahlíð 17, Reykjavík,**
**áður Vestmannaeyjum,**

lést fimmtudaginn 13. desember. Útför fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 21. desember kl. 13. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Blindrafélagið.

**Kolbrún Hulda Sigurjónsdóttir**
**Tryggvi Garðarsson** **Jayne Gardarsson**
**Jóna Ósk Garðarsdóttir** **Ágúst Guðmundsson**
**Vilhjálmur Kr. Garðarsson** **Bente Gardarsson**
**Sigurjón Ingi Garðarsson** **Erna Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



**RITSTJÓRINN** Guðmundur Andri Thorsson er ritstjóri Tímarits Máls og menningar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# TMM KOMIÐ ÚT

## Síðasta hefti ársins af Tímariti Máls og menningar er komið út. Kennir þar að vanda ýmissa grasa. Fjallað er um ólík mál, bækur rýndar og skáldskapur birtur.

Tímarit Máls og menningar er komið út, fjórða og síðasta hefti ársins. Þar skrifar Guðni Elísson prófessor um „Stóra Vantrúarmálið“ í greininni Í heimi getgátunnar. Lesendum gefst einnig kostur á að kynna sér af eigin raun þau fræði sem Bjarni Randver Sigurvinsson stundar í grein sem hann ritar um Helga Hóseasson og brautryðjandastarf hans í hreyfingu trúleysingja.

Þorsteinn Þorsteinsson ritar um Tímann og vatnið eftir Stein Steinarr og Ástráður Eysteinsson ritar einnig um ljóð í grein sem skrifuð er út frá nýjum ljóðabókum þeirra Þorsteins frá Hamri og Matthíasar Johannessen. Matthías á einnig ljóð í heftinu en annar skáldskapur er eftir Gunnar Harðarson og Olgu Markelova, Ármann Jakobsson, Gísla Magnússon (Gímaldin) og Sverri Norland.

Ádrepur í heftinu eru óvenju líkamlegar: Bergur Ebbi Benediktsson fer í saumana á umræðu sem hér geisaði nýlega um reðurstærð íslenskra karlmanna en Ólafur Páll Jónsson veltir vöngum yfir kröfum um líkamshárarakstur.

Auk þess er í ritinu fjöldi ritdóma, flestir um bækur síðustu jólabókavertíðar. Ritstjóri Tímarits Máls og menningar er Guðmundur Andri Thorsson.

---

✝



Okkar innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar elskulegu eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**JÓHÖNNU MARGRÉTAR FRIÐRIKSDÓTTUR**
**fyrrv. form. Verkakvennafélagsins Snótar.**

**Sigurður Sigurðarson**
**Atli Sigurðsson** **Harpa Njálsdóttir**
**Bjartey Sigurðardóttir** **Gunnar Sigurðsson**
**Gylfi Sigurðsson** **Guðrún Erlingsdóttir**
**Arnar Sigurðsson** **Anna Elísabet Sæmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**BJÖRN T. GUNNLAUGSSON**
**húsgagnasmiður,**
**Bólstaðarhlíð 41,**
**áður Njálsgötu 112, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum aðfaranótt sunnudagsins 16. desember. Útför hans verður auglýst síðar.

**Helga Ágústsdóttir**
**Anna Ásdís Björnsdóttir** **Kolbeinn Gunnarsson**
**Sigurveig Björnsdóttir** **Árni S. Eggertsson**
**Gunnlaugur A. Björnsson** **Jóhanna Sveinsdóttir**
**barna- og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**BRYNJA HELGA KRISTJÁNSDÓTTIR**
**Lindargötu 33,**
**áður Hverfisgötu 55,**

sem lést sunnudaginn 9. desember, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 21. desember kl. 15.00.

**Kristján Sigurðsson** **Sigrún Ósk Ingadóttir**
**Brynjólfur Sigurðsson** **Bella Hrönn Pétursdóttir**
**Halldóra Sigurðardóttir** **Viðar Gunnarsson**
**Sigurður Þór Sigurðsson**
**og fjölskyldur.**



## JÓLALYKT Í HÚSIÐ

**Þeir sem elda skötu á Þorláksmessu vilja gjarnan losna við lyktina daginn eftir. Til þess eru nokkur húsráð og má til að mynda sjóða rauðkál, en edikið í uppskriftinni vinnur á móti skötulyktinni. Þá má brenna greni og stinga negulnöglum í mandarínur og dreifa um húsið.**

DRAUMAGJÖFIN HENNAR FÆST Á
NONAME.IS
Opið í Hlíðasmára 8, Kópavogi
ALLA FIMMTUDAGA FRÁ 11 - 18



Vandaðir þýskir herraskór úr leðri, skinnfóðraðir. Stórar stærðir.
Teg: 206202 23 Stærðir: 41 - 48
Verð: 16.975.-
Teg: 206201 23 Stærðir: 40 - 47
Verð: 16.985.-
Misty skor
Laugavegi 178
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Laugardag 10-14.
Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is



TÆKIFÆRISGJAFIR
TILBOÐ
Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



JÓLAKJÓLAR Í ÚRVALI
Stærðir 42-58
Sjáðu úrvalið í netverslun okkar www.curvy.is
eða komdu í verslun okkar Nóatúni 17. Opið til kl. 20.
Curvy.is
Nóatún 17, 105 Rvk, sími 775 1552.



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS
Amerísk gæðavara
Amerísk gæðavara





# SKÖTUVEISLA Á GRANDANUM

**SJÁVARBARINN KYNNIR** *Skötuveislan á Sjávarbarnum við Grandagarð stendur í tíu daga í ár og veitir ekki af. Íslendingar eru vitlausir í kæsta skötu.*

Þegar Magnús Ingi Magnússon, veitingamaður á Sjávarbarnum, kveikir undir skötupottunum komast allir í jólaskap á Grandagarðinum. Undanfarin ár hefur skötuilmurinn fundist góðri viku áður en hátíðin gengur í garð og engin breyting er á því þetta árið. Hin hefðbundna skötuveisla Magnúsar Inga hófst í hádeginu föstudaginn 14. desember. Hann og hans fólk stendur svo yfir pottunum þar til allir eru orðnir mettir á Þorláksmessukvöld. „Reynslan sýnir að það veitir ekkert af tíu dögum, fólk er svo sólgið í skötuna,“ segir Magnús Ingi og fullyrðir að bæði sjóað fólk og viðvaningar fái skötu við sitt hæfi, en hann verkar hana sjálfur. „Við bjóðum upp á miskæsta skötu, milda, miðlungs og sterka, kæsta tindabikkju, hefðbundna skötustöppu og einnig nýmóðins með hvítlauk, saltfisk, plokkfisk, síldarrétti, grafinn lax og karfa og fjölbreytt meðlæti. Þar ber kannski hæst sérverkaðan hnoðmör frá Hafsteini bónda Guðmundssyni í Flatey, sá sterkari er fiðraður sem kallað er.“

Skötuveislan verður í algleymingi 21., 22. og á Þorláksmessu en þá verður boðið upp á hlaðborð allan daginn og langt fram á kvöld. Þá er vissara að panta borð. En 14.-20. desember verður hægt að panta sér skötu í hádeginu frá kl. 11.30 til 14.30 og á kvöldin milli kl. 17 og 21. Þá daga verður einnig hefðbundið sjávarréttahlaðborð og sérréttaseðill á Sjávarbarnum.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Sjávarbarsins, Sjavarbarinn.is.

**FRÁBÆRT VERÐ**
Verðið á skötunni er í lágmarki, 2.800 kr. á mann.
MYND/GVA

**SKATAN VINSÆL**
Sælkerinn Jens Guð gaf skötuveislu Sjávarbarsins fullt hús í umsögn á bloggi sínu í fyrra eða fimm stjörnur.





Pelsar - stuttir og síðir
Mokkajakkar og -kápur
Erum flutt á Tryggvagötu 18
PELSINN
Tryggvagötu 18 - 552 0160




# JÓLALÖG Í VESTRI

**JÓLABÍLTÚR Í BORGARNES** *Fagur jólasöngur mun óma í Borgarneskirkju í kvöld þegar söngelsk fjögurra manna fjölskylda syngur eftirlætisjólalögin sín.*

Okkur þótti tímabært að bjóða til jólatónleika og vitum ekki til þess að vísitölufjölskylda að vestan hafi áður haldið tónleika saman,“ segir Theodóra Þorsteinsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Theodóra ætlar að syngja jólalög með eiginmanni sínum, Olgeiri Helga Ragnarssyni, og dætrunum Sigríði Ástu og Hönnu Ágústu í Borgarneskirkju í kvöld.

Theodóra stundaði nám við Söngskólana í Reykjavík og Vínarborg og hefur víða komið fram sem söngkona.

„Að námi loknu bauðst mér staða skólastjóra við Tónlistarskóla Borgarfjarðar og ég flutti aftur heim í Borgarnes. Þá kynntist ég Olgeiri, sem sótti söngtíma hjá mér, og við sungum okkur inn í hjörtu hvors annars,“ segir Theodóra og brosir en dætur þeirra Olgeirs stunda nú báðar nám við Söngskólann í Reykjavík.

„Það er indæll jólabíltúr að skjótast í Borgarnes á aðventunni. Borgnesingar skreyta hús sín mikið og heillandi að keyra um sveitirnar í vetrarbúningi og sjá jólaljósin blika á sveitabæjunum,“ segir Theodóra.

Jólalög á dagskránni koma úr ýmsum áttum; róleg, fjörug og hátíðleg í bland.

„Jól eru tími hefða og allt frá því stelpurnar voru litlar höfum við sungið saman um leið og við kveikjum á aðventukertunum. Á Þorláksmessu förum við svo í bústaðinn okkar í Lundarreykjadal og höggvum jólatré sem við skreytum við heimkomuna,“ segir Theodóra, sem ólst upp við tíðan og ljúfan söng móður sinnar.

„Ein fegursta minning æskuáranna er fimmtudagskvöldin með mömmu. Pabbi var í Rótarý og alltaf þegar hann fór á fund settist mamma með gítarinn inn í stofu og söng með okkur systkinunum. Þær töfrandi stundir voru yndisleg upplifun fyrir okkur krakkana.“

thordis@365.is



**Í JÓLASKAPI** Fjölskyldan við píanóið með Ingibjörgu Þorsteinsdóttur píanóleikara. Þær Theodóra fagna nú 30 ára starfsafmæli.

**JÓLATÓNAR**
***Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20.30. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.***

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**











**SÓTT TIL SJÓFUGLA** Guðný Hafsteinsdóttir keramiker hannaði matarstell fyrir veitingastaðinn Mar og sótti innblásturinn til skarfsins. MYND/VALLI

# SKARFUR Í BOLLA

**NÝTT ÍSLENSKT MATARSTELL** *Guðný Hafsteinsdóttir keramiker hannaði matar- og kaffistell út frá litum og umhverfi skarfsins fyrir veitingastaðinn Mar.*

Að fá svona verkefni er ótrúlega spennandi og skemmtilegt," segir Guðný Hafsteinsdóttir keramiker, en hún hannaði matar- og kaffistellið fyrir veitingastaðinn Mar sem var opnaður fyrir stuttu í Hafnarbúðum við Geirsgötu. Karítas Sveinsdóttir innanhúshönnuður og Hafsteinn Júlíusson vöruhönnuður fengu Guðnýju til verksins, en þau hönnuðu útlit staðarins út frá þemanu Hafið. Hönnun Guðnýjar er innblásin af sjófugli.

„Við lögðum upp með að hafa stellið í dökkum litum og er hönnunin innblásin af skarfinum, sem er sjófugl. Hönnunin tekur því mið af formi og litum fuglsins og umhverfi hans. Mér finnst hönnunin á staðnum í heild hafa tekist mjög vel. Stíllinn og efnisvalið er eins konar óður til gömlu hafnarinnar en til dæmis er svört klæðning á veggjum vísun í íslensku bryggjuhúsin og efnispallettan er tekin beint frá gömlu höfninni. Jafnframt má sjá hin ýmsu sjávardýr, bæði fugla og fiska, í mismunandi útfærslum í rýminu."

Við vinnslu munanna var Guðný í samstarfi við kokkana á staðnum, sem hún segir hafa skipt máli við hönnunina. Á teikniborðinu bíða síðan fleiri form útfærslu fyrir staðinn en eftir áramót verður hægt að nálgast nýja stellið í hönnunarversluninni Mýrinni, sem hefur verið opnuð á sama stað og veitingastaðurinn í Hafnarbúðum.

Nánar má forvitnast um hönnun Guðnýjar á www.gudnyhaf.is.

■ heida@365.is



**FLEIRI FORM Á LEIÐINNI** Á teikniborðnu bíða fleiri form útfærslu fyrir veitingastaðinn.



**SVART** Stellið mun fást í Mýrinni, sem hefur verið opnuð á sama stað og veitingastaðurinn Mar.

## JÓLASTOFAN

**■ LEIÐRÉTTING**
**Jólastofa Auðar Árnadóttur blómaskreytingameistara og Ástu Bárðardóttur er að Kirkjulundi 19 við Vífilsstaðaveg en ekki á Vífilsstöðum eins og ranglega kom fram í blaðinu í gær.**
**Í Jólastofunni selja þær Auður og Ásta skreytingar sem þær vinna úr náttúrulegum efnum svo sem mosa, lyngi og silfurkambi. Einnig má fylgjast með Jólastofunni á Facebook undir heitinu Auður í náttúru Íslands.**









**Leðurjakkar**
áður 18.900
**nú aðeins**
**14.900**



**Glæsileg ullarkápa með refaskinni**
áður 59.900
**nú aðeins**
**39.900**





**Peysurnar komnar aftur**
st 38–48
**Verð 6.990 kr.**

COSMO
Kringlunni

LAGERSALA
Lagersala Ármúla 22 2. Hæð
Fullt af frábærum jólagjöfum á frábæru verði
Fullt af nýjum vörum
Opið alla daga frá 10-17 nema miðvikudaga 10-19



Christine Einarsson kynnir bókina sína í dag frá kl. 16–18.

Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sími 511 3388
Opið mán - fös 9 - 18, lau 11-15
LOKAÐ á Þorláksmessu
Amma mús handavinnuhús

Fallega jólaskeiðin frá Ernu
Jólaskeiðin 2012 er hönnuð af Sóleyju Þórisdóttur.
Skeiðin er smíðuð á Íslandi úr ósviknu silfri.
Verð: 18.500.- stgr.

ERNA GULL- OG SILFURSMIÐJA
Skipholti 3 - Sími: 552 0775 - www.erna.is
Silfurmunir og skartgripir síðan 1924


„Jólakryddið"............
Hálsmen 1.990 kr.
Pils á 5.900 kr.
Str. 44 - 50
Skyrtubolur á 6.900 kr.
Við erum á Facebook
black pepper FASHION
Opið fimmtud. - föstud. kl. 10 - 19
Opið laugard. - sunnud. kl. 12 - 20
Laugavegi 178 • Sími 555 1516

Vissir þú að...
börn eiga rétt á hvíld, leikjum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra
Barnaheill Save the Children á Íslandi


**BJARNI SIGURÐSSON** eigandi Smiðjunnar.

# STÍGANDI Í SÖLUNNI

*Sala á íslenskri myndlist er á uppleið eftir nokkra lægð. Í Smiðjunni Listhúsi er jólasýning með verkum þjóðþekktra Íslendinga.*

Jólasýning með verkum margra þjóðþekktra listamanna stendur nú yfir í Smiðjunni Listhúsi að Ármúla 36. „Margir kaupa íslenska myndlist á þessum árstíma og því er talsvert að gera. Fólk vill gera fínt hjá sér og jafnvel breyta aðeins til. Málverk eru falleg og áberandi á heimilum og það er nokkuð algengt að hjón kaupi sér málverk saman og gefi sér í jólagjöf," segir Bjarni Sigurðsson, eigandi Smiðjunnar.

Bjarni segir að sala á íslenskri myndlist sé á uppleið eftir talsverða lægð í kjölfar bankahrunsins. „Það er stígandi í listaverkasölunni á þessu ári og mér finnst talsvert meira af dýrari verkum seljast en síðustu þrjú til fjögur ár. Myndlist eftir þekkta málara er góð fjárfesting, ekki síst í kreppu, og stenst tímans tönn," segir Bjarni. Hann segir að gömlu meistararnir séu ávallt mjög vinsælir og sömuleiðis margir yngri listamenn. „Þetta skiptist nú nokkurn veginn jafnt hvað vinsældir varðar. Gömlu meistararnir eins og Kjarval, Þorvaldur Skúlason, Ásgrímur Jónsson, Svavar Guðnason og Hafsteinn Austmann njóta alltaf vinsælda og af þeim yngri má nefna Tolla, Sigurbjörn Jónsson, Valgarð Gunnarsson og Pétur Gaut."


**JÓLANOTKNOT** Umemi heldur uppboð á Facebook á sérstökum jólapúða til styrktar Dýrahjálp Íslands. MYND/UMEMI

## UMEMI Á UPPBOÐI

**Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir vöruhönnuður stendur fyrir uppboði á einstökum Notknotpúða á Facebook, til styrktar Dýrahjálp Íslands. Einungis eitt eintak hefur verið framleitt af púðanum og verða ekki framleidd fleiri. Púðinn er úr rauðri ull með gylltum þræði sem glampar á.**

**Upphafsverð er tíu þúsund krónur og stendur uppboðið fram á Þorláksmessu. Allur ágóðinn rennur til Dýrahjálpar Íslands.**

**Hægt er að fylgjast með uppboðinu á Umemi á Facebook.**

2012 Jólahlaðborð
7.790 kr.
tilboð mánud.-miðvikud
8.790 kr.

Frábærir tónlistamenn skemmta á Jólahlaðborðinu. Grétar Örvarsson og Sigga Beinteins á fimmtudögum og sunnudögum. Þórir Baldursson og Sveinn Óli Jónsson spila á föstudögum og laugardögum.


Skötu- og Jólahlaðborð 23. des.
Veitingahúsið Perlan
Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207
Netfang: perlan@perlan.is
Vefur: www.perlan.is
PERLAN

## Vinnuvélar




## Varahlutir




**SMÁPARTAR.IS**

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera ,98, Elantra ,98, Almera ,98 Legacy ,98, carisma'98. Lanser station ,97 S. 896 8568.

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**VARAHLUTAVAKTIN SÍMI 555 6666**

Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## Viðgerðir

**ÓDÝRAR VIÐGERÐIR, LEYSUM ÖLL MÁL!**

Fljót og góð þjónusta. Bílahlutir ehf., Eldshöfða 4, s. 587-5058.

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**HELGI PÍPARI**

Hitamál, viðgerðir, endurlagnir, nýlagnir og allar pípulagnir. S. 820-8604 helgipipari@gmail.com

## Hreingerningar

**A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Garðyrkja




## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**PARF AÐ FRÍSKA UPP FYRIR JÓLIN?**

20% afsláttur fyrir alla. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




## Tölvur

**APLÚS TÖLVUÞJÓNUSTA**

Sanngjarnt verð. Sæki og sendi heim. S. 822 7668 www.aplus.is

## Nudd

Slökunarnudd í miðbæ Reykavíkur. S. 690 9274 Zanna Volkova.

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 862 6653. Irena

## Spádómar




**SPÁSÍMI LÁRU 907 2012**

Spámiðlun, tarotlestur, hvað viltu vita ? Algjör trúnaður. Opið frá 13-23.

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## tilboð




## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**

Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Til sölu



Golf Cruiser golfhjólið er komið í hús. Létt og meðfærileg rafmagns skutla sem hentar vel á golfvöllinn. Verð aðeins 359 þúsund. VDO. Borgartúni 36. S: 588 9747 www.vdo.is



Þjóðlagagítarpakki kr:23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengir stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf,Stórhöfði 27 S:552-2125,www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is




**SÉRVERSLUN MEÐ NÁTTÚRUVÆNAR OG ANDLEGAR VÖRUR.**

Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 12-18, lau-sun: kl 12-21. Lokað á aðfangadag.




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



**JÓLATILBOÐ**

AGV Longway opnanlegu hjálmarnir komnir aftur á frábæru verði. Aðeins 39.500,- Tilvalin jólagjöf. VDO Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.




Vindhanarnir loksins komnir aftur. Vönduð íslensk smíði fyrir íslenskar aðstæður. Auðvelt í uppsetningu.




**JÓLASENDINGIN ER KOMIN**

Úrval af Fjarstýrðum Þyrlum, Bílum, Módelum,Skýjaluktum,Skotveiðivörum og fl. Sendum samdægurs með póstinum. Einnig verslun í Glæsibæ - Sími 517 8878 - Tactical.is

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**

Þvottavélar, ísskápar, þurrkara 10 KG, uppþvottavélar, Koja, svefnsófi, king size rúm. S. 896 8568.

Er með ódýrar notaðar þvottavélar til sölu. Ábyrgð. Skútuvogi 13, 104 Rvk. S: 777 6729.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www. kaupumgull.is

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL**

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.

**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA SJÁ NÁNAR Á WWW.VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun




**ÍSLENSK HÖNNUN Á FRÁBÆRU VERÐI**

Síðasti sjéns. Verð frá 990 til 5990 kr. Peysur, húfur, jakkar, buxur og allt þar á milli. Opið virka daga 14:00 - 19:00 og laugardaga 12:00 - 16:00. Nýjar vörur daglega.

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Nuddstofan Jera. Klassískt vöðva og slökunarnudd. Notarlegt umhverfi. Sími 659 9277.

**NUDD OG HEILSA**

Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www. nuddogheilsa.is

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## Dýrahald



**BÚRADAGAR Í DÝRALANDI**

Tilboð á fiskabúrum með ljósi, hitara og hreinsidælu Stærð 40 cm verð 9.990,- án hitara Stærð 60 cm verð 12.990,- Stærð 80 cm verð 19.995,- Dýraland Mjódd s.587-0711 Dýraland Kringlan 7 s.588-0711 Dýraland Spöngin 23 s.587-0744



**BÚRADAGAR Í DÝRALANDI**

Tilboð á svörtum grindarbúrum
Stærð 61 cm verð 5.990,-
Stærð 76 cm verð 7.990,-
Stærð 91 cm verð 9.990,-
Stærð 107 cm verð 10.990,-
Stærð 122 cm verð 12.990,-
Dýraland Mjódd s.587-0711
Dýraland Kringlan 7 s.588-0711
Dýraland Spöngin 23 s.587-0744

## Húsnæði í boði

Til leigu í 101 í nágreni Landspítalans 84,5 fm íbúð á jarðhæð, Tvö svefnherbergi, stofa og eldhús. Frekari upplýsingar í síma 562 2639.

Til leigu herbergi í möðrufelli 9 111rvk. Uppl í síma: 6128554

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**

1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk.

**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**

Skógarhlíð 27, 601 Akureyri, 160 fm einbýlishús, 4 svefnherb. Aðstaða fyrir ca 13 manns. Leyfilegt að hafa hund í Skógarhlíð. Er einnig með fleiri orlofshús og sumarbústaði við Akureyri með heitum potti. **orlofshus.is Leó 897 5300**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## Gisting




## Atvinna í boði




Svanhvít efnalaug óskar eftir konu til starfa frá 14 til 18 á daginn virka daga. Góð íslensku kunnátta skilyrði, aðeins heiðarleg, reglusöm, dugleg og stundvís kona kemur til greina. Umsóknir sendist í netfangið steinn@svanhvit.is

**ÍSLENSK FYRIRTÆKI SEM STARFAR Í NOREGI.**

Óskar eftir smiðum sem hafa áhuga á að starfa í Noregi á næsta ári. Vinsamlegast skráið nafn og símanúmer á iceland61@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

## Einkamál



D3200

Verð frá 129.995.-




Nikon
At the heart of the image

Nikon School D-SLR Intro – 2.5 klst kynningar-námskeið ásamt Check & Clean í 3 ár fylgir með D3200 að verðmæti 25.000.-

KAUPAUKI



Innifalið í kaupum á D3200 er WU-1a tengi sem gerir kleift að fjarstýra vélinni eða senda myndir og kvikmyndir þráðlaust í snjallsímann eða spjaldtölvuna að verðmæti **11.995.-**

Ný hágæða stafræn SLR myndavél með 24.2 Megapixla C-MOS myndflögu og 18-55VR linsu með hristivörn. GUIDE valmyndakerfið auðveldar öllum að taka betri myndir á augabragði. D-Movie kvikmyndataka í háskerpu (1920x1080p). 11 punkta sjálfvirkt fókus kerfi, hátt ljósnæmi ISO (100-6400) sem má framlengja í 12800, Live View og stórum 3" háskerpu skjá.

# I AM MERRY CLICKMAS

KAUPAUKI



Innifalið í kaupum á S3300 myndavélinni fylgir. Taska að verðmæti **2.495.-**




Verð 22.995.-

**COOLPIX S3300 – Litrík sýn á þína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**www.nikon.is**

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

**Heimilistæki** – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
**Sjónvarpsmiðstöðin** – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
**Beco** – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
**Fotoval** – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
**MAX** – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
**Reykjavik Foto** – Laugavegur 51 – 577-5900 – www.reykjavikfoto.is
**Tölvulistinn** – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Framköllunarþjónustan – Borgarnesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ; Nettó og Samkaupsverslanir um land allt

## KROSSGÁTA




**LÁRÉTT**
**2.** rykkur, **6.** úr hófi, **8.** hár, **9.** meðal, **11.** lést, **12.** þvaðra, **14.** tala með rykkjum, **16.** tveir eins, **17.** gláp, **18.** for, **20.** til dæmis, **21.** könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** líkami, **3.** í röð, **4.** aldaskil, **5.** nögl, **7.** einn, **10.** flík, **13.** námsgrein, **15.** sál, **16.** skaði, **19.** kyrrð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** átak, **6.** of, **8.** ull, **9.** lyf, **11.** dó, **12.** drafa, **14.** stama, **16.** tt, **17.** gón, **18.** aur, **20.** td, **21.** próf.
**LÓÐRÉTT: 1.** hold, **3.** tu, **4.** aldamót, **5.** kló, **7.** fyrstur, **10.** fat, **13.** fag, **15.** andi, **16.** tap, **19.** ró.


# Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

***Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:***

**Þórunúpur.** Tillagan tekur til tveggja íbúðarlóða á um 4 ha svæði.
**Forsæti 2, Landeyjum.** Tillagan tekur til íbúðarhúss og útihúsa á um 4 ha svæði.
**Moldnúpur, Eyjafjöllum.** Tillagan tekur til íbúðarhúss, bílskúrs og byggingar/stækkunar húsa til ferðaþjónustu, alls á um 4 ha spildu.
**Torfastaðir / Hlíðarbakki, Fljótshlíð.** Tillagan tekur tveggja íbúðarlóða og tveggja frístundalóða á um 5 ha lands úr landi Torfastaða 4-5, Hlíðarbakka.
**Ey 2, Landeyjum.** Tillagan tekur til þriggja íbúðarlóða á tæplega 3 ha landspildu.

***Vegna formgalla eru auglýstar aftur eftirfarandi deiliskipulagstillögur, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:***

**Fagrahlíð, Fljótshlíð.** Tillagan tekur til 2 íbúðarlóða auk lóðar fyrir útihús á um 3 ha spildu.
**Sámsstaðir, Fljótshlíð.** Tillagan tekur til 16 frístundalóða á um 33 ha svæði.
**Forsæti I, Landeyjum.** Tillagan tekur til íbúðar- og útihúsa á fjórum landspildum úr landi Forsætis I, alls á um 43 ha svæði.
**Skeið, Landeyjum.** Tillagan tekur til þriggja íbúðarlóða, auk útihúsa á um 14 ha spildu
**Skeggjastaðir, Landeyjum.** Tillagan tekur til frístundahúss, skemmu og geymslu á um 4 ha spildu.
**Dægra, Landeyjum.** Tillagan tekur til byggingar íbúðarhúss og geymslu og stækkunar húsa á 3 ha spildu.
**Eystra-Seljaland, Eyjafjöllum.** Tillagan tekur til tveggja frístundahúsa og smáhýsa á um 10 ha spildu.
**Koltursey, Landeyjum.** Tillagan tekur til íbúðarhúss, útihúsa og smáhýsa á um 10 ha spildu.
**Skarðshlíð, Eyjafjöllum.** Tillagan tekur til íbúðarhúss, útihúsa og smáhýsa á um 5 ha spildu.

***Vegna formgalla eru auglýstar aftur tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsbreytingum, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:***

**Langanes.** Breyting deiliskipulagstillögu tekur til hámarksstærðar húsa.
**Staðarbakki. Fljótshlíð.** Breyting deiliskipulagstillögu tekur til aukins byggingamagns og stækkunar byggingareita.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra.http://www.hvolsvollur.is og á skrifstofu embættisins að Ormsvelli 1, Hvolsvelli, **frá 19. desember 2012 til 30. janúar 2013.** Athugasemdir, ef einhverjar eru, skal skila skriflega á skrifstofu Skipulags- og byggingarfulltrúa, Ormsvelli 1, fyrir kl 16.00, miðvikudaginn 30. janúar 2013.

Hvolsvelli 19. desember 2012
**Gísli Gíslason, skipulagsfulltrúi**


# Poki og Íslandssagan

**BAKPANKAR**
Svavars Hávarðssonar



Fyrst ætlaði ég að byrja við ártalið þúsund en hikaði. Trúmál eru alltaf viðkvæm, svo að kristnitakan gerði mig afhuga þeirri hugmynd. Leifur var reyndar að leita fyrir sér í vestrinu en hví að rifja upp stór mistök?

**ÞESS** vegna fannst mér sniðugt að byrja 100 árum seinna. En svo hvarf ég frá því enda fann ég ekkert sérstaklega spennandi um ártalið 1100. Reyndar er talað um gullöld okkar Íslendinga um þetta leyti, en það hafði enga vigt í mínum huga.

**KANNSKI** var þá betra að færa sig aðeins framar í tíma; 14. öldin er alltaf svolítið sexí. Norska öldin var hún kölluð og skreiðarverslun í blóma. Síðan áttaði ég mig á því að þetta dygði ekki til; það hafa ekki allir eins mikinn áhuga á þorski og ég.

**HVAÐ** þá um upphaf eða endi 15. aldar? Nei, enn og aftur var ekki hægt að koma Íslendingum á óvart. Svarti dauði 1402 og plágan síðari 1494 eyðilögðu það fyrir mér, svo að enska öldin á Íslandi reyndist því jafn ónothæf og sú norska.

**HVERNIG** gat ég þá tengt þetta við eitthvað sem gerðist á 16. öldinni? Þetta var jú þýska öldin í Íslandssögunni, sem er svo miklu meira spennandi en sú enska og norska.

**NEI,** brennuöldin myndi leysa allan minn vanda. Af og til alla 17. öldina voru menn brenndir á báli fyrir galdra og af því fær enginn nóg. En þessi blessaða öld, eins og sú sem á eftir kom, var slíkur hörmungartími að enginn vill rifja það upp. Hver vill heyra meira af hafís, Tyrkjaráni eða móðuharðindum?

**ÞÁ STÓÐU** bara nítjánda og sú tuttugasta eftir en hver vill heyra meira um Jón og sjálfstæðisbaráttuna; upphaf þéttbýlismyndunar, vesturfarir, heimastjórn, fullveldi, styrjaldir og lýðveldi?

**KANNSKI** átti ég bara að hafa þetta einfalt og segja hreint út að það tekur plastpoka þúsund ár að brotna niður í náttúrunni og biðja fólk um að hafa það í huga?

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÆVINTÝRALEG VERÐ Á SPILUM




Verðin gilda til og með 20.12.2012
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrenglanir.

**Verslaðu jólabækurnar í Griffli og þú átt möguleika á að vinna GoBook rafbókarlesara!**

**Dregið verður úr pottinum 22. desember.**

OPIÐ ALLA DAGA TIL 22

GRIFFILL ALLTAF ÓDÝRARI

Jólapappír frá 199.-

**GRIFFILL**
ALLTAF ÓDÝR

**OPIÐ TIL KLUKKAN 22.00 • SKEIFUNNI 11**



# Að finna réttu orðin

BÆKUR ★★★★★

**Ósjálfrátt**
Auður Jónsdóttir
**MÁL OG MENNING**




Þeim sem lesið hafa bækur Auðar Jónsdóttur dylst ekki að í Ósjálfrátt er hún á svipuðum slóðum og í Stjórnlausri lukku og Fólkinu í kjallaranum, en allar eru þær sjálfsævisögulegar. Í þessari bók er lítið gert til þess að dulbúa persónurnar og þeir sem eitthvað þekkja til geta auðveldlega sett „raunveruleg“ nöfn á þær flestar. Sagan gerist á nokkrum tímaplönum, einkum í Reykjavík, vestur á fjörðum og í Sundsvall í Svíþjóð, en flakkað er ört á milli. Í upphafi bókar er aðalsöguhetjan eindregið hvött til þess af mömmu sinni, ömmu og vinkonu að skilja við fertugan drykkjumann vestan af fjörðum, sem hún hefur gifst í bríaríi og af meðvirkni. Það reynist ekki þrautalaust hinni ungu Eyju að losa sig út úr sambandinu, en amman góða gerir henni tilboð sem hún getur tæpast hafnað, býður flugmiða til Svíþjóðar og álitlega peningaupphæð ef hún bara komi sér frá manninum og einbeiti sér að því að skrifa skáldsöguna sem hana langar að skrifa.

Ósjálfrátt fjallar um þroskaleið rithöfundar. Hvernig Eyja verður til sem rithöfundur þegar hún skrifar sinn fyrsta pistil, sitt fyrsta viðtal, sína fyrstu bók og svo hvernig hún losar sig við ritstíflu þegar hún er orðin þroskaður höfundur. Að finna réttu orðin reynist ekki alltaf auðvelt, jafnvel þótt maður hafi mikið að segja.

Ósjálfrátt er líka fjölskyldusaga og kvennasaga og hún er saga um alkóhólisma. Sögupersónan Mamma (sem heitir Mamma með stórum staf vegna þess að hún hefur eignast svo mörg börn að nafnið týndist) er mikill karakter og yndisleg kona, en líka alkóhólisti. Það skiptir máli þótt það skipti ekki öllu máli.

Önnur ógleymanleg persóna úr þessari sögu er Rúna, sem oftast er kölluð Skíðadrottningin, en hjá henni dvelur Eyja í Svíþjóð. Engin lognmolla er í kringum þá góðu, en kjaftforu og drykkfelldu konu, sem stendur í stöðugu stímabraki við „helvítis Skandinavana“ sem hún kennir um allar sínar ófarir. Marga kaflanna þar sem Skíðadrottningin fer á kostum las ég aftur og aftur og hló alltaf jafn mikið í hvert skipti („Du og din familia er bara skid og ingen ting og jeg har ikke ödelegt ingen ting svo nu skal du barasta betale!“).

Í raun er Ósjálfrátt allt of margbrotin saga til þess að það sé mögulegt að gera henni skil í jafn fáum orðum og hér er leyfilegt að skrifa. En við skulum reyna: Auður fléttar saman ólíka þræði sögunnar af mikilli fagmennsku. Persónurnar eru skrifaðar af djúpum mannskilningi og eru sérlega heillandi með öllum kostum sínum og göllum. Það er einhver falleg yfirsýn sem höfundurinn hefur í þessari bók. Yfir tímann og kynslóðirnar og það sem skiptir máli í lífinu. Fyrir utan hvað hún er drepfyndin og skemmtileg.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Ég er eiginlega orðlaus yfir þessari margslungnu, fögru og fyndnu sögu. Því leita ég í smiðju kollega minna og segi bara: Konfekt og perla og nístandi falleg bók!






**JÓNAS KRISTJÁNSSON** Líkir Íslendingasögum við málverk þar sem meginmyndefnið er raunverulegt en glæsilegri litadýrð brugðið yfir allt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Reyni að viðhalda spennu í sögunni

Saga íslensku þjóðarinnar frá landnámi til loka þjóðveldisins er rakin á einföldu og aðgengilegu máli í bókinni Söguþjóðin eftir Jónas Kristjánsson, fyrrum forstöðumann Árnastofnunar. Hann langar að glæða áhuga ungs fólks á sögunni.

„Þetta byrjaði þannig að sögufróðir menn á fundi voru að blöskrast yfir hnignandi sögukunnáttu þjóðarinnar. Þeir töldu hana endurspeglast í spurningakeppnum þar sem þátttakendur væru ótrúlega fróðir um amerískar kvikmyndir og íþróttir en götuðu gjarnan á spurningum úr fornri sögu þjóðarinnar. Þegar ég kom heim af fundinum datt mér í hug að hægt væri að endurvekja Íslandssögu Jónasar, föðurbróður míns, Jónssonar sem var skrifuð á öðrum tug 20. aldar og var skyldulesning í öllum barnaskólum í marga áratugi,“ segir Jónas Kristjánsson sem 88 ára gamall hefur gefið út nýja bók er heitir Söguþjóðin. Hún nær yfir 400 ár, landnáms-, sögu-, friðar- og Sturlungaöld sem nær til loka þjóðveldisins 1262.

### Hlutlausari en frændi

Jónas ólst upp á Fremstafelli í Ljósavatnshreppi og kynntist ungur Íslandssögu Jónasar frænda síns. „Ég fékk að sitja inni í stofu þar sem farskólinn var á heimili foreldra minna og fylgjast með, átta ára gamall og ekki orðinn skólaskyldur. Íslandssagan lét vel í eyrum barnsins og ég hafði alltaf mest gaman af henni af öllum námsgreinunum.“

Jónas segir í formála bókar sinnar að hann reyni að hafa frásögnina hlutlausari en frændi sinn.

„Já, þar munar miklu. Á 19. öldinni var því haldið fram að fornöldin hefði verið glæst og sú söguskoðun var við lýði þar til við Íslendingar vorum búnir að fullheimta sjálfstæðið en vissulega var hún rammhlutdræg í garð Norðmanna og síðan Dana. Jónas frændi minn skrifaði liðlega, enda var lesningin ætluð börnum, og ég hef stælt ritstíl hans, þó innihaldið sé ekki alveg það sama. Jónas bjó til spennulesningu, sérstaklega frá sögu- og Sturlungaöld, og ég reyni að viðhalda spennunni. Í Íslandssögu Jónasar er brugðið upp augnabliksmyndum frá fornöldinni. Ég reyni hins vegar að hafa nokkurn veginn samfellda sögu í minni bók.“

Sér Jónas fyrir sér að nýja bókin hans verði notuð sem kennslubók? „Kannski fyrst og fremst sem lestrarbók. Ég banna auðvitað ekki að hún verði notuð sem kennslubók og finnst það vel hugsanlegt í efstu bekkjum grunnskóla. Í framhaldsskóla ætti hún heima. Ég held að engin Íslandssaga sé lesin í framhaldsskólum á Íslandi og takmarkað í grunnskólanum líka. Það er öðruvísi en var.“

### Mikill sannleikur í fornsögunum

Þótt seinni tíma sagnfræðingar telji Íslendingasögurnar ekki áreiðanlegar heimildir er Jónas sannfærður um að margar þeirra séu sagnarit þess tíma sem þær gerðust á og nefnir Vatnsdælasögu, Eyrbyggju og Egilssögu sem dæmi. „Ég lít svo á að mikill sannleikur sé í fornsögunum, langflestar persónurnar hafi verið til og meginatburðir sem í þeim er lýst hafi gerst. En menn hafa kosið að skrifa skáldlega, samtölin eru eflaust búin til og fleira fært í stílinn,“ segir hann „Ég hef líkt Íslendingasögunum við málverk Ásgríms Jónssonar úr Húsafellsskógi. Þar eru trén, trúlega eins og þau voru á þeim tíma sem hann sat þar og málaði, og fjöllin eru í baksýn en svo er glæsilegri litadýrð brugðið yfir allt.“

gun@frettabladid.is

## Ingólfur og Hjörleifur

Ingólfur tók nú að undirbúa aðra Íslandsför, en Leifur fór í vesturvíking. Gekk hann í jarðhús á Írlandi og vann þar glampandi sverð. Sverð nefnist öðru nafni hjör, og var nú nafn Leifs aukið og hann nefndur Hjörleifur. Á Írlandi tók hann einnig tíu þræla og mikið fé. Hann hafði áður gengið að eiga Helgu Arnardóttur, en Ingólfur átti konu þá er hét Hallveig Fróðadóttir.

Um veturinn framdi Ingólfur blót mikið og leitaði heilla um forlög sín, og vísaði spáin honum til Íslands. En Hjörleifur vildi aldrei blóta. Héldu þeir síðan til hafs hvor á sínu skipi með alls konar kvikfé og húsbúnað. Þegar Ingólfur sá Ísland skaut hann fyrir borð öndvegissúlum sínum og mælti svo um að þar skyldi hann reisa bæ sinn er súlurnar ræki á land. Þeir komu fyrst að landi sunnan Vatnajökuls við höfða þá sem síðan eru við þá kenndir, Ingólfur við Ingólfshöfða en Hjörleifur við Hjörleifshöfða.

*Úr Söguþjóðinni.*

BÓKSÖLULISTINN

# METSÖLUBÆKUR FORLAGSINS

FORLAGIÐ
*www.forlagid.is*




**1. SÆTI**
ÍSLENSK SKÁLDVERK
9.–15. DESEMBER 2012
BÓKSÖLULISTI

**3. SÆTI**
ÍSLENSK SKÁLDVERK
9.–15. DESEMBER 2012
BÓKSÖLULISTI




**5. SÆTI**
ÍSLENSK SKÁLDVERK
9.–15. DESEMBER 2012
BÓKSÖLULISTI




**7. SÆTI**
ÍSLENSK SKÁLDVERK
9.–15. DESEMBER 2012
BÓKSÖLULISTI




**8. SÆTI**
ÍSLENSK SKÁLDVERK
9.–15. DESEMBER 2012
BÓKSÖLULISTI




**9. SÆTI**
ÍSLENSK SKÁLDVERK
9.–15. DESEMBER 2012
BÓKSÖLULISTI




**10. SÆTI**
ÍSLENSK SKÁLDVERK
| RISE OF THE GUARDIANS 3D | 6 | L |
| KILLING THEM SOFTLY | 10 | 16 |
| SKYFALL | 6, 9 | 12 |


# Angurværðin yljar

TÓNLIST ★★★☆☆

**Ylja**
Ylja
**EIGIN ÚTGÁFA**

Upphaflega var Ylja samstarfsverkefni þeirra Bjarteyjar Sveinsdóttur og Guðnýjar Gígju Skjaldardóttur. Þær syngja og spila á gítar og eru greinilega aðdáendur þjóðlagatónlistar sem rekur uppruna sinn til Appalachia-svæðisins í Bandaríkjunum. Eftir að þær fengu til liðs við sig Smára Tarf Jósepsson var tríóið fullkomnað, en margir muna eftir Smára Tarfi sem vígalegum þungarokkara sem spilaði meðal annars með Quarashi á sínum tíma. Með Ylju leikur hann silkimjúkt á slidegítar, sem hljómar vel með gítarsamspili þeirra Bjarteyjar og Guðnýjar.



Þessi samnefnda plata er frumburður hljómsveitarinnar. Má þar finna tíu lög, en það eru Bjartey og Guðný sem sjá að mestu um lagaog textasmíðar auk þess sem þjóðskáldin Örn Arnarson og Davíð Stefánsson skjóta upp kollinum þar sem ljóð þeirra fá nýjan búning.



**YLJA** „Ylja er þægileg plata sem fær mann til að hugsa um kertaljós, heitt kakó og fleira huggulegt.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ylja er þægileg plata sem fær mann til að hugsa um kertaljós, heitt kakó og fleira huggulegt. Hljómsveitin er greinilega undir áhrifum frá bandarískri þjóðlagatónlist með djúpum sveitatónlistareinkennum, ekki síst í raddbeitingu og röddum þeirra Bjarteyjar og Guðnýjar sem syngja angurvært og allt að því „brothætt“. Manni verður ef til vill hugsað til listamanna eins og Emmylou Harris eða Joni Mitchell (sem er reyndar kanadísk) þegar hlustað er á Ylju.

Opnunarlagið „Út“ hefur þegar fengið að heyrast á ljósvakamiðlum að undanförnu en það setur tóninn fyrir það sem koma skal. „Sævindur Hafsson“ er fallegt en jafnframt sorglegt lag um hættur hafsins. Hápunktur plötunnar er þó „Konan með sjalið“, lag sem er byggt utan um ljóð Davíðs Stefánssonar – einstaklega vel heppnað.

Hér er að finna marga ljósa punkta, þó þeir mættu vera aðeins fleiri. En það er ljóst að Ylja hefur náð góðum tökum á listformi sínu, og verður vonandi aðeins betri með tímanum. **Björn Teitsson**

**NIÐURSTAÐA:** Falleg og angurvær þjóðlagatónlist frá efnilegri hljómsveit.

# Leikin heimildarmynd um æskuár Páls Óskars

Magnús Stefánsson hefur lokið gerð leikinnar heimildarmyndar um uppvaxtarár Páls Óskars og verður hún frumsýnd fyrir sjöunda bekk í Hvassaleitisskóla í kvöld. Myndin er liður í forvarnaverkefni fyrir sjöunda bekk á vegum Marita-fræðslunnar.

Ég er með forvarnastarf í grunnskólum sem er kallað Marita-fræðslan og við framleiddum svona mynd um Jónsa 2007, vegna afstöðu hans til vímugjafanotkunar þegar hann var unglingur og barn, og nú erum við að gera svipaða mynd um Pál Óskar,“ segir Magnús Stefánsson um tildrög þess að myndin um Pál Óskar varð til. „Við blöndum SIMS-tölvuleiknum inn í myndina og það eru tólf ára krakkar, nemendur í sjöunda bekk í Hvassaleitisskóla, sem leika í henni auk þriggja stráka úr öðrum skólum. Myndin endurgerir æsku Palla fram til þrettán ára aldurs og við leggjum áherslu á afstöðu hans gegn drykkju og vímugjöfum.“

Myndin verður frumsýnd í Hvassaleitisskóla í kvöld en hvert er svo framhaldið? „Myndin er framleidd til notkunar í sjöundabekkjarfræðslunni og verður eingöngu sýnd í skólum sem vilja fá fræðsluna til sín. Þeir þurfa bara að setja sig í samband við mig. Ég fjalla svo um efnið og spurningarnar sem vakna með krökkunum eftir að sýningum lýkur.“

Marita-fræðslan, hvað er það? „Það er forvarnaverkefni sem kom hingað frá Noregi fyrir fimmtán árum. Þetta var fram til 2009 samstarfsverkefni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborgar og Samhjálpar, en eftir hrun lokaði lögreglan forvarnadeild sinni og Reykjavíkurborg dró sig út úr samstarfinu, það sem svona forvarnir eru dýrar. Ég hélt hins vegar áfram og tengdi Samhjálp við I.O.G.T. og þeir hafa dregið vagninn síðan þá.“

Hvernig vaknaði áhugi þinn á forvörnum? „Það var alls enginn áhugi, maðurinn sem hafði verið í þessu starfi hætti og ég var beðinn að taka þetta að mér. Þekkti reyndar hvorki haus né sporð á forvörnum en gekk bara í að kynna mér þær og hef verið í þessu undanfarin tólf ár.“

Starfið er tvíþætt, annars vegar eru afleiðingaforvarnir fyrir unglingastigið og hins vegar forvarnastarf fyrir tíu til tólf ára börn þar sem komið er inn á næringu, lífsleikni og fleira, sem Magnús segir óskaplega spennandi verkefni. „Myndin um Palla kemur síðan sem viðbót við það starf og ég hlakka til að fylgja henni eftir og ræða um efni hennar við krakkana,“ segir hann. **fridrikab@frettabladid.is**



**SAMVINNA** Páll Óskar kemur ekki fram í myndinni en var Magnúsi innan handar við gerð hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




MIÐVIKUDAGUR: WADJDA (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ ARFUR NÓBELS (16) 20:00, 22:00 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00, 20:00, 22:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 18:00, 22:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ ÚTSKRIFTARSÝNINGAR KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS - FRÍTT INN (16) 18-20

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# GRÍÐARLEGT ÚRVAL BÓKA! KÍKTU Í HEIMSÓKN!




ÓDÝRUST Í A4*

Kuldi eftir Yrsu Sigurðardóttur

**3.890,-**




Hlaupið í skarðið eftir J.K. Rowling

**3.690,-**




Randalín og Mundi eftir
Þórdísi Gísladóttur

**2.265,-**




ÓDÝRUST Í A4*

Mánasöngvarinn eftir
Margréti Örnólfsdóttur
og Signýju Kolbeinsdóttur

**2.395,-**




ÓDÝRUST Í A4*

Ár kattarins eftir
Árna Þórarinsson

**4.280,-**




Gleðigjafar eftir Sigrúnu Ósk Kristjáns-
dóttur og Thelmu Þorbergsdóttur

**3.475,-**

www.a4.is / sími 580 0000 / sala@a4.is
A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði
A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum A4 Austurvegi 65, Selfossi

* Samkvæmt verðkönnun
ASÍ frá 5. des. 2012

A4





**LÁTA VEL Í SÉR HEYRA** Leikmenn úr 3. og 4. flokki karla fara fyrir stuðningssveit ÍR-inga. Á minni myndinni sést glögglega hve vel er mætt á leiki ÍR-inga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Barist um sjálfboðaliðastörfin hjá ÍR

**Stemningin á leikjum karlaliðs ÍR í efstu deild karla í handbolta hefur vakið athygli. Fjölmargir sjálfboðaliðar koma að hverjum einasta heimaleik og áhorfendur í þétt setinni stúkunni í Austurbergi skemmta sér konunglega á heimaleikjum liðsins.**

**HANDBOLTI** Töluverð umræða hefur verið um dræma aðsókn á leiki í efstu deild karla í handbolta undanfarin misseri. Leikmenn meistaraflokks ÍR þurfa þó ekki að hafa áhyggjur af dræmum stuðningi því um 500 manns að meðaltali sækja heimaleiki liðsins og láta vel heyra í sér. ÍR er nýliði í deildinni en það er svo sannarlega ekki að merkja á stemningunni á pöllunum.„Það eru margir sem koma að þessu og þetta gerist ekkert öðruvísi,“ segir Aðalsteinn Jóhannsson í heimaleikjaráði meistaraflokks ÍR spurður um hvernig svo vel hafi til tekist í Breiðholtinu. Ballið hafi byrjað í 1. deild á síðasta ári þegar hamborgarasala á heimaleikjum var sett í gang.

„Við grilluðum 200 hamborgara ofan í liðið á klukkutíma,“ segir Aðalsteinn um leikdaginn þegar hamborgararnir voru kynntir til sögunnar. Þá hafi þeir gefið borgarana en í kjölfarið hafi þeir kostað 500 krónur ásamt gosi til þess að standa undir sér.

„Þá fékk fólk hamborgara og gos á 500 krónur auk þess að fá frítt inn á völlinn. Þannig kom stór hópur inn í þetta,“ segir Aðalsteinn.

### Skrá sig í störf á netinu

Eftir að karlaliðið tryggði sér sæti í efstu deild var ákveðið að nokkrir úr barna- og unglingaráði félagsins myndu stofna heimaleikjaráð ásamt nokkrum úr stjórn handknattleiksdeildarinnar.

„Það var gert til þess að brjóta niður vegginn á milli barna- og unglingaráðs og stjórnarinnar. Við vildum mynda eitt lið, eina heild,“ segir Aðalsteinn en vel hefur gengið að fá sjálfboðaliða til þess að starfa á heimaleikjum karlaliðsins. Í sjálfboðaliðahópinn hafi því bæst foreldrar barna- og unglinga úr félaginu sem staðið hafa árlega fyrir fjölmennum yngri flokka mótum.

ÍR-ingar nýta Facebook vel til þess að auglýsa viðburði sína og halda utan um sjálfboðaliðastarfið. Fyrir hvern heimaleik manna þeir 31 stöðugildi á leikjum karlaliðsins og þar komist færri að en vilja. Fólk skráir sig sjálft í störfin og verður að afboða sig geti það ekki staðið vaktina á næsta heimaleik. Þá komast aðrir að. Stöðugildin má sjá í töflunni hér til hliðar.

### Krakkarnir virkir

Iðkendur úr yngri flokkum félagsins eru afar virkir á heimaleikjunum.

„Til dæmis á moppunni látum við yngri flokkana skiptast á. Það er stemning að fá að taka þátt í þessu. Krakkarnir fá nafnspjald með sínu hlutverki þannig að það eru allir merktir. Þannig verður líka stemning í flokkunum hverjir fái að vera á moppunni,“ segir Aðalsteinn og virðist hart barist um að þurrka svita karlanna af fjölum Austurbergs. Þá leiða iðkendur einnig leikmenn liðanna inn á völlinn í aðdraganda leiksins.

„Þar skiptast flokkarnir á. Síðast var 7. flokkur kvenna og þar á undan 5. flokkur kvenna. Foreldrar krakkanna sem eru að leiða inn á fá boðsmiða á völlinn. Síðan finnst foreldrunum rosalega gaman og þeir mæta aftur á næsta leik,“ segir Aðalsteinn sem er sjálfur aðfluttur úr Hlíðunum þar sem krakkarnir hans æfðu með Val. Honum hafði aldrei dottið í hug að mæta á leik fyrr en dóttir hans átti að leiða leikmenn inn á völlinn. Þá var ekki aftur snúið.

„Það er betra að taka þátt í starfinu og láta breytingar gerast frekar en að standa fyrir utan og tuða um hvað þurfi að gera. Það virkar oft betur.“

### Samfélag ÍR-inga á Facebook

Aðalsteinn segir að fyrsta vandamálið sem blasti við honum hafi verið að yngri flokkar ÍR æfðu í fimm íþróttahúsum í Breiðholti. Starfið hafi verið sundurslitið en með Facebook-síðu félagsins hafi tekist að búa til samfélag sem tengi krakkana og foreldrana.

„Við virkjum foreldrana í að taka myndir á mótunum. Það eykur umferðina og eykur við umfjöllunina. Krakkarnir merkja sig inn á myndirnar og þannig dreifist þetta. Á svona mótum eru teknar 1.500-2.000 myndir,“ segir Aðalsteinn sem sjálfur er duglegur að mynda á leikjum meistaraflokks.

„Þá tökum við 200-600 myndir. Við erum með tvær myndavélar á ólíkum stöðum sem eru stilltar á sama tíma. Myndirnar eru svo teknar saman í eina möppu í tímaröð og þannig getum við stundum séð mismunandi sjónarhorn af brotum,“ segir Aðalsteinn en umferð á síðuna er mikil.

„Þegar meistaraflokkur var deildarmeistari í 1. deild í vor fengum við 12 þúsund heimsóknir á Facebook-síðuna. Helgina á eftir fór 7. flokkur karla og kvenna að keppa á Selfossi og þá fengum við 17 þúsund heimsóknir.“ **kolbeinntumi@365.is**

## Aldrei upplifað svona stemmingu



**JÓN OG STELPURNAR** Jón Heiðar Gunnarsson ásamt efnilegum stelpum úr yngri flokkum ÍR. MYND/AÐALSTEINN

Línumaðurinn Jón Heiðar Gunnarsson var einn þeirra uppöldu ÍR-inga sem sneru aftur í raðir félagsins fyrir yfirstandandi leiktíð.

„Þegar ég var í samningaviðræðum við ÍR þá töluðu þeir á þessum nótum. Menn eiga oft til að færa í stílinn en það reyndist ekki vera. Þetta kom skemmtilega á óvart,“ segir Jón Heiðar um stemmninguna í kringum meistaraflokk félagsins.

„Ég hef spilað fyrir nokkur félög á Íslandi en aldrei áður séð aðra eins umgjörð og stemmningu. Þetta er í sérflokki,“ segir Jón Heiðar sem dáist greinilega að því starfi sem unnið er af sjálfboðaliðum hjá félaginu.

„Ég hef aldrei séð annað eins skipurit og skipulag. Ábyrgðin dreifist á svo marga en lendir ekki á einum og tveimur eins og gerist oft í íþróttafélögum.“



**GÆSLAN** Haukur Ragnarsson ásamt Aðalsteini við gæslustörf.

### AÐSÓKN Á HEIMALEIKI ÍR

29.09.2012 ÍR - Haukar 550
11.10.2012 ÍR - FH 500
08.11.2012 ÍR - HK 550
15.11.2012 ÍR - Afturelding 600
28.11.2012 ÍR - Akureyri 380
13.12.2012 ÍR - Fram 458

### ➜ Stöðugildin á heimaleikjum

1 Ábyrgðarmaður leikja
2 Umsjón með fjölmiðlum
3 Veitingar fyrir fjölmiðla
4 Ritari/leikskýrsla/borð/merkja klefa
5 Tímavörður
6 Moppa hægra megin
7 Moppa vinstra megin
8 Moppa á bikar-/úrslitaleikjum
9 Moppa á bikar-/úrslitaleikjum
10 Kynnir
11 Plötusnúður
12 Öryggisgæsla allra svæða og dómara
13 Öryggisgæsla á hurð 1
14 Öryggisgæsla á hurð 2
15 Öryggisgæsla aðkoma liða/sjónvarps



**ÞURRKA SVITANN** Sigrún Björk Runólfsdóttir and Monika Jovisic stóðu vaktina gegn FH.

16 Öryggisgæsla hjá stuðningsmönnum ÍR
17 Öryggisgæsla hjá gestaliði
18 Öryggisgæsla í stúku á stærri leikjum
19 Öryggisgæsla á bikar-/úrslitaleikjum
20 Umsjón með inngöngu yngri flokka
21 Afgreiðsla peninga í lúgu 1
22 Afgreiðsla korta í lúgu 2
23 Dyravörður
24 Dyravörður
25 Afgreiðsla í sjoppu
26 Afgreiðsla í sjoppu
27 Öryggisgæsla fjölmiðla
28 Öryggisgæsla áhorfenda á svölum
29 Afgreiðsla aðgöngukorta HSÍ og gestalista
30 Umsjón með kaffi fyrir Bláu höndina
31 Prófun netkerfis fyrir leikdag




Meira á www.intersport.is

# 20% AFSLÁTTUR

## AF BARNAFATNAÐI DAGANA 19. - 21. DESEMBER

NÁÐU ÁRANGRI MEÐ INTERSPORT
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP
GLÆSILEGT ÚRVAL AF ÍÞRÓTTA- OG ÚTIVISTARVÖRUM





2.790
fullt verð 3.490

**ADIDAS**
Flottur bómullarbolur. 3 litir. Barnastærðir.





5.190
fullt verð 6.490

**ADIDAS PES PANT**
Léttar og þægilegar buxur
með teygju neðst á skálmum.
Litur: Svartar. Barnastærðir.



7.190
fullt verð 8.990

**QUEEBEC**
Léttar kuldabuxur.
Litur: Svartar. Barnastærðir.



4.390
fullt verð 5.490

**SYLVIA LS TEE**
Langermabolur.
Litir: Grár og fjólublár.
Barnastærðir.



1.590
fullt verð 1.990

**ETIREL SKI BASIC**
Hlýir kuldavettlingar.
Litir: Svartir, bleikir og grænir.
Barnastærðir.



5.590
fullt verð 6.990

**KATTY FLEECE**
Flíspeysa.
Litir: Grá og fjólublá.
Barnastærðir.

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / WWW.INTERSPORT.IS

ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA

EXPO - www.expo.is

# Meistarabarátta um efsta sætið

Kylfingurinn Tiger Woods klifrar upp heimslistann í golfi á nýjan leik eftir sögulega lægð og andar nú ofan í hálsmálið á Rory McIlroy.



**GOLF** Tiger Woods hefur hægt og bítandi náð að blanda sér í baráttuna um efsta sæti heimslistans í golfi á ný eftir að hafa verið í sögulegri lægð á þeim lista. Einkalíf bandaríska kylfingsins var aðalfréttaefnið í lok nóvember árið 2009 en á þeim tíma var Woods í sérflokki sem kylfingur og hafði einokað efsta sæti heimslistans í mörg misseri.

Hinn 7. október árið 2010 náði Lee Westwood frá Englandi að velta Woods úr sessi í efsta sæti heimslistans og í kjölfarið hrapaði Woods niður listann. Hann fór neðst í 58. sætið í lok október 2011. Frá þeim tíma hefur Woods unnið sig hægt og rólega upp heimslistann að nýju og er hann í 3. sæti þessa stundina.

Rory McIlroy er í efsta sæti heimslistans þessa stundina en hann náði að komast upp fyrir Tiger Woods í fyrsta sinn á heimslistanum þann 1. maí á síðasta ári. Hinn 23 ára gamli Norður-Íri náði efsta sæti heimslistans í fyrsta sinn á ferlinum þann 1. maí á þessu ári og hefur hann verið óslitið í efsta sætinu frá því í lok ágúst.

McIlroy fær mikla samkeppni um efsta sætið á næsta ári og Woods náði að komast upp fyrir hann í lok júlí þegar Woods náði öðru sæti og McIlroy var í því þriðja.

Rory McIlroy var valinn kylfingur ársins á PGA-mótaröðinni í Bandaríkjunum en hann endaði í efsta sæti peningalistans á tveimur stærstu atvinnumótaröðum veraldar, PGA-mótaröðinni og Evrópumótaröðinni.

Hann sigraði m.a. á PGA-meistaramótinu sem er eitt af fjórum risamótum hvers árs.

McIlroy hefur samtals verið í 28 vikur í efsta sæti heimslistans en hann á langt í land með að jafna árangur Woods á því sviði. Hann hefur samtals verið í 623 vikur efstur.

Greg Norman frá Ástralíu var í 331 viku í efsta sæti en heimslistinn var settur á laggirnar fyrir 24 árum.

seth@frettabladid.is

## BARÁTTA TIGER OG RORY Á HEIMSLISTANUM 2009-2012







# JÓLIN ERU HJÁ OKKUR!

## CINTAMANI OUTLET

AUSTURHRAUNI 3
GARÐABÆ

## ENN MEIRI VERÐLÆKKUN AF VÖLDUM VÖRUM 30-75% AFSLÁTTUR

mið. 19. des. - laug. 22. des.

* setjum skiptimiða á allar jólagjafir.
skilafrestur er til 10. jan. 2013

## GLEÐILEG JÓL!




CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

Cintamani Outlet, Austurhrauni 3
mán - fös. 10-18 | lau. 10-16
533 3811

FIMM STJÖRNUR!

Krásir úr ofni

NÝ BÓK EFTIR HÖFUNDA
GÓÐUR MATUR – GOTT LÍF Í TAKT VIÐ ÁRSTÍÐIRNAR




„… sérdeilis falleg bók sem hægt er að sökkva sér ofan í, lesa sér til fróðleiks og ánægju, leita innblásturs í og hugmynda að uppskriftum eða hreinlega bara njóta dásamlegra og litríkra mynda. … Myndirnar eru svo girnilegar að maður finnur næstum ilminn af gómsætum réttunum.

**Ekki er hægt að fara nógu lofsamlegum orðum um þessa nýjustu bók Ingu og Gísla, enda má ljóst vera að hún er nauðsynlegur dýrgripur fyrir allt ástríðufólk um mat.“**

*Silja Björk Huldudóttir / Morgunblaðið*

GOURMAND

**Eldað og bakað í ofninum heima** er tilnefnd til **Gourmand World Cookbook Awards 2012** í tveimur flokkum, **Best Cookbook of the Year** og **Best Easy Recipes Book.**

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*



**BRATTUR** Gunnar segist sjá möguleika í bardaganum gegn Edwards sem er fimm árum eldri en hann. NORDICPHOTOS/GETTY

# EINA BREYTINGIN ER STÆRRA SVIÐ

**Gunnar Nelson mun keppa sinn stærsta bardaga á ferlinum í Wembley Arena um miðjan febrúar. Gunnar lætur gott gengi og aukinn áhuga á sér ekki trufla sig. Hann er með báða fætur á jörðinni og líst vel á komandi bardaga í London.**

**UFC** Bardagakappinn Gunnar Nelson er á hraðri uppleið í bardagaheiminum. Eftir frábæra frumraun í UFC hefur hann fengið verðugt verkefni á stóra sviðinu. Hann mun mæta Bandaríkjamanninum Justin Edwards þann 16. febrúar í Wembley Arena og er bardagi þeirra einn af stóru bardögum kvöldsins.

Gunnar hefur vakið mikla athygli í UFC-heiminum eftir að hann vann sannfærandi sigur á DeMarques Johnson í september í frumraun sinni í UFC. Íslendingurinn er búinn að vinna tíu bardaga í blönduðum bardagalistum og þar af níu í fyrstu lotu.

Edwards er fimm árum eldri en Gunnar, eða 29 ára, og hann hefur unnið átta af tíu bardögum sínum. Hann lagði reyndan kappa, Josh Neer, í sínum síðasta bardaga og var aðeins 45 sekúndur að klára verkefnið.

„Það gerist hægt og hægt að ég fari upp skalann. Ég vann síðasta bardaga mjög örugglega og hann var færður upp á það sem kallast „main card“. Þetta þótti flott og því fór hann í sölu í sjónvarpi en var ekki frítt á netinu. Nú er ég á þessum lista yfir kvöldið í Wembley. Það eru fjórir eða fimm bardagar þetta kvöld sem fara í sjónvarpssölu. Það verða samt örugglega um tíu bardagar þetta kvöld,“ sagði Gunnar af sinni alkunnu stóísku ró en hann segist ekki finna mikið fyrir þeim aukna áhuga sem augljóslega er á honum.

„Íslendingar hafa verið að fylgjast vel með mér. Ég finn fyrir því. Eflaust er það að aukast erlendis en ég eyði ekki miklum tíma á internetinu. Ef ég er þar þá er ég aðallega á Youtube að skoða myndbönd. Auðvitað gerist það samt þegar maður er kominn í UFC. Það er stærsti viðburðurinn í þessari íþrótt og hún er rosalega vinsæl í Bandaríkjunum, Japan og Bretlandi. Er maður stígur á svið þar fara miklu fleiri að taka eftir þér.“

Gunnar hefur haldið báðum fótum á jörðinni þrátt fyrir gott gengi og að vera kominn í UFC. Er samt meiri pressa á honum en áður?

„Mér líður ekkert öðruvísi en áður. Eina breytingin er stærra svið. Þetta er samt alltaf sami hluturinn. Það eru sterkari andstæðingar hér en þetta snýst alltaf um að mæta einum manni sem ætlar að ná sínu fram. Eðli bardagans breytist því ekkert. Ef maðurinn er með höfuðið rétt skrúfað á ætti þessi umgjörð ekki að hafa nein áhrif á mann.“

Gunnar hefur ekki kynnt sér andstæðinginn mikið til þessa.

„Ég veit að hann er mjög góður alhliða bardagamaður og hefur klárað marga bardaga með uppgjöf enda með gott hengingartak. Hann virðist vera sterkur í öxlunum. Ég hef horft á síðustu tvo bardagana hans og hann vill vera í jörðinni með flestum. Ég veit ekki hvað hann vill gera með mér,“ sagði Gunnar er hann var beðinn um að lýsa væntanlegum andstæðingi. Hvernig heldur hann samt að Edwards henti sér?

„Bara vel. Ég lít alltaf á það sem þarf að líta á fyrir hvern bardaga. Það er alltaf hægt að finna leið til þess að komast úr hringnum í heilu lagi og ná sínu fram. Ég sé fram á marga góða möguleika.“

henry@frettabladid.is

## Verðmætasti bardaginn

Bardagi Gunnars og Justin Edwards verður sýndur víða um heim enda risakvöld hjá UFC. Gunnar fær líka greitt í samræmi við það.

„Það er þokkalega vel greitt. Það eru meiri peningar þarna en á þeim stöðum sem ég hef verið á. Þeir vilja gera vel við sitt fólk. Ég má samt ekki gefa upp hvað ég fæ fyrir þennan bardaga,“ sagði Gunnar en hann dregur ekkert dul á að þetta sé hans verðmætasti bardagi til þessa.

„Það er eðlilegt að þessi hluti stækki eftir því sem það gengur betur.“




# Messi búinn að framlengja



**FÓTBOLTI** Barcelona framlengdi í gær samninga við þrjá uppalda leikmenn sína.

Leikmennirnir sem um ræðir eru fyrirliðinn og miðvörðurinn Carles Puyol, miðjumaðurinn og varafyrirliðinn Xavi auk Argentínumannsins Lionels Messi.

Knattspyrnumennirnir þrír eiga það allir sameiginlegt að hafa leikið með Barcelona allan sinn atvinnumannaferil. Xavi lét hafa eftir sér á dögunum að það kæmi ekki til greina að leika með neinu öðru liði en Barcelona.

Puyol er 34 ára, Xavi er 32 ára og Messi 25 ára.

# Hjá okkur finnast gjafirnar



Vélin fæst
í mörgum litum.
Verð frá kr. 82.990



KitchenAid
FOR THE WAY IT'S MADE.

JÓLATILBOÐ
**4.990**

Fjöldi aukahluta á Kitchenaid hrærivélina fáanlegur, sleikiarmur, grænmetiskvörn, hakkavél, berjapressa, sítruspressa, pastagerðavél og fleira.



SEVERIN

**Severin ES3560**
600w safapressa með 1740 ml safaíláti. Öryggisloki Stálsía og stálhnífur. Stál.

VERÐ **12.990**



SEVERIN

**Severin PC3751**
Poppkornsvél sem býr til poppkorn með heitu lofti á 2,5 mínútum.

VERÐ **4.990**



Fissler. Perfect every time.

**Fissler 15730228100**
Vönduð 28cm panna með sterkri viðloðunarfrírri húð. Virkar á allar gerðir af eldavélum.

VERÐ **9.990**



ÅVIKEN

**Aviken 904**
Hágæða 1000w vöfflujárn með hitastilli sem gerir 4 hjartlaga vöfflur. Lætur vita með ljósi þegar vaffla er tilbúin. Jöfn og hröð hitun, vöfflujárn fyrir kröfuharða.

VERÐ **14.990**



SEVERIN

**Severin KA5700**
1450w Café Caprice KAFFIKANNA sem sýður vatnið. Dropastoppari. Tekur 8-12 bolla.

VERÐ **16.990**



SEVERIN

**Severin AS3950**
Áleggshnífur. 130w rafmagnshnífur. Stálhnífur sem sker frá 0-20mm þykkt.

VERÐ **9.990**



Fissler. Perfect every time.

**Fissler 8006608001**
Signum hnífasett með 7 hnífum. 7,5sm Afhýðingarhnífur, 9sm Grænmetishnífur, 11,5sm Tómathnífur, 15sm Úrbeiningarhnífur, 20sm Kjöthnífur, 20sm Alhliðahnífur og 21sm Brauðhnífur.

VERÐ **24.990**



Fissler. Perfect every time.

**Fissler 60030004000**
Vitaquick 4,5 lítra hraðsuðupottur. Hraðari eldun og varðveitir vítamín í mat betur en við venjulega suðu. Má einnig nota sem venjulegan pott.

VERÐ **24.990**



SEVERIN

**SeverinKa5987**
Sjálfvirk 1500w kaffivél. 1,5 lítrar. 15 bör. Hitaplata. Flóunarstútur.

VERÐ **22.990**



Saeco

**Saeco Xsmall**
- Sjálfvirk kaffivél
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 170 gr
- Vatnstankur: 1 líter
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött

VERÐ **69.990**



Saeco

**Saeco Intelia**
- Sjálfvirk kaffivél
- Ketill úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Panarello flóunarstútur
- Baunahólf: 300g
- Vatnstankur: 1,5 lítrar
- Korgskúffa: 10 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött

VERÐ **79.990**



CERTIFIED BY CENTRO STUDI ASSAGGIATORI ITALIAN TASTERS

Saeco

**Saeco Syntia**
- Sjálfvirk stafræn kaffivél
- 2 katlar úr ryðfríu stáli
- Kvörn úr keramík
- Sjálfvirk flóunarkanna
- Baunahólf: 250g
- Vatnstankur: 1,2 lítrar
- Korgskúffa: 8 bollar
- Þrýstingur: 15 bör
- Til heimilisnotkunar
- 1400 wött

VERÐ **129.990**



WilliamBounds salt- og piparkvarnir í úrvali

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



**Stöð 2 kl. 21.05**
### Grey's Anatomy
Það er stór stund fram undan hjá læknunum í Grey's Anatomy á Stöð 2. Bailey er að fara að gifta sig en hún er ekki alveg sannfærð um að það sé rétt ákvörðun. Lizzie og Meredith lendir saman og læknarnir reyna að fá Derek til að fara í hættulega aðgerð til að laga hendina á honum.



### Sons of Anarchy
**POPPTÍVÍ KL. 21.05** Nýbakaður faðir á erfitt með að tvinna saman fjölskyldulífið og mótorhjólaklúbbinn sinn, Sons of Anarchy, í bænum Charming, Kaliforníu. Klúbburinn stundar alls kyns ólögleg viðskipti og tekst á við ógnir undirheimanna.

Rotten Tomatoes 68% IMDb 8,7



### Last Resort
**SKJÁR 1 KL. 21.10** Íslendingurinn Darri Ingólfsson fer með hlutverk í þessum amerísku þáttum um áhöfn kjarnorkukafbáts sem neitaði að hlýða skipunum sem þeim þótti óhugsandi. Í kjölfarið lendir hún í ónáð yfirvalda.

IMDb 7,9



### New Girl
**STÖÐ 2 KL. 20.15** Cece fer að líta lífið öðrum augum eftir að Jess dregur hana með sér í læknisheimsókn til vinkonu þeirra sem er kvensjúkdómalæknir. Nick ákveður að verða Ernest Hemingway sinnar kynslóðar og Schmidt uppgötvar að tilfinningar hans í garð Cece eru kannski ekki alveg kulnaðar.

66/100 IMDb 7,9

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar **1 06**.40 Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Raddir **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Aðventa **15.25** Bókaþing **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu - Jólakonsert **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Hvað er stjörnun? **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**12.00 Maður og jörð – Norðurskautssvæðið - Lífið í frystinum** *(3:8) (Human Planet) (e)*
**12.50 Maður og jörð - Á tökustað** *(3:8) (Human Planet: Behind the Lens) (e)*
**13.05 Kexvexmiðjan** *(3:6)*
**13.35 Njósnari** *(3:6) (Spy)*
**14.00 Heppni fíllinn** *(e)*
**15.22 Íþróttaannáll 2012** *(e)*
**15.55 Djöflaeyjan** *(e)*
**16.35 Hefnd** *(9:22) (Revenge) (e)*
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Jóladagatalið**
**17.31 Hvar er Völundur?**
**17.37 Jól í Snædal**
**18.02 Geymslan**
**18.25 Allt upp á einn disk** *(3:4) (e)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Læknamiðstöðin** *(20:22)*
**21.00 Kiljan** Bókaþáttur.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Utan hringsins** Upptaka frá útgáfutónleikum Friðriks Ómars í Hörpu.
**23.25 Völundur - nýsköpun í iðnaði** *(5:5) (Matur er mannsins megin) (e)*
**23.55 Tildurrófur** *(2:2) (e)*
**00.25 Kastljós** *(e)*
**00.55 Fréttir**
**01.10 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(15:22)*
**08.30 Ellen** *(64:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(47:175)*
**10.15 60 mínútur**
**11.05 Community** *(24:25)*
**11.35 The No. 1 Ladies' Detective Agency** *(5:7)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 New Girl** *(14:24)*
**13.25 Perfect Couples** *(8:13)*
**13.45 Gossip Girl** *(18:24)*
**14.30 Fly Girls** *(1:8)*
**15.00 Big Time Rush**
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**16.35 Bold and the Beautiful**
**17.00 Nágrannar**
**17.25 Ellen** *(65:170)*
**18.10 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(19:24)*
**18.23 Veður** Ítarlegt veðurfréttayfirlit.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 The Big Bang Theory** *(14:23)*
**19.50 The Middle** *(5:24)*
**20.15 New Girl** *(9:24)*
**20.40 Up All Night** *(21:24)* Stórskemmtilegir gamanþættir.
**21.05 Grey's Anatomy** *(9:24)*
**21.55 Touch** *(9:12)* Yfirnáttúrulegir dramaþættir frá höfundi Heroes með Kiefer Sutherland í hlutverki föður sem reynir að ná tengslum við fatlaðan son sinn.
**22.40 American Horror Story** *(7:12)* Dulmagnaður spennuþáttur um fjölskyldu frá Boston sem flytur til Los Angeles. Fjölskyldan finnur draumahúsið en veit ekki að þar er reimt. Óhugnanlegir atburðið fara að eiga sér stað.
**23.25 NCIS** *(1:24)*
**00.10 Person of Interest** *(8:23)*
**00.55 Breaking Bad** *(2:13)*
**01.45 Ghost Town**
**03.10 SherryBaby**
**04.45 New Girl** *(9:24)*
**05.10 Up All Night** *(21:24)*
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Þýski handboltinn: Lübbecke - Flensburg**
**17.40 Þýski handboltinn: Lübbecke - Flensburg**
**19.05 Spænsku mörkin** Sýndar svipmyndir frá leikjunum í spænsku úrvalsdeildinni.
**19.35 Enski deildarbikarinn: Leeds - Chelsea** BEINT frá 8-liða úrslitum.
**21.45 HM 2011: Ísland - Noregur**
**23.10 Enski deildarbikarinn: Leeds - Chelsea 8-liða úrslit**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.05 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**16.35 Stoke - Everton**
**18.15 Liverpool - Aston Villa**
**19.55 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Sunnudagsmessan** Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leikina í ensku úrvalsdeildinni.
**22.05 Newcastle - Man. City**
**23.45 Man. Utd. - Sunderland**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Könnuðurinn Dóra**
**08.25 Svampur Sveinsson**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.10 Strumparnir**
**09.30 Brunabílarnir**
**09.50 Ofurhundurinn Krypto**
**10.15 Ævintýri Tinna**
**10.35 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**16.50 Villingarnir**
**17.15 Krakkarnir í næsta húsi**
**17.40 Tricky TV** *(20:23)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(16:22)*
**17.25 Íslenski listinn** Brynjar Már Valdimarsson kynnir Íslenska listann þar sem tuttugu vinsælustu lög vikunar eru kynnt ásamt tveimur nýjum sem líkleg eru til vinsælda.
**17.50 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.
**18.15 Gossip Girl** *(6:25)* Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**19.00 Friends** *(16:24)* Joey ræður ekki við sig lengur og játar tilfinningar sínar í garð Rachel fyrir Ross. Þeir félagar verða sammála um það að hann verði að segja Rachel frá þessu hverjar sem afleiðingarnar kunna að verða.
**19.50 How I Met Your Mother** *(15:20)*
**20.15 American Dad** *(18:19)* Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a. kaldhæðin geimvera og þýskumælandi fiskur.
**20.40 The Cleveland Show** *(18:21)* Skemmtilegir teiknimyndaþættir frá handritshöfundum American Dad.
**21.05 Sons of Anarchy** *(5:13)*
**21.50 American Dad** *(18:19)*
**22.15 The Cleveland Show** *(18:21)*
**22.40 Sons of Anarchy** *(5:13)*
**23.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp**

## GULL

**18.05 Doctors** *(94:175)*
**18.50 Jóladagatal Skoppu og Skrítlu** *(19:24)*
**19.00 Ellen** *(65:170)*
**19.45 Two and a Half Men** *(9:24)*
**20.10 Entourage** *(9:12)*
**20.40 Curb Your Enthusiasm** *(8:10)*
**21.20 The Sopranos** *(5:13)*
**22.15 Two and a Half Men** *(9:24)*
**22.40 Entourage** *(9:12)*
**23.05 Curb Your Enthusiasm** *(8:10)*
**23.35 The Sopranos** *(5:13)*
**00.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** *(e)*
**08.45 Dr. Phil** *(e)*
**09.35 Pepsi MAX tónlist**
**16.55 Rachael Ray**
**17.40 Dr. Phil**
**18.20 Ringer** *(16:22) (e)*
**19.10 America's Funniest Home Videos** *(34:48) (e)*
**19.35 Everybody Loves Raymond** *(18:26) (e)*
**20.00 Will & Grace** *(22:24) (e)*
**20.25 Top Chef** *(3:15)* Efnilegir matreiðslumenn fá tækifæri til að láta ljós sitt skína.
**21.10 Last Resort** *(5:13)*
**22.00 CSI: Miami** *(13:19)*
**22.50 House of Lies** *(10:12)* Hárbeittir og ögrandi þættir um hina raunverulegu hákarla í bandarísku viðskiptalífi.
**23.15 Hawaii Five-0** *(10:24) (e)*
**00.00 Dexter** *(8:12) (e)*
**01.00 Last Resort** *(5:13) (e)*
**01.50 Green Room with Paul Provenza** *(6:6) (e)*
**02.15 Excused** *(e)*
**02.40 House of Lies** *(10:12) (e)*
**03.05 Everybody Loves Raymond** *(18:26) (e)*
**03.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.40** PNC Challenge **2012** *(2:2)* **10.40** Arnold Palmer Invitational **2012** *(3:4)* **16.00** PNC Challenge **2012** *(2:2)* **19.00** Arnold Palmer Invitational **2012** *(4:4)* **00.50** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Sigmundur Davíð **20.30** Tölvur, tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Vínsmakkarinn

## BÍÓ

**11.25 Charlie St. Cloud**
**13.05 Robots**
**14.35 A Dog Year**
**15.55 Charlie St. Cloud**
**17.35 Robots**
**19.05 A Dog Year**
**20.25 Wedding Daze**
**22.00 Tron: Legacy**
**00.05 Sideways**
**02.10 Wedding Daze**
**03.40 Tron: Legacy**

**ÚTVARP** **FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2 **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 93,5** Rás 1 **FM 95,7** FM957 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið **FM 98,9** Bylgjan **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 100,5** Kaninn **FM 102,2** Útvarp Latibær **FM 102,9** Lindin **FM 105,5** Útvarp Boðun




# Sony Center

www.sonycenter.is




5 ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRPUM




**FRÁBÆRT VERÐ**
32" MOTIONFLOW SJÓNVARP KDL32EX343

- HD Ready 1366 x 768 punktar
- Motionflow X-Reality myndvinnslukerfi
- EDGE LED baklýsing
- Stafrænn móttakari

Tilboð 119.990.- Verð áður 129.990.-




**ÖRÞUNNT OG FLOTT**
42" MOTIONFLOW SJÓNVARP KDL42EX443

- Full HD 1920 x1080 punktar
- Motionflow X-Reality myndvinnslukerfi
- Dynamic EDGE LED baklýsing
- Opera netvafri innbyggður

Tilboð 169.990.- Verð áður 179.990.-

12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN*




**FLOTT IPOD / IPHONE DOKKA**
ICFDS15IPB

- Innbyggt útvarp og vekjari
- USB tengi
- Mikil hljómgæði
- Flott hönnun

Tilboð 19.990.- Verð áður 24.990.-




**HEIMSINS LÉTTASTI RAFBÓKARLESARI**
PRST2BC

- 6" snertiskjár með E-ink Pearl tækni
- Minni 2GB u.þ.b. 1200 rafbækur
- Sýnir ljósmyndir JPEG, GIF, PNG, BMP
- Þyngd aðeins 164 gr.

Tilboð 29.990.- Verð áður 34.990.-




**ATVINNUMANNAGÆÐI Í VASASTÆRÐ**
NEX5NKB

- 16.1 megapixla Exmor flaga
- 3" breiðtjaldsskjár TruBlack LCD
- KIT 18-55mm linsa fylgir
- Sweep Panorama myndataka

Tilboð 99.990.- Verð áður 149.990.-




**KLASSA HEIMABÍÓKERFI BLU-RAY**
BDVEF220

- Full HD Blu Ray spilari innbyggður
- Bravia Internet Video
- Innbyggt útvarp
- Innbyggður netvafri

Tilboð 59.990.- Verð áður 69.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni
569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi **Akureyri**
569 7645

*3,25% lántökugjald og 320 kr. færslugjald á hvern gjalddaga.

Opið til kl. 19.00 alla daga fram til jóla

## SJÓNVARPSPÁTTURINN



**„Ég horfi á fréttir og Kastljós. Það er sjónvarpsþátturinn minn.“**

Hrafnhildur Hagalín leikritahöfundur.

# Alvöru Harlem-stemning í Tryggvagötunni

Mikill asi hefur verið við að umbreyta Þýska barnum í nýjan bar, Harlem, sem opnar á morgun.

„Við fengum til liðs við okkur á annan tug ungra myndlistarmanna til að skreyta innviði staðarins með fjölbreyttri myndlist. Það gefur honum lifandi blæ og það er virkilega flott að sjá alla þessa ólíku stíla blandast saman,“ segir Steindór Grétar Jónsson.

Steindór Grétar er einn eigenda nýs skemmtistaðar, Harlem, sem opnar að Tryggvagötu 22 á morgun. Lengi vel gekk staðurinn undir nafninu Bakkus, en fyrir rúmu ári var honum breytt í Þýska barinn og nú í Harlem. „Þetta hefur verið mikill sprettur og við erum búin að umturna staðnum á örfáum vikum. Á sama tíma erum við að undirbúa jólin, vinna að öðru og margir af listamönnunum okkar jafnvel í prófum eða lokaverkefnisskilum. Þar sem við vorum með mikið af góðu fólki með okkur gátum við þó látið þetta ganga upp,“ segir Steindór.

Árni Már Erlingsson var fenginn í hlutverk listræns stjórnanda við uppsetningu staðarins og kappkostað var að láta gestum líða vel á staðnum. „Við hugsuðum bara með okkur hvað okkur þætti vanta í stemninguna í miðbæinn og þetta varð niðurstaðan. Árni safnaði svo fólki úr öllum áttum, með ólíka sýn og tækni, og það kom ótrúlega vel út,“ segir Steindór. „Við komum svo til með að brydda upp á alls kyns nýjungum sem fólk fær að uppgötva þegar það kemur. En það er óhætt að segja að ýmislegt muni koma á óvart,“ bætir hann við. - trs



**Á HARLEM** Kristjana Björg og Steindór Grétar eru meðal þeirra sem standa að rekstrinum. Fyrir aftan má sjá eitt af verkum myndlistarmannanna sem skreyttu staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






**KOMINN HEIM** Steingrímur Karl Teague er kominn heim eftir óvænta tónleikaferð með Of Monsters and Men. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sendi þýðinguna heim frá Jay Leno

Steingrímur Karl Teague skemmti sér á ferðalagi með Of Monsters and Men.

„Þetta er eins og að vera með sæti í bestu röð að fylgjast með merkisviðburði,“ segir hljómborðsleikarinn Steingrímur Karl Teague úr hljómsveitinni Moses Hightower.

Hann var fenginn til að spila með Of Monsters and Men á tónleikaferð sveitarinnar um Bandaríkin þegar hljómborðsleikarinn Árni Guðjónsson hætti óvænt og ákvað að snúa sér að öðrum verkefnum.

„Brynjar [Leifsson] gítarleikari hringdi í mig þegar ég var á leið heim af Moses-æfingu. Þetta var tiltölulega stuttur fyrirvari. Það vill til að Moses er rispuband þannig að þetta passaði einhvern veginn vel,“ segir Steingrímur Karl, sem spilaði á um tuttugu tónleikum með Of Monsters and Men á um einum mánuði. Þeir síðustu voru í kvöldþætti Jay Leno í Los Angeles og eftir það flaug hann heim til Íslands til að spila í Háskólabíói síðastliðið föstudagskvöld með Moses Hightower og Ásgeiri Trausta. Hann spilar svo aftur með Moses á tónleikunum Hátt í höllinni í Laugardalshöll í kvöld.

Aðspurður segir hann það hafa verið ljómandi gaman að spila hjá Jay Leno. „Hann var voða sólbrúnn og sætur og hress í galladressinu sínu,“ segir Steingrímur hlæjandi en bætir við að hann hafi haft lítinn tíma til að spá í hvar hann var staddur. Hann starfar sem þýðandi og til að mynda sendi hann eina þýðingu heim til Íslands baksviðs hjá Leno.

„Það voru eiginlega allir tónleikarnir skemmtilegir,“ segir hann um tónleikaferðina. „Það myndast sérstök orka og stemning hjá hljómsveitinni og það er gaman að upplifa það.“ Eftir áramót heldur Steingrímur áfram að spila með Of Monsters and Men þegar farið verður í tónleikaferð um Asíu. Hljómsveitin er enn á tónleikaferð vestanhafs og hleypur trompetleikarinn Ragnhildur Gunnarsdóttir í skarðið fyrir hann á hljómborðinu þangað til.

Kemur til greina að ganga endanlega til liðs við Of Monsters and Men? „Þau eru með sína veröld. Það er gaman að hjálpa til en þetta er algjörlega þeirra stemning. Það er svo mikil dýnamík þeirra á milli að ég myndi ekki treysta mér til þess. En það er voða gaman að hjálpa til og fá að fylgjast með á kantinum.“

freyr@frettabladid.is

# Deadline hefur trú á Djúpinu

Telur Djúpið eina þeirra mynda sem geta komist í úrtak fyrir Óskarsverðlaunin.

Djúpið er ein af fimmtán kvikmyndum sem bandaríska vefsíðan Deadline.com segir að sé líkleg til að komast í fimmtán mynda úrtak fyrir tilnefningarnar til Óskarsverðlaunanna. Tilkynnt verður um fimmtán mynda úrtakið á föstudaginn. Úr því verða fimm myndir valdar í lokaúrtakið sem keppir um Óskarinn.

Í umfjöllun Deadline segir að leikstjórinn Baltasar Kormákur hafi þegar skapað sér nafn í Hollywood með spennumyndinni Contraband og að 2 Guns sé væntanleg frá honum með Mark Wahlberg og Denzel Washington í aðalhlutverkum.Alls keppir 71 kvikmynd um þessi fimm Óskarstilnefningasæti.



**DJÚPIÐ** Á föstudaginn verður tilkynnt um hvort Djúpið kemst í fimmtán mynda úrtakið.

Meðal hinna myndanna fjórtán sem Deadline skrifar um eru hin franska The Intouchables, Amour, sem vann Gullpálmann í Cannes, A Royal Affair frá Danmörku og The Hypnotist frá Svíþjóð. Aðeins ein íslensk mynd í fullri lengd hefur verið tilnefnd til Óskarsverðlaunanna. Það var Börn náttúrunnar árið 1992. - fb

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið í des.:
virka daga
9.30–18
helgar
12–17

# HARÐIR PAKKAR!

## YAMAHA YSP HEIMABÍÓIÐ LOKSINS KOMIÐ AFTUR

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION ★★★★★

**Yamaha Sound Projector**
**179.995**

Enn ein rósin í hnappagat Yamaha. Digital Sound Projector tækni sem skilar 7.1 rása hljómi í stofunni þinni. Engar snúrur, bara topp-gæði og frábær upplifun. Valið vara ársins 2011 af What HiFi.




**Mikið úrval**

PIPAR\TBWA • SÍA • 123729




Verð áður:
**319.995**

**42" LG LED Full HD**
**219.995**

Stílhreint 42" Full HD sjónvarp frá LG. Með Home Dashboard valmyndakerfi, TruMotion 400Hz MCI, SmartTV, Cinema 3D, gervihnattamóttakara o.fl.

**Full búð af frábærum jóla-tilboðum**

**Sjáðu öll frábæru jólatilboðin á vefnum okkar! hataekni.is**

Hátækni

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Elda oft óhollan mat

„Ég verð að viðurkenna að þetta er eins hér, stjörnukokkar eru oft með óhollari mat,“ segir sjónvarpskokkurinn og bakarinn **Jóhannes Felixson,** eða Jói Fel, um niðurstöður breskrar könnunar á samanburði á hollustu í tilbúnum mat í stórmörkuðum og uppskriftum stjörnukokka eins og Jamie Oliver og Nigellu Watson. „Matreiðsla í sjónvarpi er jafn mikið skemmtiefni og matreiðslukennsla. Og maturinn verður að vera góður til að fólk vilji horfa,“ segir Jói. „Ég geri bara mat sem mér finnst góður og það er númer 1, 2 og 3. Ég nota mikinn rjóma í sósur, ég nota mikið smjör því ég er að kenna fólki að gera góðan mat. Borða og njóta. Það er mitt mottó.“



### Síðustu tónleikar Einars

Tónleikarnir Hátt í Höllinni sem verða haldnir í Laugardalshöll í kvöld með mörgum af vinsælustu flytjendum Íslands verða þeir síðustu sem **Einar Bárðarson** skipuleggur áður en hann tekur við starfi forstöðumanns Höfuðborgarstofu. Einar hefur hingað til staðið í innflutningi á hinum ýmsu tónlistarmönnum, þar á meðal Elvis Costello, en þegar hann hefur gengið til liðs við Höfuðborgarstofu hættir hann öllum slíkum rekstri. Tónleikahald verður samt áfram hluti af starfi hans því skipulagning Menningarnæturtónleikanna næsta haust verður á hans könnu. **- sv, fb**



## Mest lesið vísir

1. Stjúpu Matthíasar komið í skjól – sá hættulegasti sem hefur strokið í mörg ár 6419
2. Lögeglumaður kom að manninum sárum og blóðugum á Alþingi 5552
3. Umræðum frestað eftir að maður skaðaði sig inni á Alþingi 5168
4. Tryggingarnar neituðu að borga vegna kynlífs í vinnuferð 5047





Traustir og snjallir
á góðu verði og Netið
í símanum fylgir með

**LG Optimus L3**
Þessi er með piparkökustýrikerfi. Grínlaust!
1.790 kr.
á mánuði í 12 mánuði*
Staðgreitt: 19.990 kr.
Innifalið:
Netið í símanum
í 1 mánuð
– allt að 1 GB.
1GB 3,15MP 800MHz 3.2"

**Samsung Galaxy Y**
Ómissandi í skógarhöggsferðina, léttur og nettur.
1.790 kr.
á mánuði í 12 mánuði*
Staðgreitt: 19.990 kr.
Innifalið:
Netið í símanum
í 1 mánuð
– allt að 1 GB.
290MB 2MP 830MHz 3"




Frelsi – kauptu þér inneign **þegar þér hentar**

| 50 mín | 100 mín | 300 mín |
|---|---|---|
| Mánaðarverð 990 kr. | Mánaðarverð 1.690 kr. | Mánaðarverð 3.490 kr. |
| - 50 mínútur<br>- 50 SMS<br>- 50 MB | - 100 mínútur<br>- 100 SMS<br>- 100 MB | - 300 mínútur<br>- 300 SMS<br>- 300 MB |

**Kakó og smákökur í verslunum Símans**
Upplifðu notalega jólastemningu í verslunum okkar fyrir jólin. Við bjóðum upp á rjúkandi kakó og smákökur og hjálpum þér að velja tækið og áskriftarleiðina sem hentar þér.

*Greiðslugjald 340 kr. bætist við mán.gjald.

jol.siminn.is

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM55607